

ÚTDRÁTTUR

Markmið þessa verkefnis er að gera ritaskrá um íslenskar glæpasögur frá upphafi til ársins 2010. Í skránni er safnað á einn stað íslenskum glæpasögum og greinum sem hafa verið skrifaðar um þær og höfunda þeirra.

Ritaskráin skiptist í þrjár skrár, aðalskrá, titlaskrá og höfundaskrá. Aðalskrá má skipta í tvær skrár, ritaskrá I sem inniheldur skrá um bækur sem gefnar hafa verið út og eru metnar sem glæpasögur og ritaskrá II sem inniheldur skrá yfir greinar um fyrrnefndar bækur og höfunda þeirra. Titlaskráin og höfundaskráin eru hjálparskrár, þær má nota til að flýta fyrir leit að tilteknu riti eða höfundi þess. Til að auðvelda notkun á þessari ritaskrá um íslenskar glæpasögur eru ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig hún er sett upp og hvernig er best að nota hana.

FORMÁLI

Ritaskrá þessi er metin til 12 eininga og er lokaverkefni til BA-prófs í bókasafns- og upplýsingafræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún inniheldur skrá yfir glæpasögur og greinar sem skrifaðar hafa verið um þær og höfunda þeirra. Vinna við ritaskrána hófst í janúar 2010 og lauk í apríl sama ár.

Leiðbeinandi minn í þessu verkefni var Áslaug Agnarsdóttir og færi ég henni bestu þakkir fyrir leiðsögnina. Eins vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir þolinmæði og stuðning sem hún sýndi mér meðan á vinnu við verkefnið stóð. Fyrir yfirlestur þakka ég kærri vinkonu minni Guðfinnu Auði Guðmundsdóttur. Stórt knús á ykkur öll.

Sólveig G. Jörgensdóttir
solla68@gmail.com

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR.....	1
FORMÁLI.....	2
1. INNGANGUR.....	4
2. ÖFLUN HEIMILDA.....	6
3. UPPBYGGING SKRÁARINNAR.....	6
3.1 Uppbygging á aðalskrá.....	7
3.2 Uppbygging á titlaskrá.....	11
3.3 Uppbygging á höfundaskrá.....	11
4. LOKAORÐ.....	12
5. HEIMILDIR.....	13
6. AÐALSKRÁ.....	15
6.1 Ritaskrá I.....	15
6.2 Ritaskrá II.....	75
7. TITLASKRÁ.....	175
8. HÖFUNDASKRÁ.....	189

1. INNGANGUR

Þegar leið að því að finna efni í lokaverkefni, kom fljótlega upp í hugann að gera ritaskrá um glæpasögur og það sem um þær og höfunda þeirra hefur verið skrifað. Höfundur þessa verkefnis hefur alla tíð lesið mikið og þá sérstaklega glæpasögur, bæði íslenskar og erlendar. Nærtækt var því að velja þetta efni og ákveðið var að einangra það við íslenskar glæpa-, sakamála- og spennusögur. Í verkefninu er hugtakið „íslenskar glæpasögur“ látið ná yfir öll fyrrnefnd heiti. Er það gert vegna þess að í glæpasögu er, eins og hugtakið bendir til, framinn einhver glæpur sem oft tengist einhverju sakamáli og slíkir atburðir búa til spennu.

Íslendingar hafa löngum verið taldir til bókaþjóðar, og hafa í gegnum tíðina lesið sér til yndis og ánægju. Afþreyingabækur eins og glæpasögur auka á þann lestur. En hvað er glæpasaga og hvað gerir bók að glæpasögu? Á fyrirlestri sem höfundur sótti eitt sinn var sagt að í glæpasögu ætti að vera spenna, glæpur framinn, einhver sem rannsakar málið og kemur með lausnina. Þegar leitað var að skilgreiningu á glæpasögunni var fátt um fina drætti og ekki virðist vera til nein ein skilgreining á fyrirbærinu.

Viktor Arnar Ingólfsson rithöfundur segir að það hafi löngum vafist fyrir fólki að skilgreina fyrirbærið glæpasaga (Viktor Arnar Ingólfsson, 2001). Glæpasaga er samt alltaf spennusaga sem stendur og fellur sem slík. Líkja má henni við púsluspil eða uppdrátt sem raðast upp eftir því sem lestrinum miðar áfram og lýkur sem fullgerðu myndverki (Kormákur Bragason, 2008).

Áður fyrr var talið að glæpasagan væri skör neðar í virðingastiga fagurbókmenntanna en skáldsögur almennt (Kormákur Bragason, 2008). Þegar horft er á sögu íslenskra glæpasagna sést að mjög fáar slíkar bækur voru gefnar út fyrir 1997. Eftir það virðist vegur þeirra vaxa og í dag er þessi bókmenntagrein vinsæl og lesendur margir.

Fyrsta glæpasagan sem skráð er að komið hafi út er smásagan um hinn íslenska Sherlock Holmes sem birtist í bókinni *Vornætur á Elgsheiðum* og gefin var út árið 1910. Árið 1926 kom út leynilögreglusagan *Húsið við Norðurá* og svo 50 árum síðar, 1976 og 1977 komu út *Gátan leyst* og *Margeir og spaugarinn* eftir Gunnar Gunnarsson.

Í dag eigum við marga höfunda sem skrifa glæpasögur og hafa náð langt sem slíkir úti í hinum stóra heimi. Íslenskar glæpasögur eru komnar til að vera og segir

Þórarinn Þórarinsson að þær muni elta okkur til eilífðarnóns rétt eins og syndin sjálf og getan til að fremja glæp (Glæpur, 2007).

Markmið með þessari ritaskrá er tvennskonar. Í fyrsta lagi að gera skrá um íslenskar glæpasögur frá upphafi til ársins 2010 hvort sem um er að ræða skáldsögur í fullri lengd eða smásögur. Í öðru lagi að finna sem flestar greinar sem skrifaðar hafa verið um glæpasögur og höfunda þeirra. Skráin er hugsuð sem einskonar uppflettirit fyrir þá sem vilja nálgast slíkar heimildir á einum stað. Ritaskrár eru gagnlegur kostur, þar er safnað saman á einn stað öllum upplýsingum sem finnast um ákveðið efni.

Ritgerðinni er skipt í nokkra hluta. Í fyrsta hlutanum er fjallað um hvernig og með hvaða hætti öflun heimilda fór fram. Í öðrum hlutanum er uppygging skrárinnar lýst og settar fram ítarlegar leiðbeiningar. Í þriðja hlutanum eru skráðar íslenskar glæpasögur frá upphafi til ársins 2010 og greinar sem skrifaðar hafa verið um þær og höfunda þeirra. Þessum hluta fylgja líka titlaskrá og höfundaskrá.

2. ÖFLUN HEIMILDA

Til að finna útgefnar íslenskar glæpasögur frá upphafi til okkar dags var byrjað á að leita í Gegni (Gegnir, e.d.) undir efnisorðunum: íslenskar glæpasögur, íslenskar sakamálasögur og íslenskar spennusögur. Í byrjun var leitað eftir sömu efnisorðum í leitarvélum á Internetinu (Google.is, e.d.) og við þá leit fannst heimasíða Hins íslenska glæpafélags (Hið íslenska glæpafélag, e.d.), þar var skrá sem innihélt mikinn fjölda glæpasagna. Við sömu leit fannst einnig listi yfir íslenskar sakamálasögur frá bókasafni Árborgar (bókasafn Árborgar, e.d.). Sumar sögur sem ekki voru skráðar sem glæpa-, sakamála- eða spennusögur í Gegni voru skráðar á hinum tveimur listunum sem slíkar bókmenntir og öfugt.

Með allar þessar bækur við hendina var hafist handa við að flokka og fara yfir hvort þær tilheyrðu í raun hópi íslenskra glæpasagna. Þegar yfirferð var lokið þá stóðu eftir 207 íslenskar glæpasögur sem bæði eru skáldsögur í fullri lengd og smásögur.

Til að finna greinar um höfunda íslenskra glæpasagna og greinar um verk þeirra var leitað á Gegni.is (Gegnir, e.d.) í greinasafni Morgunblaðsins (Morgunblaðið, e.d.) í leitarvélum á Internetinu (Google.is, e.d.) og í öllum blöðum sem Tímarit.is (timarit.is, e.d.) býður upp á. Ákveðið var að leita eingöngu eftir greinum, viðtölum og ritdómum um höfunda og bækur sem eru í ritaskrá I. Reynt var að finna flestar greinar sem skrifaðar hafa verið en skrá sem inniheldur slíkt efni getur aldrei orðið tæmandi miðað við stærð og magn.

3. UPPBYGGING SKRÁARINNAR

Þessi ritaskrá byggist á þremur skráum, aðalskrá, titlaskrá og höfundaskrá. Fyrst kemur aðalskrá með alls 427 færslum. Hún skiptist í tvennt, í ritaskrá I og ritaskrá II. Færslur skráarinnar eru númeraðar með hlaupandi númeraröð. Hver færsla fær eina skráningafærslu með ákveðnum upplýsingum um verkið eins og hver er höfundur þess og titill. Síðan eru tvær hjálparskrár: titlaskrá og höfundaskrá.

Í ritaskrá I má finna skráningafærslur yfir íslenskar glæpasögur frá upphafi til ársins 2010 ásamt umfjöllun um hverja bók. Í ritaskrá II má finna skráningafærslur yfir fjöldann allan af greinum sem hafa verið skrifaðar um bækurnar og höfunda þeirra.

Í titlaskrá er öllum titlum bókanna og greinanna raðað í stafrófsröð og í höfundaskrá er öllum höfundum bókanna og greinanna einnig raðað í stafrófsröð.

Eftir hverja færslu á bók og grein er umfjöllun um efnið. Til aðstoðar við gerð umfjöllunar voru vefsíður bókaforlaganna og baksíða bókanna skoðaðar ásamt bókunum sjálfum.

Hér á eftir verður hverri skrá gerð ítarlegri skil og sýnd dæmi um færslur fyrir bækur, blaða- og tímaritsgreinar ásamt útskýringum.

3.1 Uppbygging á aðalskrá

Aðalskráin inniheldur samtals 427 færslur og hún skiptist eins og áður sagði í ritaskrá I og ritaskrá II.

Í ritaskrá I eru skráðar íslenskar glæpasögur. Þar eru 207 færslur og hver færsla geymir ákveðnar upplýsingar um ritið. Til dæmis hver er höfundur þess, heiti og fleiri slíkar upplýsingar. Í skránni er höfundum raðað í stafrófsröð eftir fornafni og ef höfundur hefur skrifað fleiri en eina bók er þeim raðað eftir útgáfuári. Þannig er elsta bókin fyrst og sú nýjasta neðst, alltaf er miðað við fyrstu útgáfu bókanna. Við skráningu færslanna var stuðst við skráningargreglur bókasafna (Handbók skrásetjara Gegnis, e.d.).

Ritaskrá I inniheldur bæði glæpasögur í fullri lengd og glæpasmásögur. Þættir og atriði glæpasagna í fullri lengd eru skráð þannig að fyrst kemur númer færslu, síðan höfundur bókar og fæðingaár hans feitletrað (ef það hefur verið til á skrá). Síðan er titill, útgáfustaður, útgáfa, útgáfuár, blaðsíðufjöldi og ISBN númer bókar (ef það hefur áður verið skráð). Skráð ISBN númer er haft með til að auðvelda leit að riti. Að lokum er umfjöllun um bókina og athugasemd ef þarf. Í athugasemdum kemur fram ef aukafærsla er til dæmis á nöfn, ef taka þarf fram að höfundur skrifi undir dulnefni og ef bók er sjálfstætt framhald annarrar bókar.

Dæmi 1 um skráða færslu á glæpasögu í fullri lengd

11.

Arnaldur Indriðason 1961. Kleifarvatn. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2004. 349 s.

ISBN 9979217944

Kona sem er vatnafræðingur hjá Orkustofnun skráir vatnshæðina við Kleifarvatn. Yfirborð vatnsins hefur lækkað mikið frá því konan var við mælingar nokkru áður. Í fjörunni sem fyrr var hulin vatni finnur konan beinagrind af manni. Við beinagrindina er festur rússneskur sendibúnaður og á höfuðkúpunni sést gat eftir byssukúlu. Lögregluteymið Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli hefja rannsókn sem leiðir þau aftur í tímann til ungra íslenskra róttækra stúdenta í Leipzig á tímum kalda stríðsins. Horfast þarf í augu við gömul leyndarmál er gerðust á viðkvæmum tímum.

Dæmi 2 um skráða færslu á glæpasögu í fullri lengd þar sem athugasemd fylgir

19.

Árni Þórarinsson 1950. Hvíta kanínan. Reykjavík: JPV útgáfa, 2000. 224 s.

ISBN 9979320834

Einar blaðamaður á Síðdegisblaðinu er sendur í frí til Spánar og hann tekur dóttur sína með. Eftir nokkurra daga dvöl þar er ungri konu nauðgað og farastjóri hópsins finnst látinn í íbúð sinni. Einar tilkynnir andlátinu til lögreglu en ákveður jafnframt að skoða málið sjálfur og þá kemur ýmislegt misjafnt í ljós. Eftirgrennslan leiðir til þess að dóttur Einars er rænt og þegar fram í sækir finnur hann atriði í rannsókninni sem tengja öll þessi mál saman.

Athugasemd: Sjálfstætt framhald bókarinnar Nóttin hefur þúsund augu.

Þættir og atriði glæpasmásagna eru skráð þannig að fyrst kemur númer færslu, nafn höfundar og fæðingarár feitletrað. Síðan er blaðsíðufjöldi skráður og þar á eftir er vísun á bókina sem sagan birtist í. Að lokum er umfjöllun um efnið. Ef farið er í númerið sem vísað er á í færslunni má finna ítarlegri upplýsingar um ritið eins og útgáfustað, útgáfuár, blaðsíðutal, höfunda smásagnanna og ISBN númer bókarinnar.

Dæmi 1 um skráða færslu á glæpasmásögu

17.

Atli Ingólfsson 1962

Hleðsla

s. 76-84

Sjá Morð (126)

Maður kemur vinnuveitanda sínum fyrir kattarnef.

Dæmi 2 um skráða færslu á bók sem inniheldur glæpasmásögur.

1.

13 krimmar: Gaddakylfan. Reykjavík: Birtingur, 2009. 101 s.

ISBN 9789979991717

Athugasemd: Sögur sem unnu til verðlauna í smásagnakeppni Mannlífs og Hins íslenska Glæpafélags. Höfundar eru: Edda Jóhannsdóttir, Halldór E., Halldór Ólafsson, Haraldur Sigþórsson, Helgi Ingólfsson, Ingvi Þór Kormásson (l.sæti), Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Kristinn Ingvarsson, Lýður Árnason, Róbert Marvin Gíslason, Sigurgeir Jónsson og Ævar Rafn Björnsson.

Í ritaskrá II eru skráðar greinar um íslenskar glæpasögur sem birtast í ritaskrá I og höfunda þeirra. Skráðar færslur í ritaskrá II eru samtals 220. Hver færsla inniheldur ákveðnar upplýsingar um verkið. Til dæmis hver er höfundur þess, í hvaða tímariti greinin finnst og fleiri slíkar upplýsingar. Í upphafi ritaskrár II eru greinar sem fjalla almennt um íslenskar glæpasögur og er þeim raðað í stafrófsröð. Síðan koma greinar um og eftir höfunda glæpasagna og bækur þeirra.

Til að gera skrána einfaldari og þægilegri í notkun þá er nafn höfundar þeirrar bókar sem greinarnar fjalla um sett efst. Greinar sem fjalla um höfundinn eru settar undir nafn hans og í stafrófsröð. Síðan kemur nafn bókar og greinar sem tilheyrir henni eru settar undir í stafrófsröð. Við gerð ritaskrár II var stuðst við Gagnfræðakverið (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007) þegar heimildir voru skráðar. Gagnfræðakverið skráir heimildir eftir APA-kerfinu (American Psychological Association).

Þættir og atriði í ritaskrá II eru skráð þannig að fyrst kemur númer færslu, síðan nafn höfundar, þá útgáfuár greinar. Næst á eftir er titill greinar, svo það tímarit eða dagblað sem hún finnst í. Þegar um tímarit er að ræða þá kemur næst bindisnúmer og svo blaðsíðutal en þegar um dagblaðsgrein er að ræða þá kemur dagsetning í sviga hjá ártalinu. Þær greinar sem fundust á Internetinu, til dæmis í greinasafni mbl.is og á tímarit.is eru með netslóð aftast í færslunni.

Dæmi um færslu skráða á tímarit

367.

Viktor Arnar Ingólfsson. (2001). Þrír dagar í Mariefred: Norrænar glæpasögur og höfundar þeirra. *Tmm: Tímarit um menningu og mannlíf*, 62(3) bls. 55-63

Hér fjallar Viktor Arnar Ingólfsson um norrænar glæpasögur og höfundana sem skrifa þær. Hann byrjar á að segja frá því að honum hafi borist tölvupóstur frá Anders Hammarqvist sem sé einn af varaforsetum SKS: Skandinaviska Kriminalsällskapet. Þar sé honum boðið að koma til Svíþjóðar þar sem bók hans hafi verið tilnefnd til Glerlykilsins. En það eru verðlaun sem veitt eru fyrir bestu skandinavisku bókina. Hann ræðir síðan um hvað sé glæpasaga og hvert sé upphaf glæpasagnaritunar. Greinahöfundur fjallar líka um hverjir hafi hlotið Glerlykilinn í þessari ferð til Svíþjóðar.

Dæmi um færslu skráða á grein

Afturelding

368.

Bergsteinn Sigurðsson. (2005, 23. nóvember). Viktor sleppir ekki. *Fréttablaðið*, bls. 72. Sótt 13. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271279&pageId=3875124&lang=is&q=Viktor%20Arnar%20Ing%F3lfsson

Hér er fjallað um bókina Aftureldingu eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Sagt er frá því að hann ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Bent er á að hugmyndin um morðingja á Íslandi sé djörf og ekki auðvelt að gera hana sannfærandi. Fjallað er um söguþráð og aðalpersónur bókarinnar, sagt að erfitt sé að átta sig á þeim. Bókin er talin vera finn reyfari sem samt ekki óskeikul.

3.2 Uppbygging á titlaskrá

Í titlaskrá er skrá yfir allar bækur og greinar sem finnast í aðalskrá. Raðað er eftir stafrófsröð og aftan við hvern titil er vísað í færslunúmer hvernar færslu í aðalskrá.

Dæmi um stafrófsraðaða titlaskrá

A-Á

Að ferðast án meðvitundar	336
Að skrifa eða ekki skrifa: Aftur til fortíðar 1& 2	334

B

Bak við þögla brosið	40
Barnalán og mansal	291
Beta gengur laus (bók)	69
Beta gengur laus (grein)	293

3.3 Uppbygging á höfundaskrá

Hér má finna nöfn höfunda allra bóka og greina sem finnast í aðalskrá. Raðað er eftir stafrófsröð og aftan við hvert nafn er vísað í færslunúmer hvernar færslu í aðalskrá.

Dæmi um stafrófsraðaða höfundaskrá

A-Á

Aðalbjörg Bragadóttir	373
Aðalsteinn Ingólfsson	295, 394

B

Benedikt S. Lafleur	28
Bergsteinn Sigurðsson	308, 358, 368, 409

4. LOKAORÐ

Vinnan við þetta verkefni var skemmtileg og fræðandi. Skráin varð reyndar stærri, meira umleikis og vinnan við hana tímafrekari en höfundur átti von á. Það er einlæg ósk höfundar að ritaskráin nýtist vel sem uppflettirit öllum þeim sem vilja nálgast í einni skrá upplýsingar um bækur og greinar tengdar íslenskum glæpasögum. Það sem helst kom á óvart við gerð þessarar ritaskrár var hve fáar íslenskar glæpasögur hafa í raun verið gefnar út á Íslandi. Í gegnum tíðina hefur ein og ein slík bók slæðst með í bókaútgáfuna. Það er svo ekki fyrr en um eða eftir 1997 að aukning verður á útgáfu glæpasagna og í dag er úrvalið fjölbreytt. Höfundur vonar að sú aukning og þróun sem hefur orðið á glæpasagnamarkaðnum haldi áfram og verði til þess að fólk njóti þess að lesa vandaða glæpasögu af bestu gerð. Yndislestur er nauðsynlegur til afslöppunar og endurnæringar í hröðum heimi nútímans og með aukinni útgáfu bóka eykst slíkur lestur.

5. HEIMILDIR

Bókasafn Árborgar. (e.d.). *Íslenskar sakamálasögur*. Sótt 20. janúar 2010 af
<http://bokasafn.arborg.is/efnislistar/islenskar-sakamalasogur>

Bókatíðindi. (e.d.). *Íslensk skáldverk*. Sótt 7. febrúar 2010 af
http://bokatidindi.odd.is/listi/bokavefur/bokatidindi_listi.php

Bókmenntavefurinn. (e.d.). *Höfundar í stafrófsröð*. Sótt 22. janúar 2010 af
http://bokmenntir.is/default.asp?cat_id=1

Forlagið. (e.d.) *Spennusögur*. Sótt 24. janúar 2010 af <http://www.forlagid.is/>

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum: Heimildanotkun* (4. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gegnir.is. (e.d.) *Orðaleit*. Sótt 20. janúar 2010 af <http://gegnir.is/F?RN=969238041>

Glæpur. (2007). *Glæpur: Gaddakylfan 2007*. Reykjavík: Birtingur útgáfufélag ehf.

Google.is. (e.d.). *Google leit*. Sótt 22. janúar 2010 af
<http://www.google.is/webhp?rls=ig>

Handbók skrásetjara Gegnis. (e.d.). *Marksnið*. Sótt 25. janúar 2010 af
<http://hask.bok.hi.is/>

Hið íslenska glæpafélag. (e.d.). *Fróðleikur um íslenskar glæpasögur: Skrá yfir íslenskar glæpasögur eftir höfundum*. Sótt 23. janúar 2010 af
<http://www2.fa.is/krimi/hofundar.html>

Kormákur Bragason. (2008). Bókmenntaspjall. *Stína*, 3(2), 123-134.

Landskerfi bókasafna. (e.d.) *Í Kerfisbundinn efnisorðalykill*. Sótt 22. janúar 2010 af
<http://www.landskerfi.is/sja.php?id=2000>

Morgunblaðið. (e.d.). *Greinasafn*. Sótt febrúar 12. mars 2010

<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/>

Skrúdda. (e.d.) *Bækur*. Sótt 26 janúar 2010 af <http://skrudda.is/baekurAr.aspx?ar=allar>

Tímarit.is. (e.d.) *Leit*. Sótt 12. febrúar 2010 af <http://timarit.is/>

Veröld.is. (e.d.). *Bækur*. Sótt 1. mars 2010 af <http://www.verold.is/?i=110>

Viktor Arnar Ingólfsson rithöfundur. (e.d.). *Bækur og tenglar*. Sótt 27. janúar 2010 af

<http://www.mmedia.is/~vai/>

Viktor Arnar Ingólfsson. (2001). Þrjú dagar í Mariefred: Norrænar glæpasögur og höfundar þeirra. *Tmm: Tímarit um menningu og mannlíf*, 62(3) bls. 55-63.

6. Aðalskrá

Ritaskrá I

1.

13 krimmar: Gaddakylfan. Reykjavík: Birtingur, 2009. 101 s.

ISBN 9789979991717

Athugasemd: Sögur sem unnu til verðlauna í smásagnakeppni Mannlífs og Hins íslenska Glæpafélags. Höfundar eru: Edda Jóhannsdóttir, Halldór E., Halldór Ólafsson, Haraldur Sigbórsson, Helgi Ingólfsson, Ingvi Þór Kormáksson (1.sæti), Íris Ösp Ingjaldsdóttir, Kristinn Ingvarsson, Lýður Árnason, Róbert Marvin Gíslason, Sigurgeir Jónsson og Ævar Rafn Björnsson.

2.

Auður A. Hafsteinsdóttir 1962. Sýnir. s. 58-67. Sjá Glæpur (66)

Lögreglumaður hverfur og til að má út öll spor heldur morðinginn veglega veislu.

3.

Arnaldur Indriðason 1961. Sýnir duftsins. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 1997. 294 s.

ISBN 9979212772

Hér er sagt frá geðsjúkum manni sem fyrirfer sér með því að stökkva út um glugga á geðsjúkrahúsi. Á sama tíma brennur inni eldri kennari þegar kveikt er í heimili hans. Sumum finnst kennarinn eiga skilið þessa meðferð vegna háttalags sem á flestum stöðum er ekki liðið. Þessi tvö mál tengjast og kemur í ljós að þau tengjast líka lyfjatíraunum á börnum. Rannsóknarmennirnir Erlendur og Sigurður Óli rannsaka þessi tengdu mál.

4.

Arnaldur Indriðason 1961. Dauðarósir. Reykjavík: Vaka–Helgafell, 1998. 255 s.
ISBN 9979213450

Hér er sagt frá því er ungt fólk sem er að koma frá því að skemmta sér finnur lík af ungru stúlku á leiði Jóns Sigurðssonar í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Ekkert er vitað um stúlkuna en rannsóknarlögreglumadurinn Erlendur kemst á sporið þegar Eva dóttir hans hringir og segir að vinkona hennar kannist við hina látnu. Þegar farið er að spyrjast fyrir kemur í ljós að eiturlyf og vændi spila stóran þátt málinu.

5.

Arnaldur Indriðason 1961. Napóleonskjölin. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 1999. 278 s.
ISBN 9979214376

Árið 1945, við lok seinni heimstyrjaldarinnar ferst herflugvél á Vatnajökli. Í farangri vélarinnar er meðal annars gull og verðmæt skjöl frá Þjóðverjum. Um það bil 50 árum síðar finnst flugvélabrakið og þá þarf að koma hinum farminum í réttar hendur. Sérsvait hersins á Miðnesheiði og björgunarsveitir fara á vettvang en rannsóknin er öll hin leynilegasta og reynt er að halda sem flestum utan við hana. Lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu heyrir af málinu frá bróður sínum í björgunarsveitinni og ákveður að hefja rannsókn þar sem hún leggur líf sitt að veði.

6.

Arnaldur Indriðason 1961. Sjá Leynardómar Reykavíkur (119)

7.

Arnaldur Indriðason 1961. Mýrin. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2000. 280 s.

ISBN 9979214988

Eldri maður finnst myrtur á heimili sínu í Norðurmýrinni. Þar finnst ljósmynd sem kemur Rannsóknarlögreglumönnum Erlendi, Elínborgu og Sigurði Óla á sporið. Nokkru áður en maðurinn var myrtur lést lítil stúlka af völdum heilaæxlis. Við rannsókn úr krufningu kemur í ljós að æxlið er af völdum erfðasjúkdóms. Ekki er vitað til að slíkur sjúkdómur sé í ætt fjölskyldunnar. Faðir stúlkunnar vinnur hjá erfðarannsóknarfyrirtæki. Hann notfærir sér aðstöðu sína og athugar hvers vegna dóttir hans fékk þennan sjúkdóm. Rannsókn lögreglunnar leiðir í ljós að fyrir langa löngu átti sér stað harmleikur sem dregið hefur dilk á eftir sér.

8.

Arnaldur Indriðason 1961. Grafarþögn. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2001. 295 s.

ISBN 9979215755

Sagan hefst á því að strákur finnur mannabein í húsagrunni í Grafarholti. Það verður til þess að lögreglumennirnir Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli hefja rannsókn á því af hverjum beinin eru. Til að komast að því verða þau að finna út hverjir bjuggu í húsinu þar sem beinin fundust í kringum seinni heimstýrjöldina. Meðan verið er að rannsaka málið kemur smátt og smátt í ljós að heimilisofbeldi, harmur og eynd hefur ríkt hjá fjölskyldunni sem þar bjó og haft áhrif á hvernig fór.

9.

Arnaldur Indriðason 1961. Röddin. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2002. 330 s.

ISBN 9979216409

Hér hefst sagan á því að lík af manni finnst á hóteli. Þegar maðurinn, sem unnið hafði í langan tíma á hótelinu, finnst er hann klæddur í jólasveinabúning og með buxurnar á hælunum. Lögreglumennirnir Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli rannsaka þetta mál. Í ljós kemur að maðurinn var þekktur sem barn fyrir fallega söngródd en þegar rödd hans fór í mútur varð draumur um frægð að engu. Þetta atvik setti mark sitt á líf og hegðun mannsins. Í rannsókninni kemur í ljós að maðurinn var barnaníðingur og margir sem þar afleiðandi áttu harms að hefna.

10.

Arnaldur Indriðason 1961. Bettý. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2003. 215 s.

ISBN 997921712X

Ungur lögfræðingur heldur fyrirlestur á ráðstefnu. Þangað kemur falleg kona og gefur sig á tal við lögfræðinginn. Konan vill fá hann í vinnu fyrir manninn sinn. Sá á útgerðarfyrirtæki fyrir norðan. Ekki líður á löngu þar til Bettý og ungi lögfræðingurinn hefja ástarsamband sem gerir hlutina flókna og erfiða. Kynhneigð fólks kemur við sögu en ekki er allt sem sýnist og áður en hinn ungi lögfræðingur veit af situr hann í gæsluvarðhaldi grunaður um morð.

11.

Arnaldur Indriðason 1961. Kleifarvatn. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2004. 349 s.

ISBN 9979217944

Kona sem er vatnafræðingur hjá Orkustofnun skráir vatnshæðina við Kleifarvatn. Yfirborð vatnsins hefur lækkað mikið frá því konan var við mælingar nokkru áður. Í fjörunni sem fyrr var hulin vatni finnur konan beinagrind af manni. Við beinagrindina er festur rússneskur sendibúnaður og á höfuðkúpunni sést gat eftir byssukúlu. Lögregluteymið Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli hefja rannsókn sem leiðir þau aftur í tímann til ungra íslenskra róttækra stúdenta í Leipzig á tímum kalda stríðsins. Horfast þarf í augu við gömul leyndarmál er gerðust á viðkvæmum tímum.

12.

Arnaldur Indriðason 1961. Vetrarborgin. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2005. 333 s.
ISBN 9979218908

Hér er hið viðkvæma málefni kynþáttafordómar reifað. Ungur drengur finnst látinn fyrir utan blokk í Reykjavík, grunur leikur á að hann hafi verið myrtur. Drengurinn var ekki af íslensku bergi brotinn og margt bendir til þess að kynþáttafordómar hafi komið við sögu. Lögreglumennirnir Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli rannsaka málið og margt miður fallett kemur í ljós um hvernig félagslegar aðstæður innflytjenda eru. Horft er til viðhorfs, framkomu og álits Íslendinga á fólki af erlendum uppruna.

13.

Arnaldur Indriðason 1961. Konungsbók. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2006.
363 s.
ISBN 9979219742

Á miðri síðustu öld leita íslenskur námsmaður í handritagerð í Kaupmannahöfn og kennari hans sem er prófessor við Kaupmannahafnarháskóla að Konungsbók. Kennarinn hefur verið að skoða Konungsbók eddukvæða í langan tíma. Ritið er eitt merkasta handrit íslenskra fornrita og mjög verðmætt. Þeir félagar leita að ritinu víða meðal annars í Evrópu. Eltingaleikurinn leiðir þá til Íslands á heimaslóðir Snorra Sturlusonar Reykholt. Á eftir þeim er flokkur manna sem gerir allt til að komast yfir handritið.

14.

Arnaldur Indriðason 1961. Harðskafi. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2007. 295 s.

ISBN 9789979220657

Lögreglumaðurinn Erlendur rannsakar mál konu sem finnst hengd í sumarbústað sínum á Þingvöllum. Við rannsókn málsins kemst hann að því að konan hafði mikinn áhuga á andlegum málefnum. Rétt fyrir dauða sinn fór hún á miðilsfund og eru til upptökur af þeim fundi. Þegar Erlendur fær upptökurnar í hendur þá finnst honum hann þurfa að kynna sér sögu konunnar og komast að því af hverju og hvernig sviplegt andlát hennar bar að. Inn í söguna fléttast svo önnur mál af horfnu fólki en slík mál eru Erlendi hugleikinn. Ástæða þess er sú að þegar hann var lítill týndist bróðir hans upp á heiði og fannst aldrei.

15.

Arnaldur Indriðason 1961. Myrká. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2008. 294 s.

ISBN 9789979220862

Í Þingholtunum finnst ungur maður myrtur. Í vasa hans finnst nauðgunarlyfið Rohypnol og undir rúmi kvenmannssjal sem angar af kryddinu tandoori. Hinn myrti var afar ógeðfelldur persónuleiki og hafði það að leik sínum að nauðga konum. Til þess notaði hann Rohypnol sem gerir það að verkum að fórnarlambið man lítið eða ekkert hvað fram fer. Í ljós kemur að hinum myrta var sjálfum byrjað eitrið Rohypnol áður en hann var drepinn. Rannsóknarlögreglukonan Elínborg heldur utan um þessa rannsókn þar sem margir eiga harms að hefna.

16.

Arnaldur Indriðason 1961. Svörtulöft. Reykjavík: Vaka – Helgafell, 2009. 326 s.

ISBN 9789979221043

Lögreglumaður Sigurður Óli horfir á meðan kona sem sökuð er um fjárkúgun er barin til dauða. Hann nær ekki að grípa inn í fyrr en of seint og er í raun heppinn að hafa ekki verið drepinn sjálfur. Hópur fólks fer saman í ferð á Snæfellsnes. Þegar þangað er komið verða fjórir menn viðskila við hópinn. Þrír snúa til baka en ekki er vitað um afdrif þess fjórða. Rannsóknarlögreglumaðurinn Sigurður Óli sér um rannsóknina á þessum málum sem eru stór, flókin og berast víða auk þess sem inn í þau fléttast mörg önnur mál sem tengjast morðunum á einhvern hátt. Það flækir rannsóknina að í öðru málinu á einn af vinum Sigurðar Óla í hlut. Efnahagsástand íslensku þjóðarinnar og álagið sem það skapar hjá fólkinu í landinu endurspeglast í sögunni.

17.

Atli Ingólfsson 1962. Hleðsla. s. 76-84. Sjá Morð (126)

Maður kemur vinnuveitanda sínum fyrir kattarnef.

18.

Árni Þórarinnsson 1950. Nóttin hefur þúsund augu. Reykjavík: Mál og menning, 1998.

202 s.

ISBN 997931771X

Gestur á flughóteli finnst látinn og er talið að hann hafi verið myrtur. Aðkoman er óhugnanleg og lögreglan sem er að hefja frumrannsókn málsins skoðar aðstæður vel og vandlega. Hér fylgjumst við með Einari blaðamanni hjá Síðdegisblaðinu sem er alltaf fyrstur með fréttirnar. Hann rannsakar þetta flókna mál og honum liggur á að finna lausn.

19.

Árni Þórarinsson 1950. Hvíta kanínan. Reykjavík: JPV útgáfa, 2000. 224 s.

ISBN 9979320834

Einar blaðamaður á Síðdegisblaðinu er sendur í frí til Spánar og hann tekur dóttur sína með. Eftir nokkurra daga dvöl þar er ungri konu nauðgað og farastjóri hópsins finnst látinn í íbúð sinni. Einar tilkynnir andlátið til lögreglu en ákveður jafnframt að skoða málið sjálfur og þá kemur ýmislegt misjafnt í ljós. Eftirgrennslan leiðir til þess að dóttur Einars er rænt og þegar fram í sækir finnur hann atriði í rannsókninni sem tengja öll þessi mál saman.

Athugasemd: Sjálfstætt framhald bókarinnar Nóttin hefur þúsund augu.

20.

Árni Þórarinsson 1950. Sjá Leynardóma Reykjavíkur (119)

21.

Árni Þórarinsson 1950. Blátt tungl. Reykjavík: JPV útgáfa, 2001. 236 s.

ISBN 9979322268

Hér er sagt frá Einari blaðamanni á Síðdegisblaðinu og Gunnsu dóttur hans sem eru á leið í jólamat til foreldra Einars. Þegar hann er að hafa sig til heyrir hann tilkynningu í útvarpinu þar sem lýst er eftir ungri konu. Tilkynningin snertir Einar en hann hafði afskipti af konunni í einu af málunum sem hann rannsakaði fyrir blaðið auk þess sem hún tengist honum líka á annan hátt. Einar tekur að rannsaka málið sem er flókið og dularfullt.

Athugasemd: Sjálfstætt framhald bókana Nóttin hefur þúsund augu og Hvíta kanínan.

22.

Árni Þórarinsson 1950. Í upphafi var morðið. Reykjavík: JPV útgáfa, 2002. 268 s.
ISBN 9979323582

Miðaldra kona er myrt í Reykjavík. Rannsóknarlögreglumaðurinn Kristinn Haukur rannsakar þetta mál sem virðist vera algjör ráðgáta til að byrja með. Smátt og smátt kemur í ljós að örlög og löngu liðnir atburðir hafa leitt til dauða konunnar.

23.

Árni Þórarinsson 1950. Tími nornarinnar. Reykjavík: JPV útgáfa, 2005. 384 s.
ISBN 9979791152

Kona frá Akureyri fellur útbyrðis í fljótasiglingu og lætur lífið. Einar blaðamaður á Síðdegisblaðinu reynir eins og alltaf að vera fyrstur með fréttirnar og þarf því að byrja rannsókn sem fyrst. Móðir konunnar, sem árangurslaust hefur reynt að leita til lögreglunnar snýr sér til Einars og segir honum að dóttir sín hafi verið myrt. Stuttu seinna finnst ungur menntaskólanemi látinn og nú hitnar heldur betur í kolunum hjá Einari blaðamanni.

24.

Árni Þórarinsson 1950. Farþeginn. Reykjavík: JPV útgáfa, 2006. 238 s.
ISBN 9979798173

Arnar tekur að sér að aka leigubíl fyrir frænda sinn til að koma lífi sínu og fjármálum á hreint. Á nýársdag tekur hann farþega upp í bílinn og við það snýst tilvera hans á hvolf. Arnar keyrir manninn á marga áfangastaði og síðast austur á Þingvöll að hótél Valhöll. Þar gerast ýmsir atburðir og áður en Arnar veit af er hann grunaður um morð. Til að komast úr ógöngunum verður hann að leysa málið á eigin spýtur.

25.

Árni Þórarinnsson 1950. Dauði trúðsins 2007. Reykjavík: JPV útgáfa, 2007. 391 s.
ISBN 9789979656012

Gleði og glaumur verslunarmannahelgarinnar breytist í hryllingsmynd þegar ung stúlka finnst myrt í gömlu húsi á Akureyri. Stuttu seinna deyr önnur kona í Reykjavík. Spámiðill með skilaboð og ýmsar upplýsingar um málin hefur samband við lögregluna og vill aðstoða við leitina. Lögreglan ásamt Einar blaðamanni hefja rannsókn á málinu.

26.

Árni Þórarinnsson 1950. Sjöundi sonurinn. Reykjavík: JPV útgáfa, 2008. 376 s.
ISBN 9789935110084

Eldur kviknar í gömlu húsi á Ísafirði og leikur grunur á íkveikju. Einar blaðamaður á Síðdegisblaðinu er sendur vestur til að rannsaka málið. Um svipað leyti er húsbíl stolið frá erlendum fréttamönnum og finnst síðan með tvö lík innanborðs. Lögreglan hefur rannsókn á málinu ásamt Einar blaðamanni. Í ljós kemur að græðgi og firring fólks á hér hlut að máli.

27.

Ásdís Herborg Ólafsdóttir 1959. Málverk. s. 50-57. Sjá Morð (126)

Kona pantar mynd af sér hjá sérvitrum listmálara og myndin segir allt sem segja þarf.

28.

Benedikt S. Lafleur 1965. Brotlending. Reykjavík: Lafleur, 2005. 207 s.
ISBN 9979973226

Jóni Sigurðssyni nema í heimspeki við Háskóla Íslands bregður í brún þegar tveggja hreyfla flugvél hrapar inn í stofu til hans. Í vélinni eru tveir menn og ein kona sem öll látast við brotlendinguna. Jón finnur út að konan er fyrrverandi kærasta hans sem á þessum árstíma er vön að vera á skíðum í Austurríki. Jón ákveður að hringja ekki strax á lögregluna heldur byrja á því að rannsaka málið sjálfur.

Athugasemd: Þriðja sjálfstæða bindið í ritröð sem heitir Fantasíur og ljóðmyndir.

29.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Inga - opinská lífsreynslusaga ungrar stúlku.

Akureyri: Skjaldborg, 1983. 191 s.

ISBN (númer óskráð)

Inga er ung kona sem býr í sjávarplássi á Suðurlandi. Hún á kærasta sem heitir Ásgeir og lífið leikur við hana. Á dansleik verður hún ástfangin af öðrum manni sem heitir Hallur. Hann er ekki sá sem hann sýnist vera og eftir erfiða sambúð fer Inga aftur á heimaslóðir. Hún endurnýjar kynnin við Ásgeir og heldur að allt sé að falla í ljúfa löð þegar lögreglan handekur Ásgeir fyrir morð á Halli.

30.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Háski á Hveravöllum. Akureyri: Skjaldborg, 1984.

186 s.

ISBN (númer óskráð)

Kristín, ung blaðakona slasast alvarlega á Hveravöllum þegar hún er að vinna þar að sérstöku verkefni. Marta, sem líka er blaðakona fer til Hveravalla til að skoða málið. Þegar þangað er komið kemur ýmislegt gruggugt í ljós. Marta verður ástfangin af giftum manni og það á eftir að hafa ískeyggilegar afleiðingar í för með sér.

31.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Gættu þín Helga. Akureyri: Skjaldborg, 1985. 182 s.

ISBN (númer óskráð)

Helga sem er 18 ára, fær að dvelja hjá fólki sem hún var mikið hjá þegar hún var lítil. Hún þarf tíma til að jafna sig eftir slys sem hún lenti í ásamt kærasta sínum þar sem hún skarst hún illa í framan. Kærastinn ákveður að segja skilið við hana þegar hann sér hvað hún er mikið sködduð. Þegar kærastinn birtist aftur og vill endurnýja kynni þeirra er alveg víst að hann hefur ekkert gott í hyggju.

32.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Í greipum elds og ótta. Akureyri: Skjaldborg, 1986.

176 s.

ISBN (númer óskráð)

Tómas hefur beðið Rósu að giftast sér. Þegar þau eru gift fær Rósa símhringingu þar sem rödd segir við hana að hún muni deyja. Um nóttina kviknar í húsinu en Rósa bjargast ásamt syni sínum. Tómas maður hennar er ekki heima þessa nótt. Lögreglan kemur svo að máli við Rósu og segir henni að grunur leiki á íkveikju. Hefst nú spennandi og óvænt atburðarás.

33.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Áttunda fórnarlambið. Akureyri: Skjaldborg, 1987.

235 s.

ISBN (númer óskráð)

Tinna fær tilkynningu um að Svala systir hennar hafi orðið fyrir hrottalegri nauðgun. Hún er ein af mörgum fórnarlömbum nauðgara sem villir á sér heimildir. Hún er samt heppin því hin fórnarlömbin lifðu ekki af. Lögreglan rannsakar málið og telur víst að um mjög andlega brenglaðan mann sé að ræða. Þar sem nauðgarinn lauk ekki ætlunarverki sínu er Svala enn í hættu og jafnvel Tinna líka.

34.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Dagar hefndarinnar. Reykjavík: Skjaldborg, 1988.

173 s.

ISBN (númer óskráð)

Rúna og Kristinn hafa búið saman í tvö ár. Hún stundar nám í viðskiptafræði, vinnur með náminu og allt virðist ganga henni í haginn. En þetta er ekki sú framtíð sem Rúna óskar sér. Hún hættir í náminu og skilur við Kristinn og ákveður að flytja út á land. Þar ræður hún sig til að sjá um litla bókabúð og kynnist nýjum manni en ógnin er nærri og eitthvað hræðilegt er við það að gerast.

35.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Sekur flýr, þó enginn elti. Reykjavík: Skjaldborg, 1989. 160 s.

ISBN (númer óskráð)

Í fjörunni á Sjávarbakka finnst maður látinn. Þegar Stella föðursystir mannsins heyrir af andlátinu verður hún alveg miður sín. Hann hafði aldrei gert öðrum mein, var vænn og góður maður. Skyndilega er Stella orðin hluti af atburðarás sem hún þekkir ekki. Líf hennar er í hættu og hún þarf að gæta sín.

36.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Myrkraverk í miðbænum. Reykjavík: Skjaldborg, 1990. 165 s.

ISBN (númer óskráð)

Hér er sagt frá því að ung kona sem heitir Sara er nýbúin að fá vinnu sem ritari hjá Heildverslun Elísu. Ekki skemmir fyrir að sonur konunnar sem á Heildverslunina er mjög myndarlegur. En eitthvað dularfullt er í gangi í fyrirtækinu. Sara ætlar sér að komast að sannleika málsins.

37.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Klækir kamelljónsins. Reykjavík: Skjaldborg, 1991. 157 s.

ISBN 9979570113

Maður sem kallaður er Kamelljónið er illgjarn og stórhættulegur. Hann er valdur að mörgum hræðilegum glæpum. Hann verður til þess að Selma og Sigurður missa foreldra sína ung í slysi. Hann ætlar að ganga frá þeim líka en eitthvað truflar hann. Mörgum árum síðar reynir hann að fullkomna glæpinn. Lögreglan rannsakar málið en erfitt reynist að hafa hendur í hári Kamelljónsins.

38.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Dætur regnbogans. Reykjavík: Skjaldborg, 1992. 330 s.

ISBN 9979571012

Margrét á að giftst sýslumanninum í sveitinni sem hún elst upp í og það líst henni alls ekki á. Hann er ekill og miklu eldri en hún sem er aðeins 16 ára. Þegar kveikt er í heimili þeirra lætur sýslumaðurinn lífið en Margrét lifir af. Nauðganir og morð verða til þess að leggja þarf gildru fyrir ódæðismanninn og sanna að hann sé sá seki.

39.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Örlagadansinn. Reykjavík: Skjaldborg, 1993. 168 s.

ISBN 997957156x

Maður er myrtur, en hann hefur hótað að segja lögreglu frá eiturfjasmugli hóps sem kallar sig fuglafélagið. Hópurinn hefur oft verið grunaður um ýmis glæpaverk en aldrei hefur verið hægt að sanna neitt á hann. Harpa dóttir mannsins, er í mikilli hættu þar sem hún sá ódæðismennina drepa föður sinn. Hús þeirra er vaktað af lögreglu ef morðingjarnir koma aftur.

40.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Bak við þögla brosið. Reykjavík: Skjaldborg, 1994.

157 s.

ISBN 9979572167

Ung kona hleypur inn í húsasund og felur sig þar. Á eftir henni er Ottó kærasti hennar og vinir hans sem ætla að aðstoða Ottó við að nauðga eða jafnvel drepa ungu konuna. Þegar hún kemst heim til sín kallar móðir hennar á lögregluna sem rannsakar málið. Systir konunnar hverfur og þegar málið er skoðað er hægt að rekja hvarfið til óhugnanlegra atburða sem hún varð fyrir í æsku.

41.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Andlit öfundar. Reykjavík: Skjaldborg, 1995. 200 s.
ISBN 9979572574

Jóhanna er ung, skyggn kona. Hún sér sýnir sem hún vill helst vera laus við. Dag einn sér hún sýn þar sem lítil stelpa hleypur eftir bryggju og á eftir henni maður. Næsta sem hún sér er að stelpan dettur fram af bryggjunni og út í sjó. Maðurinn, flýr laumulega af vettvangi. Jóhanna getur staðsett hvar atburðurinn gerist og mætir á staðinn rétt í tæka tíð til að bjarga litlu stelpunni. Með rannsókn málsins fer Halldór Ásgrímsson lögreglumaður. Það sem Jóhönnu órar ekki fyrir er að með þessu flækist hún í stórfellt sakamál þar sem menn svífast einskis.

42.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Ofsótt. Reykjavík: Skjaldborg, 1996. 203 s.
ISBN 9979572981

Jóhann Árnason lögreglumaður er á leið norður í Skagafjörð á sveitabæ þar. Þar ætlar hann að rannsaka atburði sem fólkíð á bænum hefur orðið fyrir. Fyrst varð heimilisfólkið fyrir smá óhöppum sem svo urðu sífellt alvarlegri. Á leiðinni norður lendir Jóhann í alvarlegu bílslysi. Andrea dóttir hans sem er búsett erlendis er kölluð heim. Hún hefur oft aðstoðað föður sinn við rannsókn mála. Hún heimsækir fólkíð á sveitabænum og sér þá að mikil alvara er á ferðum. Í ljós kemur að fortíðarleýndarmál og önnur óuppgerð mál koma þar við sögu.

43.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Renus í hjarta. Reykjavík: Skjaldborg, 1998. 158 s.
ISBN 9979574046

Hjá FBI starfar íslenskur maður að nafni Sigurður. Hann var í kringum tvítugt þegar yngsta systir hans dó. Talið var að um sjálfsmorð væri að ræða en Sigurður er ekki á sama máli. Hann telur samtökin Rauðu skykkjuna, sem er alþjóðlegur eiturfjáhringur, hafa komið að málinu. Nú er maður frá samtökunum kominn til Íslands og hefur Sigurður lengi leitað hans. Maðurinn hefur þegar myrt einn mann og hann þarf að stöðva strax.

44.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Eftirleikur. Reykjavík: Skjaldborg, 1999. 166 s.
ISBN 9979574550

Fyrir 10 árum síðan var maður sakaður af mági sínum um að misnota systurdætur sínar. Eftir atburðinn hvarf maðurinn og þrátt fyrir mikla leit hefur ekkert til hans spurst. Eiginkona hans býr á afskekktum stað úti á landi og hefur reynt að jafna sig á þessum hræðilegu atburðum. En allt var á misskilningi byggt og lausn gátunnar kemur á óvart.

45.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Sjá Leynardómar Reykjavíkur (119)

46.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Fótspor hins illa. Reykjavík: Skjaldborg, 2000. 184 s.
ISBN 9979574828

Í Englandi býr ung kona af íslenskum ættum. Hún flutti þangað með foreldrum sínum sem lítið barn. Þar unir hún vel við sitt en svo deyja foreldrar hennar og frænka á vofveiflegan hátt . Um svipað leyti kemur til hennar maður frá fíkniefnalögreglunni í Reykjavík og tilkynnir henni lát systur hennar. Ungu stúlkunni bregður vitanlega í brún því hún stóð í þeirri meiningu að systir hennar væri löngu látin. Stúlkan snýr til Íslands og kemst að því að eitthvað gruggugt er á seyði.

47.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Játning. Reykjavík: Skjaldborg, 2001. 219 s.
ISBN 9979574984

Ung kona sem býr erlendis fær tilkynningu um að systir hennar sé látin. Talið er að hún hafi svipt sig lífi. Unga konan á bággt með að trúa því að um sjálfsmorð sé að ræða. Hún ákveður því að hefja rannsókn á málinu.

48.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Tafl fyrir fjóra. Reykjavík: Skjaldborg, 2002. 173 s.
ISBN 9979575417

Rannsókn á morðmáli sem hófst á Sandeyri er að ljúka og lögreglukonan Anna er send þangað til að binda endi á það. Anna ólst upp á Sandeyri og á ekki góðar minningar þaðan. Þegar hún var unglíngur var henni nauðgað og býr maðurinn enn á staðnum. Um leið og Anna hnýtir lausa enda í morðmálinu þarf hún að kljást við sín eigin mál.

49.

Birgitta H. Halldórsdóttir 1959. Óþekkta konan. Reykjavík: Skjaldborg, 2004. 191 s.
ISBN 9979575662

Eldri kona finnst látin í íbúð sinni og um svipað leyti finnst súludansmær myrt við hús í Grafarvogi. Lögreglukonan Anna rannsakar þetta mál og í ljós koma atriði sem tengja þessar tvær konur saman.

50.

Birgitte Bjarnason. Syndajátningin. s. 96-100.
Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Ungur piltur hrífst af stúlku sem afgangur í sjoppu. Þegar hún gerir grín að honum hleypur hann út án þess að borga fyrir vöruna.

51.

Daði Guðjónsson. Getnaðarvörnin. s. 68-74. Sjá Glæpur (66)

Meintur barnaníðingur geldur fyrir gjörðir sínar.

52.

Dagur Gunnarsson. Myndhöggvarinn. s. 25-33. Sjá Glæpur (66)

Myndlistarkona ákveður að taka málin í sínar hendur þegar eiginmaður hennar ætlar frá henni.

53.

Darri Johansen. Afmæli. s. 64-68. Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Maður býður gömlum vinnufélaga sínum í stórafmæli. Þegar vinnufélaginn kveður segist afmælisbarnið ætla að drepa hann. Sumt er alls ekki hægt að sjá fyrir.

54.

Darri Johansen. Rafmagnsleysi. s. 120-123.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Í skjóli myrkurs fremur ungur maður hræðilegan glæp.

55.

Eiríkur Brynjólfsson. Mikligarður. s. 81-108. Sjá Smá glæpir og morð (147)

Maður er myrtur á hótélbar. Lögreglan á staðnum rannsakar málið og tengir það við eldra mál.

56.

Edda Jóhannsdóttir. Helvítis vetrarsól. s. 26-34. Sjá 13 krimmar (1)

Þegar vetrarsólin skín breytist kona ein í morðingja.

57.

Elías Snæland Jónsson. Rúnagaldur. Reykjavík: Skrudda, 2009. 313 s.

ISBN 9789979655534

Eldri maður fremur sjálfsmorð klæddur í nasistabúning. Taska sem finnst hjá manningnum inniheldur meðal annars bók sem hann hefur skrifað á rúnadulmáli. Sonardóttir mannsins, þekkt fjölmiðlakona, einbeitir sér að því að þýða dulmálið og komast að sannleikanum um fortíð afa síns. En það eru fleiri sem ágirnast bókina og leyndarmálið sem hún geymir.

58.

Erlendur Jónsson 1929. Skugginn af svartri flugu. Reykjavík: Smáragil, 2002. 190 s.
ISBN 9979607386

Á vinnustað einum er manni sagt að taka sig taki og stilla drykkjunni í hóf ella verði að segja honum upp. Dag einn fer maðurinn heim til vinar síns og finnur hann þar myrtann. Í stað þess að hringja í lögreglu hringir maðurinn í annan vin sinn. Þeir taka til sinna ráða og láta líta út fyrir að um venjulegan dauðdaga sé að ræða, en hlutirnir eru ekki alveg svona einfaldir.

59.

Eyrún Ýr Tryggvadóttir 1978. Fimmta barnið. Reykjavík: Salka, 2009. 291 s.
ISBN 9789979650973

Lík ungabarns finnst í frystikistu. Blaðamaðurinn Andrea dregst inn í þetta voðalega mál og hefur rannsókn á því sem á eftir að leiða hana víða og að staðreyndum málsins.

60.

Eyrún Ýr Tryggvadóttir 1978. Hvar er systir mín? Reykjavík: Salka, 2008. 253 s.
ISBN 9789979650591

Andrea er ung kona sem býr í Kaupmannahöfn. Hún fær þær fréttir að systir hennar og frænka séu horfnar. Andrea ákveður að fara til Íslands og leita þeirra. Þegar böndin berast að henni sjálfri byrjar hún að rannsaka málið til að sanna sakleysi sitt.

61.

Eyrún Ýr Tryggvadóttir 1978. Annað tækifæri. Kópavogur: PublishIslandica, 2004.
163 s.
ISBN 1413722210

Ung kona ólst upp út á landi og á þaðan hræðilegar minningar sem hún reynir að gleyma til halda áfram með líf sitt. Vegna vinnu sinnar neyðist hún hinsvegar til að snúa aftur á heimaslóðir og er um leið komin í mikla hættu. Áður en langt um líður situr morðingi um ungu konuna og hún þarf að grípa til sinna ráða.

62.

Fritz Már Jörgensson 1961. Þrír dagar í október. Reykjavík: Skjaldborg, 2007

204 s.

ISBN 9789979576327

Kona finnst látin við Þjóðarbókhöðuna. Á svipuðum tíma hverfur önnur kona skyndilega. Rannsóknarlögreglumennirnir Jónas, Margrét, Hallur og Addi rannsaka bæði málin og athuga hvort þau tengist. Hægt og sígandi færast rannsóknin áfram og þegar kemur í ljós hver stendur að baki hvörfunum færast alvara í leikinn.

63.

Fritz Már Jörgensson 1961. Grunnar grafir. Reykjavík: Skjaldborg, 2007. 237 s.

ISBN 9789979576464

Ungur maður situr um konur á skemmtistöðum og laumar nauðgunarlyfi í glös þeirra. Hann fer síðan með þær heim til sín, heldur þeim þar föngrum og lætur draumóra sína ráða för. Rannsóknarögregluteymið Hallur, Addi, Jónas og Margrét fá þetta erfiða mál inn á borð til sín. Þau þurfa að hafa sig öll við til að finna lausn þess og um leið að fást við önnur verkefni.

64.

Fritz Már Jörgensson 1961. Kalt vor. [S.I.]: Brunnur, 2008. 276 s.

ISBN 9789979705345

Brunnið lík finnst í húsagrunni í miðri Reykjavík. Líkið er illa farið og erfiðlega gengur að bera kennsl á hinn látna. Kona saksóknara í fíkniefnalögreglunni hverfur og enginn veit hvað af henni hefur orðið. Rannsóknarlögreglumennirnir Addi, Hallur, Jónas og Margrét rannsaka málin sem tengjast jafnframt öðrum málum.

65.

Fritz Már Jörgensson 1961. Síbería. [Reykjavík]: Sögur, 2009. 230 s.

ISBN 9789979992967

Eins og margir aðrir í þjóðfélaginu er ungur maður atvinnulaus og neyðist til að fara austur í Flóa til að vinna. Hann skilur konuna sína og barn eftir í bænum og það hefur alvarlegar afleiðingar. Þegar austur er komið lendir maðurinn í slysi, sem þarf að athuga nánar. Á svipuðum tíma finnst eiturlyfjasali myrtur í íbúð í Reykjavík. Rannsóknarlögreglumennirnir Addi, Hallur, Jónas og Margrét rannsaka málin tvö og allt sem tengist þeim.

66.

Glæpur: Gaddakylfan 2007. [Reykjavík]: Birtíngur, 2007. 103 s.

ISBN 9789979981015

Athugasemd: Verðlaunasögur Mannlífs og hins íslenska glæpafélags. Höfundar eru: Auður A. Hafsteinsdóttir, Daði Guðjónsson, Dagur Gunnarsson, Hilmar Örn Óskarsson, Jóna Ágústa Gísladóttir, Kristinn Þór Ingvason, Lilly Guðbjörnsdóttir, Salka Guðmundsdóttir (1. verðlaun), Sif Sigmarsdóttir, Sigurlín Bjarney Gísladóttir, Símon Örn Birgisson og Sæunn Ragnarsdóttir,

67.

Guðbrandur Jónsson 1888-1952. Húsið við Norðurá. Reykjavík: Alþýðuprentsmiðjan, 1926. 219 s.

ISBN 1413722210

Hér er sagt frá morði sem framið er í húsi við Norðurá. Sagan hefst á því að Eiríkur með augað stendur á bryggjunni og bíður eftir að skipið Skógarfoss leggi að bryggju. Von er á Englendingi sem Eiríkur á að fara með að veiðhúsi í Norðurá. Meðan á dvölinni stendur finnst maður látinn í veiðihúsinu. Hann hafði verið stunginn með hníf í brjóstið. Eiríkur með augað finnur manninn og lætur hreppstjórnann og sýslumanninn vita og þeir rannsaka málið en það leysist ekki fyrr en lögreglumaður frá Ameríku kemur til landsins.

Athugasemd: Höfundur hefur skrifað undir dulnefninu Einar Skál.

68.

Guðríður **Lilly Guðbjörnsdóttir 1940**. Veðmálið. s. 25-33. Sjá Glæpur (66)

Ung gift kona á í ástarsambandi við karlmann en ekki fer allt eins og áætlað er.

69.

Gunnar Gunnarsson 1947. Beta gengur laus. Reykjavík: Hilmir, 1973. 100 s.
ISBN (númer óskráð)

Hér er fjallað um mann sem virðist ímynda sér allskonar hluti. Hann heldur því fram að kona sín sé að brugga landráð ásamt manni að nafni Aðalsteinn. Maðurinn er álitinn vitskertur og er handtekinn af lögreglu og lagður inn á Klepp. Fylgst er með sögu mannsins sem endar með hörmulegu morði.

70.

Gunnar Gunnarsson 1947. Gátan leyst: Margeir - lögreglusaga. Reykjavík: Iðunn, 1979. 167 s.
ISBN (númer óskráð)

Hér segir frá Margeiri rannsóknarlögreglumanni sem þarf að ráða fram úr og rannsaka hin ýmsu glæpaverk. Margeir þarf að taka á honum stóra sínum þegar hann rannsakar tollsvik og gjaldeyrismál óprúttinna manna. Þeir fela svikin innan mikilsmetinna fyrirtækja virðulegs atvinnurekstrar.

71.

Gunnar Gunnarsson 1947. Margeir og spaugarinn. Reykjavík: Iðunn, 1980. 141 s.
ISBN (númer óskráð)

Hér segir frá Margeiri, fulltrúa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Kona finnst látin við sjóinn á Skúlagötunni og í fyrstu er talið að um sjálfsmorð sé að ræða. Margeir og félagar hans hjá Rannsóknarlögreglunni hefja rannsókn á málinu og skoða um leið tollsvik og gjaldeyrissvindl. Í ljós kemur að konan var af erlendu bergi brotin og átti í hjónabandsferfiðleikum. Margt þarf að skoða og rannsaka áður en málið leysist.

72.

Gunnar Gunnarsson 1947. Heiðarlegur falsari byrjar nýtt líf. [Reykjavík]: Veröld, 1983. 143 s.
ISBN (númer óskráð)

Hér segir frá Jóni Aðalbjörnssyni sem nýbúið er að sleppa út af Litla-Hrauni en þar hefur hann þurft að dúsa og afplána dóm. Í stað þess að þiggja far á kostnað ríkisins heldur hann heimleiðis fótgangandi. Á leiðinni er hann rændur og barinn en kemst við illan leik að bæ einum þar sem hann fær að jafna sig. Jón hafði verið ákveðinn í að hegða sér vel þegar hann slyppi út en er áður en langt er um liðið dreginn inn í atburðarás sem hann ræður ekkert við.

73.

Gunnar Gunnarsson 1947. Sjá Leynardómar Reykjavíkur (119)

74.

Gunnar Gunnarsson 1947. Af mér er það helst að fréttu. Reykjavík: Skrudda, 2008. 232 s.
ISBN 9789979655381

Maður hefur steipt sér og fjölskyldu sinni í mikið skuldafen. Hann hefur miklar áhyggjur af afleiðingum þess og leitar leiða til að losna úr peningavandræðunum. Hann ákveður að leita ráða hjá hálfbróður sínum. Sá vill fá hann til að drepa mann fyrir sig og lofar honum í staðinn að hann þurfi ekki að hafa neinar frekari fjárhagsáhyggjur.

75.

Gústaf Gústafsson 1954. Ametyst: ljós dauðans. Reykjavík: Skjaldborg, 1996. 261 s.
ISBN 9979573163

Erlendur vísindamaður hefur smíðað vopn sem getur breytt því hver mun ráða og stjórna heiminum. Vinnuveitendur mannsins hafa frá upphafi villt á sér heimildir án þess að maður viti af því. Vegna þessa þarf vísindamaðurinn nú að fara huldu höfði. Hann heldur til á Íslandi og berst leikurinn víða. Margir valdamiklir menn ásælast vopnið og gera hvað sem er til að koma höndum yfir það.

76.

Gylfi Skarphéðinsson. Svart blóð. s. 76-80.
Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Maður myrðir aðra vegna fiðrings sem fær og verður að losna við.

77.

Halldór E. Rask. s. 19-25. Sjá 13 krimmar (1)

Maður verður fyrir ónæði frá nágranna sínum og grípur til sinna ráða.

78.

Halldór Ólafsson. Morðið. s. 70-71. Sjá 13 krimmar (1)

Maður í vanda bregst við honum á harkalegan hátt.

79.

Hanna Ruth Ólafsdóttir. Sjá Valur Grettisson (173)

80.

Haraldur Sigþórsson 1961. Sumir koma alltaf of seint í mat. s. 43-47

Sjá 13 krimmar (1)

Kona sem kærir sig ekki um afskiptasemi annarra tekur til sinna ráða.

81.

Helena Eydís Ingólfssdóttir. Óskin. s. 81-89.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Kona sem á sér þá ósk heitasta að eignast barn grípur til sinna ráða þegar eiginmaðurinn er henni ekki sammála.

82.

Helgi Már Barðason 1960. Sakamálaþrautir. 110 s.

ISBN 9789979797104

Í þessari bók eru 17 hálfsgæðar sakamálasögur sem lesandi leysir með aðstoð vísbendinga. Um er að ræða undarleg dauðsföll sem þarf að finna lausn á. Í aðalhlutverki er rannsóknarlögrelumaðurinn Herkúles Hvalfjörð.

83.

Helgi Már Barðason 1960. Draumur hins djarfa manns. s. 85-96.

Sjá Morð (126)

Eldri maður finnst látinn í gróðurhúsi, rannsóknarlögreglan hefur rannsókn á málinu.

84.

Helgi Már Barðason 1960. 407. s. 119-142. Sjá Smá glæpir og morð (147)

Maður sem rænt hefur konu og unglingsstúlku hringir í lögregluna og hún kemst að því að ekki er allt sem sýnist.

85.

Helgi Ingólfsson. Eigi mun ég griða biðja. s. 48-55. Sjá 13 krimmar (1)

Fornaldarsaga um kappa, dráp og sæmd.

86.

Helgi Jónsson 1962. Nektarmyndin. Akureyri: Tindur, 2009. 252 s.

ISBN 9789979653134

Ljósmyndari tekur nektarmyndir af ungum stúlkum. Þegar myndirnar leka á netið verða foreldrar einnar stúlkunnar vægast sagt óánægðir. Ljósmyndarinn finnst síðan myrtur og rannsóknarlögglumennirnir Róbert og Lára rannsaka málið.

87.

Helgi Sigurbjörnsson. Í garðinum. s. 100-115.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Þegar Sigríður hafði lokið húsverkunum gekk hún út í kirkjugarð og söng yfir gröf gamallar vinkonu sinnar. Hún og presturinn rifja upp sögu konunnar.

88.

Hermann Jóhannesson. Að stela glæpnum. s. 69-75.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Tveir vinir alast nánast upp saman en vinátta getur verið snúin og margt gerst sem bæði særir og gleður.

89.

Hermann Stefánsson. Sjá Jón Karl Helgason (108)

90.

Hilmar Örn Óskarsson 1975. Brúður. s. 18-24. Sjá Glæpur (66)

Ung kona grunar tilvonandi mann sinn um framhjáhald en ekki er allt sem sýnist.

91.

Hilmar Örn Óskarsson 1975. Eldur. s. 58-63.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Eigandi fyrirtækis sem drekkur of mikið finnur lausn á vanda sínum þegar kviknar í fyrirtækinu.

92.

Hjörvar Pétursson 1972. Minni barna. s. 217-232.

Sjá Smá glæpir og morð (147)

Maður sem upplifði sitthvað sem barn rifjar það upp. Hann finnur að hann hefur breyst og það ekki á góðan hátt.

93.

Hrafn Jökulsson 1965. Miklu meira en mest. Reykjavík: Forlagið, 1999. 141 s.

ISBN 9979533935

Hér segir frá Jóni sem vegna þrýstings frá fjölskyldu sinni fer í lögfræðinám. Þegar liðið er á fyrstu önnina gerir hann sér grein fyrir að hann muni ekki ná prófunum. Hann flosnar upp úr náminu og fer að hanga öllum stundum á Lúbarnum þar sem hann eignast félagaga sem eiga sér skrautlega fortíð. Áður en Jón veit af er hann kominn í slagtog við glæpamenn og sjálfur orðinn morðingi.

94.

Hrafn Jökulsson 1965. Sjá Leynardómar Reykjavíkur (119)

95.

Hörður Örn Bragason 1969. Fíring. Reykjavík: höf., 2009. 279 s.

ISBN 9789979705710

Íslendingur sem býr erlendis og lifir áhyggjulausi lífi lendir fyrir tilviljun í atburðarás sem hann ræður lítið við. Atburðarásin verður til í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 2001. Við þetta kollvarpast líf mannsins og hefnd og reiði taka við.

96.

Ingibjörg Hjartardóttir 1952. Þriðja bónin: saga móður hans. Reykjavík: Salka, 2005.

189 s.

ISBN 9979768606

Maður við dauðans dyr á sér leyndarmál sem hann trúir sjúkraliða fyrir. Maðurinn vill að sjúkraliðinn komist að hinu sanna í málinu. Þannig er að tæpum tveimur áratugum áður var læknir úti á landi sakaður um tvö morð með stuttu millibili. Maðurinn veit eitthvað um þessi mál sem þarf að leysa fljótt og koma aftur á jafnvægi í lífi svo margra.

97

Ingvi Þór Kormáksson 1952. Hliðarspor. s. 11-18. Sjá 13 krimmar (1)

Kona á miðjum aldri leitar eftir tilbreytingu en ekki fer allt eins og áætlað er.

98.

Íris Ösp Ingjaldsdóttir 1975. Mannshvörf. s. 80-87. Sjá 13 krimmar (1)

Ungabarn hverfur úr vagninum sínum og leitinn að því hefst.

99.

Jóhann Magnús Bjarnason 1866-1945. Vornætur á Elgsheiðum: sögur frá Nýja Skotlandi. Reykjavík: Bókaverzun Sigfúsar Eymundssonar, 1910. 198 s.
ISBN (númer óskráð)

Maður rifjar upp kynni sín af Halli, hinum íslenska Sherlock Holmes og hvernig hann leysir málin.

Athugasemd: Smásagan Íslenzkur Sherlock Holmes sem er ein af sögum bókarinnar Vornætur á Elgsheiðum er ein fyrsta spennusaga Íslands.

100.

Jóna Ágústa Gísladóttir 1968. Hefndarþorsti. s. 75-83. Sjá Glæpur (66)

Ung kona hefnir sín grimmilega á gömlum bekkjarbræðrum sínum.

101.

Jón Birgir Pétursson 1938. Vitnið sem hvarf. [Reykjavík]: Örn og Örlygur, 1979. 176 s.
ISBN (númer óskráð)

Karl Karlsson finnst látinn ofan á vélarhlíf bifreiðar sinnar. Karl var viðskiptajöfur og erfingi stórra fyrirtækja. Hann hefur verið stunginn með hnífi í bakið þar sem hann stóð og var að skafa snjó af bíl sínum. Rannsóknarlögregla ríkisins með Elías Hallbjörnsson í fararbroddi rannsakar málið og margt misjafnt kemur í ljós. Þegar segulbandsspóla berst lögreglunni er lausnin á næsta leiti.

102.

Jón Birgir Pétursson 1938. Einn á móti milljón. [Reykjavík]: Örn og Örlygur, 1980.

141 s.

ISBN (númer óskráð)

Hér segir frá Kolbeini ungum manni af Arnarfellsætt sem hverfur eftir rifrildi og slagsmál við frænda sinn. Inn í stofu finnst frændinn mikið slasaður en enginn veit hvað orðið hefur af Kolbeini. Vinur fjölskyldunnar, rannsóknarlögreglumaðurinn Siguroddi, telur að Kolbeinn sé látinn. Móðir hans neitar að taka það trúanlegt og fær rannsóknarlögreglumanninn Elías til að leita að syni sínum og komast að hinu sanna í málinu.

103.

Jón Hall Ómarsson. Leynardómar Laugaskóla. s. 101-108.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Námsmaður heyrir undarleg hljóð frá sundlaug skólans og um nóttina sér hann undarlega konu sem stendur við rúmið hans.

104.

Jón Hallur Stefánsson 1959. Krosstré. Reykjavík: Bjartur, 2005. 296 s.

ISBN 9979788283

Miðaldra maður finnst illa farinn við sumarbústað á Þingvöllum. Sonur mannsins finnur síðan lík ungrar konu í bústaðnum. Hann ákveður að fela líkið til að vernda fjölskyldu sína. Rannsóknarlögreglumaðurinn Valdimar Eggertsson rannsakar þessi flóknu mál og fyrr en varir hefur hann tengt þau saman.

105.

Jón Hallur Stefánsson 1959. Enginn engill. s. 9-37.

Sjá Smá glæpir og morð (147)

Maður er grunaður um verknað sem hann framdi ekki. Í ljós kemur að ekki er allt sem sýnist.

106.

Jón Hallur Stefánsson 1959. Vargurinn. Reykjavík: Bjartur, 2008. 359 s.

ISBN 9789979657071

Á köldum degi í janúar kviknar í gömlu húsi á Seyðisfirði. Rannsóknarlögreglumaðurinn Valdimar Eggertsson fer til Seyðisfjarðar til að rannsaka málið. Þegar kviknar í á fleiri stöðum vaknar grunur um að þar sé brennuvargur á ferð. Íbúar staðarins er óttaslegnir og vita ekki hverju þeir eiga von á. Mikið reynir á Valdimar við þessa rannsókn þar sem hann þarf að fletta ofan af leyndarmálum og lygum fólks á staðnum.

107.

Jón Karl Helgason 1965. Drottningarpeð. s. 143-186.

Sjá í Smá glæpir og morð (147)

Maður er myrtur og þekkt handrit hverfur. Lausn málsins er rétt fyrir handan hornið.

108.

Jökull Valsson 1981. Börnin í Húmdölum. Reykjavík: Bjartur, 2004. 312 s.

ISBN 9979774932

Bókin segir frá börnum sem búa í blokk og á nóttunni fá þau skelfilegar martraðir. Þau halda að inni í barnaherbergjunum búi ófreskjur og illir vættir. Fullorðna fólkið verður ekki vart við neitt svo börnin taka málið í sínar hendur.

109.

Jökull Valsson 1981. Skuldadagar. Reykjavík : Bjartur, 2006. 314 s.

ISBN 9979788607

Hér segir frá Matta sem er ungur eitulyfjasali. Þegar hann vaknar einn morgun kemst hann að því að hann hefur týnt fikniefnum sem hann var með í bakpoka kvöldið áður. Hann leitar til Steina vinar síns eftir hjálp. Þeir tveir láta eiganda fikniefnanna vita, sá verður ekki ánægður og lætur Matta lofa að finna þau aftur strax. Við leit fikniefnanna upphefst mikill eltingaleikur sem fer víða og ofbeldi er notað til að draga fram svör hjá fólki.

110.

Kristinn Ingvason. Mótmælandinn. s. 61-69. Sjá 13 krimmar (1)

Mótmælandi rænir útrásarvíkingi og lætur drauma sína rætast.

111.

Kristinn R. Ólafsson 1952. Pósthólf dauðans. Seltjarnarnes: Ormstunga, 1998. 253 s.

ISBN 9979630175

Eldri Spánverji finnst myrtur á heimili sínu í Madrid. Í spænsku borgarstýrjöldinni tengdist hinn myrti Íslendingi sem þar var. Íslendingurinn sem tekið hefur viðtöl við Spánverjann, liggur nú undir grun lögreglu. Til að afsanna sekt sína tekur hann málin í sínar hendur.

112.

Kristinn Þór Ingvason 1969. Tíkin. s. 100 -103. Sjá Glæpur (66)

Maður sem á við andleg vandamál að stríða drepur hund og þarf að gjalda þess.

113.

Kristinn Kristjánsson 1954. Sjá Leynardómar Reykjavíkur (119)

114.

Lára Guðlaug Jónasdóttir. Endir. s. 116-119.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Í hrauninu leitar maður að líki sem hann kom þar fyrir. Ætlunin er að fullkomna verkið.

115.

Leó E. Löve 1948. Mannrán. Reykjavík: Ísafold, 1989. 218 s.

ISBN (númer óskráð)

Hér er fjallað um Gunnar Jakobsson, eiganda tískufataverslana á Íslandi. Dag einn kemst hann að því að meðeigandi hans og vinur hefur svikið hann og stungið af með sjóð þeirra. Til að halda geðheilsu eftir áfallið fer hann í gönguferðir og í einni slíkri sér hann þjóðþekktan mann koma út frá ástkonu sinni. Hann ákveður að að fylgjast nánar með manninum og skipuleggur um leið fjáröflun sem á að forða honum frá gjaldþroti.

116.

Leó E. Löve 1948. Fórnarpeð. Reykjavík: Ísafold, 1990. 214 s.

ISBN 9979809051

Arnór Ólafsson og fleiri piltar fá símtöl þar sem þeir er beðnir um að taka að sér nokkur verkefni. Logi Guðmundsson blaðamaður telur sig hafa komist að ráðabruggi um stórfelld fjársvik og ákveður að taka málin í sínar hendur. Á sumardegri ræna fimm menn banka með byssu að vopni. Lögreglan fær neyðarkall frá bankanum en þegar hún mætir eru ræningjarnir á bak og burt. Mikið öngþveiti ríkir en enginn er slasaður. Lögreglumennirnir Ásger og Grettir stjórna rannsókn málsins. Þegar rannsókninni fleygir fram kemur í ljós að tenging er á milli málanna.

117.

Leó E. Löve 1948. Ofurefli. Reykjavík: Fósturmold, 1991. 211 s.

ISBN 9979809272

Ungur maður hverfur og faðir hans heldur til London til að athuga hvað orðið hefur um hann. Þegar hann finnur ekki drenginn fer hann til lögreglunnar og tilkynnir mannshvarf. Hann leitar unga mannsins og áður en hann veit af er hann flæktur í glæpastarfsemi sem erfitt er að finna leið úr.

118.

Leó E. Löve 1948. Prinsessur. [Reykjavík]: Fósturmold, 2000. 204 s.

ISBN 9979605839

Giftur maður kemst að því að hann er samkynhneygður og skilur við konuna sína. Hann flytur í kjallaraíbúð og þangað sækja menn af öllum toga, ungir og gamlir. Þegar ungur maður finnst látinn í laug við húsið fer rannsóknarlögreglan að rannsaka málið. Við rannsóknina kemur margt miður fallett í ljós og mál eins og barnaníð sem þarf að rannsaka ofan í kjölinn.

119.

Leynardómar Reykjavíkur. [Reykjavík]: Félag íslenskra bókaútgefenda, 2000.

s. 219

ISBN 9979869437

Maður finnst myrtur á hrottalegan hátt og á líkið vantar höfuðið. Rannsóknarlögreglumadurinn sem rannsakar málið þekkir til mannsins. Áður en hann veit af er hann sjálfur grunaður um verknaðinn og þarf að taka á honum stóra sínum til að leysa málið og afsanna sekt sína.

Athugasemd: Bókin er skrifuð sameiginlega af nokkrum höfundum í tilefni af viku bókarinnar árið 2000. Höfundar eru: Arnaldur Indriðason, Árni Þórarinnsson, Birgitta H. Halldórsdóttir, Hrafn Jökulsson, Gunnar Gunnarsson, Kristinn Kristjánsson, Stella Blómkvist (dulnefni) og Viktor Arnar Ingólfsson.

120.

Lilja Magnúsdóttir. Svikarinn. s. 9-37. Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Kona sem heldur við yfirmann sinn kemst að því að hlutirnir eru ekki eins og þeir sýnast.

121.

Lilja Sigurðardóttir 1972. Spor. Reykjavík: Bjartur, 2009. 256 s.

ISBN 9789979657705

Hér er sagt frá hræðilegum morðum. Fórnarlömbunum fjölgar dag frá degi og lögreglan verður að hafa sig alla við í rannsókninni. Magni sem er óvirkur alki er beðinn af Iðunni fyrrverandi konu sinni og rannsóknarlögreglukonu að aðstoða við þessi morðmál. Í ljós hefur komið að á vettvangi hvers morðs finnst alltaf einhver tenging við samtök óvirkra alka og þar sem Magni er nýkominn úr meðferð er hann eins og sniðinn í verkið.

122.

Lýður Árnason 1962. Einleikarinn. s. 56-60. Sjá 13 krimmar (1)

Skammvinn kynni leiða til atburða sem ekki sjást fyrir.

123.

Lýður Árnason 1962. Ekki fyrir viðkvæma. s. 24-30. Sjá Morð (126)

Ófriður maður er haldin kynlífsfíkn og fremur glæp.

124.

Lýður Árnason 1962. Haustlauf. s. 72-79. Sjá 13 krimmar (1)

Maður fer með móður sinni á miðilsfund og þarf eftir það að eiga við sína eigin samvisku.

125.

Mikael Torfason. Vormenn Íslands. [Reykjavík]: Sögur, 2009. 231 s.

ISBN 9789979992943

Hér er sagt frá Birgi, manni sem átt hefur erfitt. Hann er dauðvona, dæmdur fjársvikari og á sér fortíð sem leitar á hann. Birgir missti móður sína ungur og ákveður að rannsaka á eigin vegum hvernig sá dauðdagi átti sér stað. Stundum heldur hann jafnvel að hann hafi drepið hana sjálfur.

126.

Morð: íslenskar glæpasögur. [Ritstjóri]: Jón Trausti Reynisson. Reykjavík: Fróði, 2006.

96 s.

ISBN 9979972629

Athugasemd: Fylgirit með tímaritinu Mannlíf. Höfundar eru: Atli Ingólfsson, Ásdís Herborg Ólafsdóttir, Helgi Már Barðason, Lýður Árnason, Sigurlín Bjarney Gísladóttir, Stella Blómkvist (dulnefni), Súsanna Svavarsdóttir og Þráinn Bertelsson.

127.

Ólafur Friðriksson 1886-1964. Allt í lagi Reykjavík. Reykjavík: [s.n.], 1939. 228 s.

ISBN (númer óskráð)

Maður sér atvinnuauglýsingu í blaði þar sem spurt er hvort fólk vilji græða peninga. Hann svarar auglýsingunni og er ráðinn ásamt fleira fólki. Það eina sem maðurinn veit er að vinnan felst í því að grafa göng frá Hafnarstræti yfir í Landsbankann en þegar því er lokið er Landsbankinn rændur. Lögreglan stendur ráðþrota yfir þessu máli. Það fer þó svo að grunur fellur á manninn og honum er stungið inn fyrir eitthvað sem hann hefur ekki gert en bankaræninginn situr eftir með allan auðinn.

Athugasemd: Höfundur hefur skrifað undir dulnefninu Ólafur við Faxafen.

128.

Ólafur Haukur Símonarson 1947. Líkið í rauða bílnum. Reykjavík: Sögusteinn, 1986. 215 s.
ISBN (númer óskráð)

Hér fylgjumst við með rannsókn á hvarfi manns sem er nýlega farinn að vinna sem kennari í litlu þorpi úti á landi. Jónas rannsóknarmaður, sem einnig er frændi kennarans, fer á staðinn til að skoða málið. Þegar rannsókninni vindur áfram kemur ýmislegt misjafnt í ljós. Bíll kennarans finnst á kafi í vatni og lík hans þar í. Þegar líkið er skoðað sést á áverkunum að um hrottalegt morð er að ræða.

129.

Óttar Martin Norðfjörð 1980. Sólkross. Reykjavík: Sögur, 2008. 317 s.
ISBN 9789979985518

Hér er sagt frá því þegar óboðinn gestur ryðst inn á skrifstofu fornleifafræðingsins Baldurs og myrðir hann og þjónustustúlku sem þar er stödd. Baldur hafði komist að leyndarmáli sem ekki mátti verða opinbert. Embla fornleifafræðingur hjá Þjóðminjasafninu fær símtal frá lögreglu þar sem hún er beðin um að aðstoða á morðvettvangi. Þegar þangað er komið hefur skrifstofu Baldurs verið breytt í heiðinn blótstað. Lögreglunnar bíður nú ærið verkefni við að leysa flókið mál.

130.

Óttar Martin Norðfjörð 1980. Hnífur Abrahams. [Reykjavík]: Sögur, 2007. 294 s.
ISBN 9789979980162

Prófessorinn Paul Feiler deyr í umferðarslysi. James vinur Pauls trúir ekki að þetta hafi verið slys og sannfærir um það þegar hann fær póstkort frá Paul sem var sent rétt áður en hann dó. Á kortinu er einn af spádómum Nostradamusar sem segir frá stríðinu milli íslam og kristni. Þegar James fer að athuga málið er ekki aftur snúið og hann ásamt aðstoðarmanni sínum lendir í hringiðu svika og leyndarmála. Leyndarmála sem snúast um Abraham, sameiginlegan forföður gyðinga, kristinna og múslima.

131.

Páll Kristinn Pálsson sjá Árne Þórarinsson (22, 24)

132.

Pétur Eggerz 1913-1994. Ást, morð og dulrænir hæfileikar. [Hafnarfirði]: Skuggsjá, 1991. 159 s.

ISBN (númer óskráð)

Á sólríkum föstudegi er þar, sem nýlega er farið að búa saman, að njóta dagsins ásamt Sakon vini mannsins. Maðurinn skreppur út í bakari en þegar hann kemur aftur er búið að myrða sambýliskonu hans og fyrrverandi eiginmaður hennar liggur við hlið hennar. Sakon útskýrir hvað hann hafi séð en svo er spurning hvað hafi í raun gerst?

133.

Ragna Sigurðardóttir 1962. Skot. Reykjavík: Mál og menning, 1997. 135 s.

ISBN 9979316179

Ung íslensk kona býr og vinnur um stundarsakir í Hollandi. Þar hittir hún myndarlegan mann sem hún fellur fyrir. Eftir mjög stutt kynni er maðurinn skotinn úti á götu og þegar lögreglan kemur á staðinn er konan færð á lögreglustöðina og yfirheyrð. Þegar frá líður kemst hún að því að hún er ólétt eftir manninn. Á konuna sækja margar spurningar í sambandi við dauða hans. Konunni fylgir ættarfylgja sem hún kallar Bokka og í sameiningu hefja þau rannsókn á málinu.

134.

Ragnar Jónasson 1976. Fölsk nóta. Reykjavík: Veröld, 2009. 254 s.

ISBN 9789979789543

Þessi saga fjallar um Ara Þór Arason ungan mann sem fær sendan gifurlega háan kreditkortareikning en kannast ekkert við að að hafa eytt allri þessari fjárhæð. Reikningurinn er samt stílaður á hans nafn. Faðir Ara og alnafni hvarf þegar Ari var barn og hann grunar að faðir hans eigi jafnvel reikninginn. Ari ákveður að komast að sannleikanum um föður sinn og þennan háa kreditkortareikning, hvort hann sé lifandi eða dáinn.

135.

Ragnheiður Gestsdóttir. Grænir fingur. s. 109-117.

Sjá Smá glæpir og morð (147)

Kona kemst að hræðilegu leyndarmáli og ákveður að leysa vandann sjálf.

136.

Róbert Marvin Gíslason 1972. Kuldaboli. s. 94-101. Sjá 13 krimmar (1)

Maður er myrtur en morðinginn lætur ekki þar við sitja.

137.

Salka Guðmundsdóttir 1981. Við strákarnir. s. 9-17. Sjá Glæpur (66)

Maður fer við jarðarför bekkjarbróður síns og þar kemur margt misjafnt í ljós.

138.

Sif Sigmarsdóttir 1978. Króna túlípanans. s. 84-91. Sjá Glæpur (66)

Fólk slítur samvistum og maðurinn vill hefnd.

139.

Sigurður Sigurðsson. Hvítt umslag. s. 39-63. Sjá Smá glæpir og morð (147)

140.

Sigurgeir Jónsson. Kasjón. s. 35-42. Sjá 13 krimmar (1)

Læknir gerir tilraun til að koma eiginmanni konunnar sem hann elskar fyrir kattarnef.

141.

Sigurgeir Orri Sigurgeirsson 1967. Út um þúfur. Reykjavík: Bókafélagið, 1998
242 s.
ISBN 9979926694

Tveir menn ákveða að ræna ungri konu sem þó veit ekki að henni hefur verið rænt. Hún heldur að hún sé í ævintýraferð með manni sem hún er hrifin af. Mannræningjarnir senda fjölskyldu ungu konunnar bréf þar sem foreldrum hennar er sagt að koma með tiltekna fjárhæð á vissan stað. Ef ekki verði farið að þeim tilmælum verði dóttir þeirra tekin af lífi. Meiri alvara færast í leikinn þegar ungur maður, skyldur ungu konunni finnst látinn á tjaldstæði.

142.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir 1975. Í nótt ætla ég að forðast ískrið í hliðinu. s. 92-99.
Sjá Glæpur (66)

Eftirlýst kona hefur samband með sendibréfum.

143.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir 1975. Þjóðvegur eitt. s. 7-15. Sjá Morð (126)

Miðaldra maður í tilvistarkreppu hatar miðaldra konur.

144.

Simon Birgisson. Bein leið – Glæpasaga. s. 91-95.
Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Þar heldur af stað í ferðalag en úr skotti bílsins heyrast undarlegir og óútskýranlegir dynkir.

145.

Simon Örn Birgisson 1984. Rauða húsið. s. 34- 41. Sjá Glæpur (66)

Ung kona sem stundar vafasama iðju fer á veitingastað með vinkonu sinni.

146.

Sjón 1962. Með titrandi tár. Reykjavík: Mál og menning, 2001. 187 s.

ISBN 997932242X

Í seinni heimstyrjöldinni kemur til Íslands flóttamaðurinn Leó sem á ættir sínar að rekja til gyðinga. Hann er með tösku með sér og í henni er leirdrengur sem Leó vill lífga við. Til að það takist þarf hann að leysa allskonar þrautir og gátur. Meðan á ferð hans stendur verða á vegi hans menn sem gera honum lífið leitt. Í þessari bók fjallar Sjón um þjóðarrembing Íslendinga og hvernig þeir taka í raun á móti útlendingum.

147.

Smá glæpir og morð : sögur úr glæpasmásagnakeppni Glæpafélagsins og Grandrokks.

Reykjavík: Almenna bókafélagið. 232 s.

ISBN 9979218045

Athugasemd: Höfundar eru: Eiríkur Brynjólfsson, Helgi Már Barðason, Hjörvar Pétursson, Jón Hallur Stefánsson, Jón Karl Helgason/Hermann Stefánsson, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigurður Sigurðsson Viktor Arnar Ingólfsson og Þorfinnur Guðnason

148.

Snjólaug Bragadóttir 1945. Setið á svikráðum. [Reykjavík]: Örn og Örlygur, 1986.

173 s.

ISBN (númer óskráð)

Þegar eldri maður fær hjartaáfall og deyr, reyna dætur hans af seinna hjónabandi að hafa samband við bróður sinn. Hann býr erlendis ásamt konu sinni sem er frá Belfast. Þegar ekkert heyrir frá honum og hann svarar hvorki bréfum né öðrum skilaboðum heldur önnur systirin, Magnea til Englands að leita að honum og konunni hans. Fljótlega eftir komuna út kemst Magnea að því að norður-írskir hryðjuverkamenn eru líka að leita þeirra. Magnea rannsakar málið sem er flókið og erfitt.

149.

Soffía Jóhannesdóttir 1959. Hættulegt hlutverk. [Akureyri]: Skjaldborg, 1988.

160 s.

ISBN (númer óskráð)

Ung kona búsett í Bandaríkjunum stytir sér leið í gegnum húsasund þegar bíll kemur æðandi á móti henni og reynir að keyra hana niður. Foreldrar konunnar sem bæði eru látin áttu sér leyndarmál. Faðir hennar var henni góður en ekki móðirin. Þegar líður á söguna er ljóst að einhver sækist eftir lífi ungu konunnar. Lögreglan tekur málin í sínar hendur og hyggst ná ódæðismanninum.

150.

Stefán Máni 1970. Svartur á leik. Reykjavík: Mál og menning, 2004. 548 s.

ISBN 9979325631

Hér er sagt frá ungum manni sem heitir Stefán og vinnur á bar í Reykjavík. Þegar hann kemst á snoðir eða heyrir um kíló af kókaíni sogast hann inn í magnaða og æsispennandi atburðarás sem ekki sér fyrir endann á.

151.

Stefán Máni 1970. Skipið. Reykjavík: JPV útgáfa, 2006. 432 s.

ISBN 9979791977

Hér er sagt frá þegar skipið Per se leggur úr höfn frá Grundarfirði. Skipið er á leið til Suður-Ameríku og skipverjarnir eiga allir með misjafna fortíð. Sumir eru morðingjar, aðrir smyglarar. Skipstjórinn Guðmundur finnur að það er óróleiki um borð, skipverjar hafa haft veður af því að kannski eigi að segja mannskapnum upp og ætla að gera hvað sem þeir geta til að koma í veg fyrir það. En eitthvað annað er líka á seyði um borð og brátt verða skipverjar að heyja baráttu upp á líf og dauða.

152.

Stefán Máni 1970. Ódáðahraun. Reykjavík: JPV útgáfa, 2008. 296 s.

ISBN 9789935110060

Hér er sagt frá Óðni sem ungur byrjar að stunda vafasöm viðskipti. Þegar honum er falið að finna eiganda bréfs sem er í óskilum kemst hann í kynni við viðskipta- og hlutabréfamarkaði. Óðinn lætur engan vaða yfir sig og þegar völd og peningar eru annars vegar svífst hann einskis. En ekki fer allt eins og áætlað er þegar peningar eiga í hlut.

153.

Stefán Máni 1970. Hyldýpi. Reykjavík: JPV útgáfa, 2009. 265 s.

ISBN 9789935110787

Hér er fjallað um það þegar fjórir drengir fara út á bát á stóru stöðuvatni. Einn drengjanna fellur útbyrðis og er nærri druknaður þegar faðir hans heyrir öskur hinna. Faðirinn nær að bjarga drengnum en þegar hann kemst til meðvitundar talar hann um fallegu stelpuna í vatninu. Þessi atburður verður til þess að í brjósti stráksins verður til myrkur sem ekki er auðvelt að losna við. Tíu árum síðar hverfur sami pilturinn en finnst síðan nær dauða en lífi. Á sama tíma hverfur ung stúlka og þá tekur rannsóknarlögreglan málið í sínar hendur.

154.

Steinar Bragi 1975. Hið stórfenglega leyndarmál. Reykjavík: Bjartur, 2006.

306 s.

ISBN 9979788623

Hér er fjallað um spæjarann Stein og féлага hans Mugg. Þeir félagar fá eitt kvöldið heimsókn frá manni sem er gestur á skemmtiferðaskipi sem er við það að leggja úr höfn. Maðurinn er alveg viss um að hræðilegir atburðir eigi eftir að gerast um borð í skipinu. Þegar maðurinn fer skilur hann eftir farmiða fyrir þá Stein og Mugg. Þeir ákveða að þiggja farmiðana og fara um borð í skemmtiferðaskipið. Á fyrsta degi finnst ung kona myrt og Steinn og Muggur taka að sér rannsókn málsins.

155.

Steindór Sigurðsson sjá Valentínus (171, 172)

156.

Steingrímur Sigfússon sjá Valur Vestan (174, 175, 176)

157.

Stella Blómkvist. Morðið í Stjórnarráðinu. Reykjavík: Mál og menning, 1997. 233 s.
ISBN 9979316004

Ung kona á uppleið finnst látin í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Ragnar rannsóknarlögreglumaður hringir í lögfræðinginn Stellu Blómkvist. Hann tilkynnir henni að hjá sér sé maður grunaður um morðið á ungu konunnu og vill hann að Stella verði réttargæslumaður hans. Sá grunaði heitir Sæmi og var elskhugi látnu konunnar. Rannsókn málsins er flókin og erfið og þarf Stella að nota alla sína snilligáfu til að leysa það.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

158.

Stella Blómkvist. Morðið í sjónvarpinu. Reykjavík: Mál og menning, 2000
207 s.
ISBN 9979320923

Hér er sagt frá því þegar kvenkyns þáttastjórnandi hjá sjónvarpinu deyr í miðri útsendingu. Lögreglan rannsakar málið og hefur ákveðna konu grunaða um verknaðinn. Lögfræðingurinn Stella Blómkvist tekur málið að sér fyrir hönd konunnar ásamt fleiri málum. Eitt af þeim er mansals og nauðgunarmál.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

159.

Stella Blómkvist. Morðið í Hæstarétti. Reykjavík: Mál og menning, 2001. 254 s.

ISBN 9979322438

Leikkona finnst myrt á skrifstofu hæstaréttadómara. Lögreglan handtekur dómarrann grunaðan um morðið. Lögfræðingurinn Stella Blómkvist tekur málið að sér og í ljós kemur að það er flóknara en það virtist í fyrstu. Þegar upptaka úr myndavél við húsið er skoðuð sést leikkonan fara inn með manni sem í fyrstu er talinn vera hæstaréttardómarinn. En ekki er allt sem sýnist og þegar vel er að gáð getur maðurinn á myndinni verið hver sem er.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

160.

Stella Blómkvist. Sjá Leynardómur Reykjavíkur (119)

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

161.

Stella Blómkvist. Morðið í Alþingishúsinu. Reykjavík: Mál og menning, 2002

233 s.

ISBN 9979323701

Í Alþingishúsinu er verið að mótmæla ummælum dómsmálaráðherra um nauðsyn þess að takmarka fjölda útlendinga sem fá að setjast að á Íslandi. Í átökunum sem verða í kjölfarið lætur ung fréttakona lífið. Ekki er vitað hvort er um slys eða morð að ræða. Til að komast til botns í því er lögfræðingurinn Stella Blómkvist fengin til að taka málið að sér.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

162.

Stella Blómkvist. Morðið í Drekkingshýl. Reykjavík: Mál og menning, 2005. 278 s.
ISBN 9979326662

Í þessari sögu er sagt frá því að ung kona af erlendu bergi brotin hafi fundist látin í Drekkingshýl við Öxará. Lögregluna grunar að stúlkan hafi verið myrt af föður sínum fyrir það að brjóta gegn hefðum ættarinnar. Hefðum sem banna samneyti við pilti sem tilheyra öðru þjóðerni og hafa aðra trú. Háttsettir menn koma við sögu málsins og þarf Stella Blómkvist, lögfræðingur föðursins að kafa djúpt til að leysa gátuna. Ásamt því að fara með mál föðursins tekur Stella að sér að aðstoða Fjólu sem hefur verið föst í viðjum eiturlyfja í nokkurn tíma.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

163.

Stella Blómkvist. Morðið í Rockville. Reykjavík: Mál og menning, 2006. 230 s.
ISBN 9979327863

Í Rockville á Miðnesheiði þar sem áður fyrr var ein af mörgum ratsjárstöðvum bandaríska hersins á Íslandi finnst illa útleikið lík af erlendum manni. Vinur látna sem lést, Andri Ólafsson, er grunaður um morðið. Hann hefur samband við lögfræðinginn Stellu Blómkvist og biður hana um að taka rannsókn málsins að sér. Í ljós kemur að maðurinn sem fannst myrtur var grunaður um barnaníð og margir sem vilja ná fram hefndum. Stella tekur málið að sér og skoðar um leið mál Sigurjónu sem sætir ofbeldi af hálfu eiginmanns síns.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

164.

Stella Blómkvist. Morgundagur ei meir. s. 58-75. Sjá Morð (126)

Ung kona lætur lífið og vinkona móður hennar rannsakar málið.

Athugasemd: Höfundur skrifar undir dulnefninu Stella Blómkvist en ekki er vitað hvert rétt nafn höfundar er.

165.

Súsanna Svavarsdóttir 1953. Dætur hafsins. Reykjavík: JPV útgáfa, 2005. 344 s.

ISBN 9979791292

Kona er myrt á óhugnanlegan hátt. Hún skilur eftir sig dagbækur sem föðursystir hennar, Ragnhildur, á að fá. Þar kemur í ljós að frænka Ragnhildur átti sér annað líf þar sem viðtekin gildi í samfélaginu voru ekki virt. Vegna dagbókanna lendir Ragnhildur í miklum vandræðum sem erfitt er ráða við. Morðrannsókninni stjórnar rannsóknarlögreglumaðurinn Arnaldur og samstarfsfólk hans.

166.

Súsanna Svavarsdóttir 1953. Voðaverk 2006. s. 16-23. Sjá Morð (126)

Kona myrðir aðra konu án þess að vita nákvæmlega af hverju. Stundum er ekki allt sem sýnist.

167.

Svikarinn: Gaddakylfan 2008. [Reykjavík]: Birtíngur, 2008. 125 s.

ISBN 9789979981060

Athugasemd: Verðlaunasögur Mannlífs og hins íslenska glæpafélags. Höfundar eru: Birgitte Bjarnason, Darri Johansen, Gylfi Skarphéðinsson, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Helgi Sigurbjörnsson, Hermann Jóhannesson, Hilmar Örn Óskarsson, Jón Hall Ómarsson, Lára Guðlaug Jónasdóttir, Lilja Magnúsdóttir (1.verðlaun), Símon Birgisson, Valur Grettisson/Hanna Ruth Ólafsdóttir og Þóra Andrésdóttir.

168.

Sæunn Ragnarsdóttir. Hárið 2007. s. 50-58. Sjá Glæpur (66)

Eldri kona tekur málin í sínar hendur og kemur morðingjum fyrir kattarnef.

169.

Thor Haraldur Thors sjá Thor Siljan (170)

170.

Thor Siljan 1934. Gullhjartað. Reykjavík: Spákonufell, 1973. 183 s.

ISBN

Maður og kona eiga í framhjáhaldi og áætla að stela aleigunni af manni konunnar sem er mjög valdamikill. Til að eiginmaðurinn haldi sig á mottunni og nýti ekki vald sitt taka þau líka örfilmu með mikilvægum upplýsingum. Þessi örfilma á að vera líftrygging þeirra. Að þessu ráðabruggi kemst annar maður og hefur sannanir sem hann ætlar að nota til að kúga fé út úr hjónaleysunum. Þetta mál á eftir að verða flóknara og draga dilk á eftir sér.

171.

Valentínus. Dularfulla flugvjelin. Reykjavík: Ásgeir Guðmundsson, 1932. 128 s.

Ritröð: Leynardómar Reykjavíkur, annað bindi.

ISBN (númer óskráð)

Magnús Geirsson, mjög ríkur Íslendingur á óuppgert mál við Ránfuglinn yfirmann leynifélagsins. Ránfuglinn hafði ásamt lögreglu upprætt bófaflokk sem Magnús hafði stofnað og komið félögum hans undir lás og slá. Magnús leitar hefnda en Ránfuglinn er fyrri til að gera árás. Magnús nær að sleppa en Ránfuglinn er barinn í rot og varpað í sjóinn. Nú hefst spennandi atburðarás sem enginn veit hvar endar.

Athugasemd: Sjá Steindór Sigurðsson (155). Þetta er ritröð og er seinna bindi af tveimur.

172.

Valentínus. Sonur hefndarinnar. Reykjavík: Ásgeir Guðmundsson, 1932. 128 s.

Ritröð: Leyndardómar Reykjavíkur, fyrsta bindi.

ISBN (númer óskráð)

Víglundur, sem er mjög skapbráður maður, er settur í gæsluvarðhald fyrir glæp sem hann hefur viðurkennt að hafa framið en gerði ekki. Á meðan er sá sem framdi glæpinn, Pjetur Hallson, betur þekktur sem Rottuauga, laus allra mála. Þegar Grafningsbóndinn Guðni Guðnason hverfur er Pjetur Rottuauga handtekinn grunaður um verknaðinn. Lögreglan rannsakar málið ásamt öðrum dularfullum málum og fær aðstoð Ránfuglsins. *Athugasemd: Sjá Steindór Sigurðsson (155). Þetta er ritröð og er fyrra bindið af tveimur.*

173.

Valur Grettisson. Dýragarðurinn. s. 38-57.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Pólskur maður finnst myrtur. Lögreglan rannsakar málið og hefur vissan einstakling grunaðan. Lögreglumaður á son sem kemur við sögu og hefur það áhrif á lausn málsins.

174.

Valur Vestan 1919-1976. Týndi hellirinn. Akureyri: Hjartaásútgáfan, 1948. 114 s.

ISBN (númer óskráð)

Þessi fyrsta spennusaga eftir Val Vestan fjallar um Krumma og vin hans Tóka. Þeir félagar hafa mikinn áhuga á að leysa gátur og dularfull mál. Á ferðalagi um Vestfirði rekast þeir á þýska njósnara sem eru harðir í horn að taka og eru þeir félagar hætt komnir. Þeir finna líka helli sem eingöngu voru til sagnir um og enginn trúði í raun og veru að væri til.

Athugasemd: Sjá Steingrímur Sigfússon (156).

175.

Valur Vestan 1919-1976. Flóttinn frá París. Akureyri: Hjartaásútgáfan, 1949. 127 s.
ISBN (númer óskráð)

Hér segir frá jarðfræðingnum Krumma sem er í London að freista þess að frelsa unnustu sína úr klóm nasista. Þegar tilkynning kemur í dagblaði að maður hafi fundist myrtur, grunar Krumma hver maðurinn er og ákveður að fara til lögreglunnar. Þar fær Krummi að sjá líkið og fær grun sinn staðfestan. Hann ákveður samt að láta lögregluna ekki vita en fer þess í stað til leyniþjónustunnar því hann telur að þetta sé mál fyrir hana.

Athugasemd: Sjá Steingrímur Sigfússon. (156).

176.

Valur Vestan 1919-1976. Rafmagnsmorðið. Akureyri: Hjartaásútgáfan, 1950. 133 s.
ISBN (númer óskráð)

Ung kona finnst látin í íbúð í Reykjavík ásamt manni sem er þekktur óreglumaður. Við krufningu kemur í ljós að maðurinn hefur dáið af völdum hjartabilunar en haldið er að konan hafi dáið af slysförum. Þegar málið er rannsakað kemur í ljós að miskunnarlaus morðingi er á ferli. Lögreglan handtekur mann sem hún hefur grunaðan um ódæðið. Krummi, sem er jarðfræðingur og grúskari hefur áhuga á slíkum málum og hann rannsakar málið á eigin vegum. Í ljós kemur að saklaus maður hefur verið handtekinn og til að leysa þetta flókna mál þarf mikla nákvæmni.

Athugasemd: Sjá Steingrímur Sigfússon (156).

177.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Dauðasök. Reykjavík: BT – útgáfan, 1978.

150 s.

ISBN (númer óskráð)

Lögreglumaðurinn Sigurður og nýbökuð eiginkona hans, flugfreyjan Anna, eru á leið í brúðkaupsferð til Kanaríeyja. Áður en þau leggja af stað springa sprengjur sem komið hefur verið fyrir í farangursgeymslum á járnbrautarstöðvum víðs vegar um Þýskaland. Á leið sinni til Keflavíkursflugvallar eru ungu hjónin ásamt fleirum tekin sem gíslar af hryðjuverkamönnum sem komnir eru til landsins. Með rannsókn málsins fer rannsóknarlögreglumaðurinn Einar. Hann og félagar hans aðstoða þýskan lögreglumann við að hafa upp á hryðjuverkamönnum og frelsa gíslana úr þrísundinni.

178.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Engin spor. Reykjavík: höf., 1998. 264 s.

ISBN 9979603933

Miðaldra maður er skotinn í brjóstið í stofunni heima hjá sér. Rannsóknarmennirnir Halldór, Egill, Erlendur og Hrefna fá málið til rannsóknar. Þegar farið er að skoða það kemur í ljós að faðir mannsins var einnig skotinn á þessum sama stað fyrir áratugum síðan. Hægt og bítandi kemur saga þessarar fjölskyldu í ljós.

179.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Sjá Leynardómar Reykjavíkur (119)

180.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Flateyjargáta. Reykjavík: Mál og menning, 2002. 284 s.

ISBN 9979323566

Árið 1960 fóru þrír skipverjar frá Flatey út í Ketiley í selalögn. Þegar komið er í eyna finnur yngsti skipverjinn lík af manni. Sýslumaðurinn á Patreksfirði ásamt lögreglunni í Flatey rannsaka málið. Um leið og við fáum að heyra hvernig rannsókninni miðar áfram er líka sagt frá Flateyjarbók en í henni er dulmálslykill. Ef hann er leystur kemur lausn málsins í ljós.

181.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Móðurmissir. s. 65-79.

Sjá Smá glæpir og morð (147)

Eldri kona finnst látin í frystiklefa á heimili sínu. Sonur konunnar segir farir sínar ekki sléttar og málið er rannsakað.

182.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Afturelding. Reykjavík: Mál og menning, 2005. 285 s.

ISBN 9979326727

Raðmorðingi gengur laus. Á nokkrum dögum hefur hann drepið nokkra menn sem eru á gæsaskytteri. Rannsóknarlögreglumennirnir Birkir Li, Gunnar, Dóra, Símon og Magnús yfirmaður þeirra rannsaka þetta flókna mál. Í rannsókninni kemur í ljós að löngu liðnir atburðir tengjast henni og hafa áhrif á lausn málsins.

183.

Viktor Arnar Ingólfsson 1955. Sólstjakar. Reykjavík: Mál og menning, 2009. 286 s.
ISBN 9789979330738

Sagan hefst í Þýskalandi þar sem sendiherra Íslands í Berlín heldur boð á skrifstofu sinni. Í boðinu eru ólíkir einstaklingar sem sumir þekkjast innbyrðis. Daginn eftir boðið finnst einn gesturinn myrtur. Rannsóknarlögreglumennirnir Birkir Li og Gunnar eru sendir frá Íslandi til Berlínar til að leysa gátuna. Rannsóknin berst til Íslands og í ljós koma löngu liðnir atburðir eins og barnanið. Þegar slíkir hlutir eru annarsvegar er alltaf einhver sem á harms að hefna.

184.

Yrsa Sigurðardóttir 1963. Þriðja táknið. Reykjavík: Veröld, 2005. 351 s.
ISBN 997978900X

Þýskur námsmaður finnst myrtur í Háskóla Íslands. Foreldrar mannsins eru ekki ánægðir með hvernig tekið er á rannsókn málsins og fá lögfræðinginn Þóru Guðmundsdóttur til að rannsaka það fyrir sig. Í ljós kemur að maðurinn var að vinna verkefni við að bera saman galdra á Íslandi á 17. öld og galdra á meginlandi Evrópu. Rannsóknin berst víða um Ísland og áður en að er gáð er flókin og erfið morðgáta leyst.

185.

Yrsa Sigurðardóttir 1963. Sér grefur gröf. Reykjavík: Veröld, 2006. 384 s.
ISBN 9979789158

Árið 1946 er framinn andstyggilegur glæpur á Snæfellsnesi. Árið 2006 leitar Jónas, sem fest hefur sér landareign á svæðinu og ætlar að reisa þar heilsuhótel, til Þóru Guðmundsdóttur lögfræðings vegna galla á eigninni. Gallinn er ekki eitthvað sem sést heldur telur Jónas að um reimleika sé að ræða. Þóra ákveður að skoða málið og fer vestur á Snæfellsnes. Þegar hún er nýkomin þangað finnst lík ungrar konu í flæðarmálinu. Grunur fellur á Jónas og þarf Þóra að hafa sig alla við til að sanna sakleysi hans.

186.

Yrsa Sigurðardóttir 1963. Aska. Reykjavík: Veröld, 2007. 380 s.

ISBN 9789979789284

Hér segir frá því þegar farið er að grafa upp hús sem urðu undir ösku í eldgosinu í Vestmannaeyjum árið 1973. Við uppgröftinn finnast nokkur lík í kjallara eins hússins. Lögmaðurinn Þóra Guðmundsdóttir hefur verið fengin til að rannsaka málið og beinist grunur fljótt að fyrrum íbúum þess. Meðan á rannsókn stendur finnst annað lík og um leið koma í ljós gömul leyndarmál úr fortíðinni.

187.

Yrsa Sigurðardóttir 1963. Auðnin. Reykjavík: Veröld, 2008. 330 s.

ISBN 9789979789482

Á Grænlandi eru rannsóknarbúðir þar sem fólk dvelur við rannsóknir til lengri og skemmri tíma. Á staðnum hafa tveir Íslendingar verið við störf. Þegar ekki næst samband við þá er sendur út leiðangur til að kanna ástæðuna fyrir því. Með í leiðangrinum eru lögmaðurinn Þóra Guðmundsdóttir og kærasti hennar Matthew. Í ljós kemur að á svæðinu hafa ýmsir undarlegir atburðir gerst, menn hafa horfið og heimamenn hafa illan bifur á þessum rannsóknarbúðum.

188.

Yrsa Sigurðardóttir 1963. Horfðu á mig. Reykjavík: Veröld, 2009. 388 s.

ISBN 9789979789628

Hér segir frá draugagangi í húsi í Mosfellsbæ. Ung stúlka verður fyrir bíl og deyr þegar hún er á leiðinni að gæta barns en ökumaðurinn flýr af vettvangi. Stúlkan gengur aftur á heimili barnsins, sem hún átti að gæta. Útvarpsmaður fær dularfullar og óhugnanlegar símhringingar í beinni útsendingu þar sem hann er minntur á liðna atburði. Fyrir nokkrum árum varð eldsvoði á sambýli fyrir fólk með raskanir, í honum létust fimm manns. Vistmaður á sambýlinu var grunaður um verknaðinn og situr nú af sér dóm. Vini mannsins áskotnast fjárupphæð og vill eyða henni í að taka málið upp að nýju. Lögmaðurinn Þóra Guðmundsdóttir rannsakar málið sem er flókið og viðkvæmt.

189.

Þorfinnur Guðnason 1959. Atvikið á Smiðjustígnunum. s. 187-216.

Sjá Smá glæpir og morð (147)

Óveðrið geysar og margir atburðir gerast allir í einu. Maður hverfur, lík finnst og ungur maður finnst í dauðadáti.

190.

Þorsteinn Antonsson 1943. Sálumessa 77. Reykjavík: Iðunn, 1978. 122 s.

ISBN (númer óskráð)

Hér segir frá hjónum sem eiga í erfileikum í hjónabandi sínu og ná ekki að leysa þá. Kvöld eitt fer maðurinn út að skemmta sér með vinum sínum. Þegar hann kemur heim virðist sem konan hafi líka farið út að skemmta sér og hitt mann sem fór með henni heim. Þegar eiginmaðurinn kemur heim og heyrir um þetta kýlir hann konuna sem fellur og deyr þegar hún rekur höfuðið í. Þegar lögreglan kemur á staðinn segir eiginmaðurinn farir sínar ekki sléttar.

191.

Þóra Andrésdóttir. Heimferðin. s. 124-125.

Sjá Svikarinn: Gaddakylfan 2008 (167)

Á leið úr vinnunni heyrir maður kallað á hjálp og hringir á lögreglu.

192.

Þórarinn Gunnarsson 1964. Bráðar eru blóðnætur. [Reykjavík]: Tölvuland, 2009. 181 s.

ISBN 9789979989431

Raðmorðingi er laus og hefur myrt ótal marga á óhugnanlegan hátt. Listmálari ræður fyrrsætur í vinnu en engin þeirra hefur snúið aftur frá því starfi. Með rannsókn málsins fara leynilögreglumennirnir Axel og Georg. Sú rannsókn er erfið og flókin þar sem morðinginn er miskunnarlaus og snjall. Hann lætur ekki ná sér auðveldlega.

193.

Þórarinn Gunnarsson 1964. Svartar sálir. Reykjavík: Tölvuland, 2008. 246 s.

ISBN 9789979989400

Maður rænir konum af asískum uppruna og myrðir þær síðan. Hann vill hafa fullkomið vald yfir konunum og leikur sér að þeim eins og köttur að mús. Á svipuðum tíma verða ótímabær dauðsföll hjá sjúklingum á Landsspítalanum. Axel rannsóknarlögreglumaður rannsakar bæði málin ásamt samstarfsfólki sínu. Rannsóknin er erfið og flókin og morðingjarnir flinkir að leynast.

Athugasemd: Þessi bók er sjálfstætt framhald bókarinnar Ógn.

194.

Þórarinn Gunnarsson 1964. Ógn, Reykjavík: CPU, 2007. 189 s.

ISBN 9789979703396

Hér segir frá hjónum sem ætla að eiga rómantíska helgi í sumarbústað. Þegar þangað er komið birtist maður sem myrðir þau bæði. Á svipuðum tíma er annað morð framið á hryllilegan hátt. Morðin voru greinilega bæði skipulögð og ákveðin fyrirfram. Rannsóknarlögreglumennirnir Axel, Sigrún og Baldur sjá um rannsókn málsins og mega þau hafa sig öll við til að ná morðingjanum.

195.

Þórunn Erla Valdimarsdóttir 1954. Kalt er annars blóð. Reykjavík: JPV útgáfa, 2007.

332 s.

ISBN 9789979656180

Þegar Ásta fer að skoða myndir sem hún tók fyrir norðan bregður henni í brún. Myndirnar eru af hröfnum og þegar Ásta stækkar myndirnar á skjánum sést að þeir eru að gæða sér á mannshönd. Ásta hringir strax í lögregluna og lætur vita um þetta. Rannsóknarlögreglumaðurinn Leó fer með málið ásamt samstarfsmönnum sínum. Síðar kemur í ljós að eigandi handarinnar hefur verið skotinn. Þegar fyrrverandi fyrirsæta skýtur á stytta af landsföðurnum á Austurvelli kemst lögreglan að því að sama byssa var notuð til að skjóta manninn sem hrafnarnir gæddu sér á.

196.

Þráinn Bertelsson 1944. Englar dauðans. Reykjavík: JPV útgáfa, 2007. 339 s.

ISBN 9789979656111

Í sumarbústað við Þinvallavatn finnast lík þriggja einstaklinga. Yfirmaður rannsóknarlögreglunnar, Víkingur Gunnarsson, er staddur ásamt eiginkonu sinni í Hollandi að leita að syni hennar sem er eiturlyfjaneytandi. Hann er kallaður heim vegna morðanna og nú hefst rannsókn sem berst víða, rannsókn sem tengist ofbeldi og eyturlyfjum. Nú reynir á rannsóknarlögregluteymið Randver, Dagnýju og Terje undir styrkri stjórn Víkings.

197.

Þráinn Bertelsson 1944. Sölumaður deyr. s. 31-49. Sjá Morð (126)

Ungt par festir kaup á íbúð og situr uppi með lík.

198.

Þráinn Bertelsson 1944. Valkyrjur. Reykjavík: JPV útgáfa, 2005. 332 s.

ISBN 9979791144

Rithöfundurinn Freyja finnst látin í bíl sínum við Rauðhóla. Víkingur Gunnarsson yfirmaður rannsóknarlögreglunnar sendir Terje samstarfsmann sinn og Guðrúnu Sólveigu úr tæknideildinni á staðinn. Í fyrstu er talið að um sjálfsmorð sé að ræða en síðar kemur annað í ljós. Freyja hefur verið að skrifa bók þar sem fyrrverandi eiginkonur tveggja frægra manna segja opinskátt frá einkalífi sínu. Handritið að bókinni er horfið og um leið og rannsóknarlögreglan rannsakar morðið þarf hún líka að finna handritið og takast á við efnahagslegt og pólitískt valdatafl.

199.

Þráinn Bertelsson 1944. Dauðans óvissu tími. Reykjavík: JPV útgáfa, 2004. 371 s.
ISBN 9979781602

Á upptökuheimilinu Bjargi dvelja tólf drengir. Því er þannig háttað á heimilinu að einn af unglingunum er valinn til að vera umsjónarmaður. Kvöld eitt reynir sá að nauðga einum drengnum en er drepinn af vini hans. Framið er morð á manni sem tengist Haraldi Rúrikssyni bankamanni og úrásarvíkingi. Rannsóknarlögreglumennirnir Áslákur Kaaber og Víkingur Gunnarsson hefja rannsókn á málinu. Inn í það fléttast bankarán sem tengist þeim sem voru á upptökuheimilinu Bjargi.

200.

Þráinn Bertelsson 1944. Tungumál fuglanna/Tómas Davíðsson. Reykjavík: Svart á hvítu, 1987. 327 s.
ISBN (númer óskráð)

Tómas, ritstjóri á Helgartíðindum, fær símtal þar sem maður segist vita að blaðið eigi í fjárhagserfiðleikum og býður honum samning. Hann býðst til að útvega blaðinu eina stóra frétt á viku og það eina sem blaðið þarf að gera er að lofa að birta fréttina. Tómas gengur að skilmálunum og fyrsta fréttin kemur í hús. Þegar fréttirnar verða alltaf um alvarlegri hluti fer Tómas að efast um skilmálana en spurning er hvort það sé of seint.

201.

Ævar Rafn Björnsson 1976. Úr fjarlægð. s. 88-93. Sjá 13 krimmar (1)

Þráhyggja manns gagnvart konu leiðir til ýmissa verka.

202.

Ævar Örn Jósepsson 1963. Önnur líf. Akranes: Uppheimar, 2009. s. 348

ISBN 9789979659525

Erla, ungur lögfræðinemi, tekur þátt í búsáhaldabyltingunni af lífi og sál. Hún, ásamt öðrum mótmælendum, fer eins oft og hún getur og lætur í ljós óánægju sína með hvernig komið er fyrir þjóðinni. Kvöld eitt eftir mótmæli í miðbæ Reykjavíkur er hún á leið heim. En þangað kemst hún aldrei, heldur finnst hún myrt við kirkju aðfaranótt frídags verslunarmanna. Katrín rannsóknarlögreglukona gætti Erlu þegar hún var lítil stelpa. Hún leggur sig alla fram við að rannsaka málið en vantar sárlega til liðs við sig þá félagar Árna og Stefán, en þeir eru báðir vant við látnir.

203.

Ævar Örn Jósepsson 1963. Land tækifæranna. Akranes: Uppheimar, 2008. 348 s.

ISBN 9789979659167

Tvær bræður frá Póllandi stunda vafasöm viðskipti hér á landi. Dag einn finnst annar bróðirinn myrtur í iðnaðarhúsnaði í Hafnafirði. Rannsóknarlögreglumennirnir Stefán, Árni, Katrín og Guðni eru kölluð til að fara yfir málið. Til viðbótar við þetta mál finnst annar maður illa útleikinn, maður sem hafði verið einn af útrásarvíkingum landsins. Við rannsóknina kemur í ljós að þessi tvö mál tengjast og eru erfið og flókin.

204.

Ævar Örn Jósepsson 1963. Sá yðar sem syndlaus er. Akranes: Uppheimar, 2006. 357

s.

ISBN 997997723X

Fráskilinn, drykkfelldur og trúaður eldri maður finnst látinn í stofunni heima hjá sér. Þegar hann finnst hefur hann verið látinn í margar vikur. Á reiknisyfirliti frá bankanum sést að áður en hann dó eignaðist hann 16 milljónir. Leynilögreglumennirnir Stefán, Árni, Katrín og Guðni sjá um rannsóknina. Við hana kemur í ljós að margir eiga hlut að máli og það er margt sem þarf að leysa.

205.

Ævar Örn Jósepsson 1963. Blóðberg. Reykjavík: Mál og menning, 2005. 403 s.
ISBN 9979326972

Dag einn í febrúar verður alvarlegt vinnuslys við Kárahnjúkavirkjun þar sem sex manns farast. Rannsóknarlögreglumennirnir Árni, Guðni, Katrín og Stefán eru send austur að virkjuninni til að rannsaka málið. Aðstæður þar eru slæmar, mikið veðrahaf og allt kolófært. Í byrjun rannsóknar er haldið að um hryðjuverk sé að ræða en þegar líður á rannsóknina verður ljóst að það sem áður var talið hryðjuverk er morð af ásetningi. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að á staðnum hefur viðgengist allskyns glæpastarfsemi eins og vændi og eiturlyfjanoftkun.

206.

Ævar Örn Jósepsson 1963. Svartir englar. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2003.
364 s.
ISBN 9979217154

Birgitta sem er virtur kerfisfræðingur, fráskilin og tveggja barna móðir hverfur dag einn. Þegar fyrrverandi eiginmaður hennar ætlar að skila börnunum finnur hann hana hvergi. Lögreglan er látin vita og með rannsókn málsins fara Stefán aðalvarðstjóri og hans fólk, Katrín, Árni og Guðni. Yfir starfi Birgittu hvílir mikil leynd og ljóst er að margir vilja nálgast þær upplýsingar sem hún býr yfir. Þegar Birgitta finnst látin þarf rannsóknarlögreglan að herða á rannsókninni og finna lausn á málinu.

207.

Ævar Örn Jósepsson 1963. Skítadjobb. Reykjavík: Mál og menning, 2002. 349 s.
ISBN 997932354X

Eldri kona kemur að manni sem fallið hefur niður af háu fjölbýlishúsi. Rannsóknarlögreglumennirnir Árni og Stefán mæta á vettvang ásamt tæknimönnum og öðrum liðsmönnum lögreglunnar. Fyrst er haldið að um sjálfsmorð sé að ræða en þegar líður á rannsóknina kemur annað í ljós.

Ritaskrá II

Greinar um glæpasögur almennt

208.

Jón Yngvi Jóhannsson. (2009). Frá Flugumýri til fjármálakreppu: íslenskar skáldsögur ársins 2008. *Tímarit Máls og menningar*, 70(1), 21-34.

Hér ræðir Jón Yngvi Jóhannsson um íslenskar skáldsögur ársins 2008. Hann segir frá því að í fyrsta sinn í langan tíma hafi hann verið frjálssandi í bókavertíðinni og getað valið sjálfur þær bækur sem hann vildi lesa. Talið er upp hvaða bækur hann valdi og síðan er umfjöllun um þær.

209.

Karl Steinar Valsson. (2001). Í skjóli raunveruleikans: íslenskar glæpasögur í lögreglurannsókn. *Tímarit Máls og menningar*, 62(1), 58-60.

Hér fjallar Karl Steinar Valsson um hvernig íslenskar glæpasögur endurspeglar þann raunveruleika sem lögreglumenn búa við. Byrjað er á að ræða um að aukin tíðni glæpa og afbrota hafi gefið rithöfundum miklu meiri möguleika til að skrifa trúverðuga glæpasögu. Rætt er um hve fáar glæpasögur hafi í raun verið skrifaðar og að það hefði verið nánast útilokað að sviðsetja morð og skrifa um það. Fjallað er um persónusköpun og uppbyggingu spennu í bókum.

210.

Katrín Jakobsdóttir. (2009). Engin glæpasagnakreppa: íslenska glæpasagnaárið 2008. *Tímarit Máls og menningar*, 79(1), 36-49.

Hér fjallar Katrín Jakobsdóttir um íslenska glæpasagnaárið 2008. Hún segir að undanfarinn áratugur hafi verið gósentíð glæpasagnaritunar. Sérstaklega frá árunum 1997-1998 en þá hafi stigið fram á sjónarsviðið nýir öflugir höfundar. Greinarhöfundur fjallar síðan um nokkrar bækur nýrra og eldri höfunda.

211.

Katrín Jakobsdóttir. (2003, 5. júlí). Glæpasögur og íslensk þjóðarsál. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=740100

Hér fjallar Katrín Jakobsdóttir um skjótan frama Arnalds Indriðasonar og vinsældir glæpasagna hérlendis. Í dag þekkja flestir Íslendingar Glerlykilinn sem eru norræn glæpasagnaverðlaun og hafa fallið Íslendingi í skaut tvö ár í röð. Katrín bendir á að seint á tíunda áratugnum hafi orðið umskipti í glæpasagnaritun hér á landi. Þá hafi stigið fram á sjónarsviðið þrjár glæpasagnahöfundar sem allir vöktu einhverja athygli. Þeir voru Stella Blómkvist, Árni Þórarinsson og Arnaldur Indriðason. Hún segir að í dag séu glæpasögur engin nýung og með reglulegu millibili stígi hér fram á sjónarsviðið nýir höfundar. Fólki er jákvætt gagnvart íslenskum glæpasögum og eru útlán þeirra á bókasöfnunum mikil. Katrín ræðir um hvernig persónur eru í bókum Arnalds Indriðasonar og telur að þær eigi stóran þátt í vinsældum bókanna. Hún fjallar ennfremur um hlut kvenna í íslenskum glæpasögum, segir að íslenskir glæpasagnahöfundar séu karllægir í skrifum sínum og dragi upp staðlaðar kvenímyndir án mikillar ígrundunar. Að lokum talar hún um að íslenskar glæpasögur séu orðnar viðurkenndur hluti af bókmenntaheiminum.

212.

Katrín Jakobsdóttir. (2005). Söguljóð borgarinnar: um borgarlandslagið í íslenskum glæpasögum. *Tímarit Máls og menningar*, 66(1), 10-30.

Hér fjallar Katrín Jakobsdóttir um umhverfi glæpasagna. Hún segir að í íslenskum glæpasögum sé reynt að skapa mýtu um glæpaborgina Reykjavík. Hún greinir frá nokkrum bókum og umhverfinu sem þær gerast í. Hvernig bækurnar eru ef þær gerast í stórborg eða í sveit. Hún ræðir um hvernig sögupersónurnar eru tengdar því umhverfi sem þær alast upp við. Hún segir það áberandi í bókum Arnalds Indriðasonar að hugsað sé um borgina í andstöðu við sveitina.

213.

Katrín Jakobsdóttir. (2004). „Ömurlegt, íslenskt morð”: feður, synir og fjölskyldur í samfélagi íslenskra glæpasagna. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands.

Í þessari BA-ritgerð fjallar Katrín Jakobsdóttir um sögu íslenskra glæpasagna. Hún gerir bókmenntagreininni skil og skoðar samfélagsmynstur sagnanna. Einnig er fjallað um sögufléttur, sögusvið og persónulýsingar íslenskra glæpasagna.

214.

Krimmar. (1995, 1. júní). *Helgarpósturinn*, bls. 15. Sótt 1. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=233947&pageId=3192887&lang=is&q=Le%F3%20E.%20L%F6ve

Hér er fjallað um nokkrar glæpasögur og höfunda þeirra. Sagt er frá því að ritstjórar Alþýðublaðsins hafi yfirleitt þótt skarpgreindir og bókmenntalega sinnaðir. Til dæmis hafi einn af þeim, Ólafur Friðriksson sem skrifaði undir dulnefninu Ólafur við Faxafen ritað bókina *Allt í lagi* Reykjavík árið 1939. Um 1950 hafi Valur Vestan, réttu nafni Steingrímur Sigfússon, skrifað spennubækurnar um Krumma og þjón hans Tóka og Gunnar Gunnarsson hafi svo skrifað um spæjarann Margeir í tveimur sögum sem gefnar voru út 1979 og 1980. Um svipað leyti hafi komið út tvær bækur eftir Jón Birgir Pétursson, *Vitnið sem hvarf* og *Einn á móti milljón*. Einnig eru nefndar bækur eftir Þráin Bertelsson og Leó E. Löve. Sagt er frá því að Birgitta H. Halldórsdóttir sé einn afkastamesti rithöfundur landsins og sendi hún frá sér að meðaltali eina bók á ári.

215.

Ragnhildur Sverrisdóttir. (2002, 10. mars). Glæpasögur í eðli sínu formúlubókmenntir. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=656453

Hér er fjallað um viðtal sem Ragnhildur Sverrisdóttir tók við Katrínu Jakobsdóttur. Þar er fjallað ítarlega um eðli og gerð glæpasagna. Rætt er um að Katrín hafi ákveðið að skrifa BA-ritgerð sína um íslenskar glæpasögur þar sem enginn hafi rannsakað þær áður og ekkert yfirlit væri til yfir þær. Katrín segir að það sé fyrst á allra síðustu árum að vegur glæpasagnanna hafi aukist. Hún segir að íslenskar glæpasögur séu ekki séríslenskar þótt sögusviðið sé það, þar að auki teljist glæpa- og spennusögur ekki til fagurbókmennta. Rætt er um hvernig glæpasögur á Íslandi eru skrifaðar og hvernig spæjararnir sem leysa gáturnar séu gerðir. Að lokum er sagt að glæpasagan sé áhugavert rannsóknarverkefni fyrir bókmenntafræðinga og að öllum líkindum eigi íslenskum glæpasögum eftir að fjölga á næstu árum.

216.

Skapti Hallgrímsson. (2005, 2. október). Nauðsynleg og bráðskemmtileg afþreying. *Morgunblaðið*. Sótt 10. mars 2010 af http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1041463

Í þessari grein veltir Skapti Hallgrímsson fyrir sér hvort einhverjar sérstakar ástæður séu fyrir vinsældum íslenskra glæpasagna. Bent er á að vinsældir þeirra séu alltaf að verða meiri og ekki sé langt síðan lesning slíkra bókmennta þótti lítt sannfærandi. Höfundur ræðir við Árna Þórarinsson blaðamann og glæpasagnahöfund. Árni bendir á að lengi vel hafi því verið haldið fram að ekki gengi að skrifa krimma á Íslandi vegna þess hve fámenn þjóð við erum. Arnaldur Indriðason þekktasti glæpasagnahöfundur okkar tíma tekur í sama streng. Þeir segja að viðkvæðið það að aldrei gerist neitt hér á Íslandi sem hægt er að byggja glæpasögur á. Aftur á móti sé það eina sem skipti máli að glæpasagnahöfundurinn nái að gera sér mat úr því umhverfi sem hann hafi að vinna úr. Katrín Jakobsdóttir og Gunnar Gunnarsson eru einnig sammála þessu. Sagt er frá hinu íslenska glæpafélagi, hvenær það var stofnað og hver markmið þess eru. Rætt er við Ingibjörgu Rögnvaldsdóttur starfsmann Borgarbókasafns Reykjavíkur og félagsmann Hins íslenska glæpafélags og Stellu Blómkvist um ástæður vinsælda glæpasagna.

217.

Þórarinn Þórarinsson. (2002, 12. desember). Það er í tísku að drepa og meiða.

Fréttablaðið, bls. 22. Sótt 22. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=263515&pageId=3698317&lang=is&q=Stella%20BI%F3mkvist

Hér er fjallað um íslenskar glæpasögur, vinsældir þeirra og raunsæi. Sagt er frá því að í gegnum tíðina hafi glæpasagan notið gríðarlegra vinsælda. Hún hefur ekki þótt merkileg bókmenntagrein og þeir sem skrifa slíkar bækur hafa oft verið settir skör neðar en aðrir rithöfundar. Greint er frá því að engin furða sé að glæpasagan hafi átt undir högg að sækja þar sem Íslendingar hafi alltaf reynt að skrifa heimsbókmenntir í skugga Laxness. Bent er á að nú þyki ekki svo galið að skrifa glæpasögur þar sem Reykjavík er orðin svipuð öðrum stórborgum með glæpum og öðru sem þeim tilheyrir. Sagt er frá því að krimmabækur hafi verið að gerjast í bókmenntum á Íslandi um áratugaskeið. Farið er yfir sögu útgefninga bóka, nefnt að fyrsta sagan hafi verið íslenskur Sherlock Holmes sem kom út 1910. Rætt er um að glæpasagan sé í eðli sínu einfalt fyrirbæri en með kröftugri framsetningu, góðri persónusköpun og stíl sé hægt að hefja sig yfir meðalmennskuna. Að lokum er rætt almennt um persónur glæpasagna.

218.

Þráinn Bertelsson. (1978). Um finar bókmenntir og ófinar. *Tímarit Máls og menningar*, 39(1), 37-42.

Hér ræðir Þráinn Bertelsson um lestur Íslendinga og smekk þeirra á bókmenntum. Hann segir að talað sé um að þjóðin lesi orðið eingöngu kerlingabækur, ævisögur, ellióra og fleira slíkt. Nefnt er að sumum þyki glæpasagnalestur ekki fagur lestur. Hann segir erfitt að fullyrða að íslenska þjóðin hafi slæman bókmenntasmekk og að það verði að treysta lesandanum. Þráinn er ánægður með þá þróun mála að Mál og menning gefi út sænsku glæpasöguna *Morðið á ferjunni* eftir Sjöwall og Wahlöö.

219.

Pröstur Helgason. (1998, 8. desember). Ekki lengur þúkó. *Morgunblaðið*. Sótt 2. febrúar af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=436560

Hér er rætt um bakgrunn spennusagnanna, af hverju þær eru sífellt að verða vinsælli. Sagt er frá því að ekki hafi verið mikið skrifað af spennusögum hér á landi í gegnum tíðina. Pröstur segir að spennusagan eigi rætur sínar að rekja til þjóðsagna, ævintýra fyrri alda, skáldsagna, ræningjasagna og sannra sagna af glæpum. Greint er frá því að hægt sé að skipta spennusögum gróft í tvo flokka, Leynilögreglusögur og njósnasögur. Í leynilögreglusögunni er fundin lausn á glæp, oft er rangur aðili hafður fyrir sök þar til leynilögreglumáðurinn leysir málið. Í njósnasögum eru pólitísk átök, þar er njósnari í aðalhlutverki. Tekin eru dæmi um bækur og höfunda sem fjalla um og skrifa í þessum tveimur flokkum. Talað er um ástæður fyrir fjölgun glæpasagna á bókamarkaðnum. Síðan er rætt um nokkra höfunda og bækur þeirra.

220.

Pröstur Helgason. (2005, 24. desember). Eru íslenskir reyfarar góðar bókmenntir? *Morgunblaðið*. Sótt 12. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1057305

Hér er fjallað um hvort íslenskir reyfarar séu góðar bókmenntir. Bent er á að um það bil tuttugu reyfarar hafi komið út þetta haust. Pröstur segir að á síðustu tíu árum hafi verið skrifað meira af íslenskum glæpasögum en í allri Íslandssögunni samanlagðri. Margir hafi náð góðum tókum á þessari bókmenntagrein, megi þar nefna Arnald Indriðason sem njóti metvinsælda. Á hinum Norðurlöndunum eigi glæpasöguskrif sér lengri sögu en hér á landi. Pröstur efast um að það sé satt sem Friðrik Rafnsson bókmenntafræðingur segi um að glæpasögur fái alltof mikla umfjöllun í fjölmiðlum á kostnað annarra bókmennta. Bókmenntalegt gildi glæpasagna er að þær lýsa á raunsæjan hátt samtímanum og taka oft fyrir vandamál samfélagsins. Má þar nefna bækur Arnalds Indriðasonar og fleiri höfunda. Greinarhöfundur segir að mesti styrkur glæpasagna sé gott plott eða vel ofinn söguþráður en það sé ekki það sem gerir þær að góðum bókmenntum. Hann bendir á að það gerist þegar glæpasagnahöfundum tekst að opna löndum sínum algjörlega nýja þjóðfélagssýn.

Greinar um og eftir höfunda og bækur íslenskra glæpasagna og umfjallanir um þær

Greinar um og eftir Arnald Indriðason

Arnaldur Indriðason 1961

221.

Arnaldur Indriðason. (1985). Ef úngir menn kæmu á fót skotvarnarliði ...*Sagnir*, 6, 68-74.

Hér fjallar Arnaldur Indriðason um stefnu Jóns Sigurðssonar í landvarnar- og hermálum. Rætt er um þegar Jón Sigurðsson hóf fyrir alvöru afskipti af stjórnámálum og um landvarnir og vopnaburð. Skýrt er frá herútboði og stöðu Íslands í Norður-Atlantshafi.

222.

Elín Jóhannesdóttir. (2003). Í leit að „tímapjófum”. *Bókasafnið*, 27, bls. 75.

Hér ræðir Elín Jóhannesdóttir um bækur Arnalds Indriðasonar. Hún segir að eftir að hún varð atvinnulaus hafi hún nýtt tímann í lestur. Hún hafi þá kynnst bókum Arnalds og sé uppáhaldsbókin hennar Napóleonskjölin. Elín segir að henni finnist skemmtilegast hve bækur Arnalds séu myndrænar. Hún segist sjá allt í bókunum ljóslifandi fyrir sér, lyktina heima hjá Elínborgu og litlu íbúðina hans Erlends.

223.

Halldór Guðmundsson. (2005, 13. nóvember). Arnaldur er made. *Fréttablaðið*, bls. 57.

Sótt 13. mars 2010 af

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271060&pageId=3869524&lang=is&q=Arnaldur%20Indri%F0ason

Hér er greint frá því að Halldór Laxness hafi sagt „Og ef seinna bindið heppnast, þá er ég made, þá er ég búinn að skrifa skáldsögu í heimsformat.” Hann, eins og fleiri, þráði að skrifa góðar bækur og fá viðurkenningu heimsins. Fjallað er um að erfitt sé að slá í gegn á enskum bókamarkaði. Árið 2002 samdi Edda um útgáfu tveggja bóka Arnalds við MacLehose, breskt útgáfufyrirtæki. Sagt er frá því að það hafi verið líkt og selja sand til Sahara. Greint er frá því að fleiri höfundar hafi náð góðum árangri erlendis, til dæmis Guðbergur Bergsson og fleiri. Bent er á að bókmenntagildið skipti miklu meira máli en sölutölur. Fjallað er um að í sögum Arnalds sé tregablandinn tónn sem geri þær áhrifamiklar.

224.

Hávar Sigurjónsson. (2005, 17. nóvember). Engan Erlend takk! *Morgunblaðið*. Sótt 12. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1050148

Hér fjallar Hávar Sigurjónsson um þau tíðindi er hafa borist frá Bretlandi að þar þyki sumum aðilum nóg um framgöngu erlendra glæpasagnahöfunda. Hávar fjallar einnig um umtalsefni breska gagnrýnandans Marcel Berlins um að hin eftirsóttu verðlaun Gullni rýtingurinn falli æ oftar í hendur útlendinga. Því er velt upp hvort Bretland og Bandaríkin séu að tapa yfirburðum sínum í glæpasagnageiranum.

225.

Held að konur séu flóknari en karlar. (1999, 11. desember). *Dagblaðið Vísir-DV*, bls.

24. Sótt 30. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=199109&pageId=2993613&lang=is&q=%20Arnaldur%20Indri%F0ason

Hér er rætt við Arnald Indriðason. Byrjað er á að ræða um bókina Napóleons skjölin og farið yfir söguþráð hennar. Bent er á að Arnaldur hafi þurft að vinna töluverða heimildavinnu áður en hann byrjaði að skrifa bókina. Hann segist hafa gengið með bókina í höfðinu í þrjú ár og að söguþráðurinn hafi fæðst smátt og smátt. Greint er frá því að aðalpersóna sögunnar sé kona, hann hafi ákvaðið að hafa konu því oft séu karlsöguhetjur í glæpasögum staðnaðar og klisjukenndar. Arnaldur segir að það gefi honum meira frelsi að hafa aðalpersónuna konu því að konur séu flóknari en menn. Að eigin sögn hefur Arnaldur lesið spennusögur og reyfara alla sína ævi.

226.

Helga Brekkan. (2008, 16. ágúst). Glæpur að breyta farvegi jökulár. *Fréttablaðið*. bls.

32. Sótt 12. febrúar 2010 af <http://vefblod.visir.is/index.php?s=2290&p=60123>

Hér er viðtal sem Helga Brekkan tók við þýðandann Colette Bürling. Sagt er frá því að Bürling hafi haft hönd í bagga með frama Arnalds á markaðnum í Þýskalandi. Fleiri þúsundir Þjóðverja lesa bækur Arnalds og margir koma hingað til Íslands í „pílagrímsferð“, þær ferðir eru undir stjórn Bürling. Rætt er aðeins um líf og stöðu Bürling á Íslandi. Þegar hún er spurð af hverju hún hafi farið að þýða bækur Arnalds, segir hún að það hafi vantað íslenskan höfund í norrænu krimmaflórana. Hún segir skemmtilegt að þýða bækur Arnalds og hún hafi farið með honum til Þýskalands. Bürling fer með hópa á slóðir Erlends, aðalsögupersónuna í bókum Arnalds.

227.

Hrafnhildur Kvaran. (2005). *Leyndarmál fortíðarinnar: byrjunin er háð endinum: þrjú verk Arnaldar Indriðasonar*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands.

Í þessari BA-ritgerð er fjallað um þrjár bækur Arnalds Indriðasonar. Þær eru Mýrin, Grafarþögn og Röddin. Byrjað er á að fara yfir sögu glæpasagna á Íslandi og Norðurlöndunum. Síðan eru glæpirnir sem framdir eru í bókunum skoðaðir en þeir eiga það sameiginlegt að fjalla um sammannleg vandamál. Rætt er um fortíðina sem fylgir persónunum og vefst stöðugt fyrir þeim, síðan eru glæpum og refsingu gerð skil.

228.

Jón Knútur Ásmundsson. (2005). Arnaldur er stórt fyrirtæki. *Friðs verslun*, 67(10), 58-59.

Hér er fjallað um að Arnaldur sé fyrirtæki sem afli mikilla tekna. Áætlað er að heildartekjur af sölu bóka hans sé um 1,4 milljarður króna frá upphafi. Talað er um að það séu ekki mörg ár síðan íslenskar glæpasögur þóttu ótrúverðugar og hallærislegar. Í þessum málum hafi orðið algjör bylting og bækur Arnalds séu gífurlega vinsælar. Sagt er frá því að augljóst sé að Eddumenn hafi tröllatru á verkum hans og að bækur Arnalds skapi mikil söluverðmæti. Rætt er um að það hjálpi Arnaldi að vera frá Íslandi þó það hafi ekki gert það fyrir nokkrum árum.

229.

Katrín Jakobsdóttir. (2005). Merkingarlausir Íslendingar: um samfélag og þjóðerni í sögum Arnaldar Indriðasonar. *Skírnir*, 179, 141-159.

Hér er fjallað um samfélag og þjóðerni í bókum Arnalds Indriðasonar. Byrjað er á að segja frá hver er talin fyrsta glæpasagan á Íslandi og síðan rætt um þjóðerni og sjálfsmynd. Katrín segir að með því að nýta sér kenningar um sjálfsmynd þá megi greina samfélagsmynd íslenskra glæpasagna. Til dæmis út frá fortíð og nútíð, borg og sveit. Greinarhöfundur ræðir síðan samfélagsmyndina í sögum Arnalds Indriðasonar. Sagt er að í sögum hans sé íslenskt þjóðerni grátt og tregafullt.

230.

Kolbrún Bergþórsdóttir. (2004, 11. nóvember). Mannshvörf og metsölubækur.

Fréttablaðið, bls. 48-49. Sótt 1. apríl 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=264869&pageId=3738452&lang=is&q=%20Arnaldur%20Indri%F0ason

Hér ræðir Kolbrún við Arnald Indriðason um lífið, tilveruna, annir í útlöndum, bækurnar og sviðsljósið.

231

Kristín Árnadóttir. (2006). *Af hverju er Erlendur svona skemmtilegur: lögreglusögur Arnaldur Indriðasonar*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands.

Í þessari MA-ritgerð fjallar Kristín Árnadóttir um lögreglusögur Arnalds Indriðasonar. Hún byrjar á því að fjalla almennt um lögreglusöguna, hvaða skilyrði hún þurfi að uppfylla og hverjir eru taldir vera fyrstu fræðimenn á sviði sakamálasagna. Síðan fjallar Kristín um frásagnaraðferð Arnalds þegar hann skrifar bækur sínar. Hún fer yfir helstu persónur bókanna og veltir fyrir sér hvað það sé sem geri aðalsögupersónuna Erlend svona skemmtilegan.

232.

Kristín S. Árnadóttir. (2003). Hverra manna er Erlendur? Sögur Arnaldar Indriðasonar um Erlend Sveinsson og tengsl þeirra við sænsku raunsæissakamálasöguna. *Tímarit Máls og menningar*, 64(1), 50-56.

Hér er fjallað um sögur Arnalds Indriðasonar. Fyrst er byrjað á að ræða um sænskar glæpasögur og höfunda þeirra. Síðan er rætt er um hver Erlendur Sveinsson, aðalsögupersóna bókanna sé og hver séu tengsl bóka Arnalds við sænsku raunsæissakamálasöguna.

233.

Magnús Þór Þorbergsson. (2004, 28. mars). Góður rómur að glæpum. *Morgunblaðið*. Sótt 12. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=789396

Hér er fjallað um upplestrarferð Arnalds Indriðasonar til níu borga í Þýskalandi. Sagt er frá því að Frank Glaubrecht hafi lesið upp úr Grafarþögn og Arnaldur Indriðason síðan setið fyrir svörum. Um tugir áhorfenda hafi hlustað á og spurt spurninga að upplestrinum loknum. Bent er á að Mýrin hafi komið Arnaldi á framfæri í Þýskalandi, hann sé vinsæll í þar í landi og fái mikla athygli.

234.

Óneitanlega stórt tækifæri. (2002, 20. september). *Morgunblaðið*. Sótt 12. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=688769

Hér er sagt frá því að Réttindastofa Eddu – miðlunar og útgáfu hafi gert samning við Random House í Bretlandi um útgáfu á Mýrinni og Grafarþögn eftir Arnald Indriðason. Bent er á að þetta sé í fyrsta sinn sem íslenskar glæpasögur séu gefnar út í enskumælandi landi. Nefnt er að vel gangi hjá Arnaldi en útgáfuréttur á bókum hans hefur verið seldur til sex landa. Arnaldur sé að vonum ánægður með áhuga Breta á ritum sínum og segi tækifæri sem þessi stór.

235.

Rithöfundur er aldrei fullskapaður. (2003, 2. nóvember). *Fréttablaðið*, bls. 18. Sótt 30. nóvember 2010 af

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=263796&pageId=3708723&lang=is&q=Rith%F6fundur%20er%20aldrei%20fullskapa%F0ur%20Bett%FD

Hér er rætt við Arnald Indriðason. Fjallað er um bókina *Betty*, Arnaldur segist vera að vinna með ákveðna formúlu í þessari bók. Hann útskýrir að í henni séu bæði ástarþríhyrningur og ríkidæmi. Skýrt er frá því að bækur Arnalds hafi verið seldar til 14 landa og fyrir Mýrina hafi hann hlotið verðlaunin Glerlykilinn. Arnaldur segir föður sinn, Indriða G. Þorsteinsson, hafa sagt eftir að hafa lesið handritið að Mýrinni að þetta væri besta verk sonar síns. Arnaldur segir velgengni sína spennandi en hann er ekki eins hrifinn af ónæðinu sem henni fylgir. Hann segist fylgjast vel með gagnrýni en dvelji ekki lengi við hana.

Greinar um bækur eftir Arnald Indriðason

Betty

236.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2003). Háskakvendi á norðurslóðum. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 24. febrúar 2010 af

http://www.bokmenntir.is/default.asp?cat_id=821#Arnaldur%20Indriðason:%20Betty

Hér er fjallað um bókina *Betty* eftir Arnald Indriðason. Bent er á að glæpasögur hérlendis séu líkar því sem þær eru á hinum Norðulöndunum. Þær einkennast af ákveðnu félagsraunsæi í bland við samfélagslýsingar og eru nánast alltaf með rannsóknarlögreglumenn sem stjórna rannsókni. Til er annað form glæpa- og spennusagna og spreytir Arnaldur sig á því í bókinni *Betty*, formi sem kalla má harðsoðinn reyfara. Þannig sögur eru oftast sagðar í fyrstu persónu og í *Betty* er það gert. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og bent á að sem fyrr haldi Arnaldur sig við hefðbundar formúlur harðsoðins reyfara. Skáldsagan *Betty* er sögð fin viðbót við íslenskar glæpasögur.

Grafarþögn

237.

Arnaldur heillar Spánverja með „La muje de verde”. (2009, 4. maí). *Visir.is*. Sótt 3. mars 2010 af <http://www.visir.is/article/2009377801181>

Hér er sagt frá því að skáldsagan Grafarþögn eftir Arnald Indriðason hafi komið út á Spáni fyrir rúmum mánuði. Skýrt er frá því að sagan hafi gengið afburða vel og setið í efstu sætum metsölulistanna. Útgefandi segir að þakka megi jákvæðri umfjöllun velgengni bókarinnar.

238.

Ekkert minna en frábær. (2005, 21. janúar). *Morgunblaðið*. Sótt 3. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=840427

Hér er fjallað um bókina Grafarþögn. Sagt er frá því að stærstu blöð Danmerkur hafi birt frábæra dóma um bókina. Greint er frá söguþræði hennar og sagt að snilld Arnalds felist í því hversu fljótt hann náði að vekja athygli lesanda sinna. Í blaðinu Berlingske Tidende eru bókinni Grafarþögn gefnar sex stjörnur af sex mögulegum.

239.

Eva Sóley Sigurðardóttir. (2003). Grafarþögn. *Bókasafnið*, 27, bls. 77.

Hér fjallar Eva Sóley Sigurðardóttir um bókina Grafarþögn eftir Arnald Indriðason. Hún segir að íslenskar sakamálasögur hafi rutt sér til rúms og nýjir höfundar séu komnir fram. Fremstur í flokki sé Arnaldur Indriðason og hafi bækur hans vakið sífellt meiri athygli. Sagt er frá söguþræði Grafarþagnar og að stíllinn sé alþýðlegur, grípandi og sagan skrifuð á mannamáli.

240.

Grafarþögn hlýtur Glerlykilinn. (2003, 31. maí). *Morgunblaðið*. Sótt 3. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=734229

Hér er sagt frá því að skáldsagan Grafarþögn eftir Arnald Indriðason hafi hlotið verðlaunin Glerlykilinn. Greint er frá því að þetta sé annað árið í röð sem Arnaldur fái þessi verðlaun. Sagt er frá söguþræðinum í stuttu máli og að búið sé að selja útgáfurétt bókarinnar til margra landa. Greint er frá því að tvær kvikmyndir byggðar á sögu bókana séu í undirbúningi.

241.

Lof og prís frá Frakklandi. (2006, 10. september). *Fréttablaðið*, bls 26.

Hér er sagt frá því að spennusagan Grafarþögn hafi hlotið bókmenntaverðlaun í Frakklandi sem kennd eru við eyjuna Ouessant. Þetta eru þriðju verðlaunin sem Arnaldur Indriðason höfundur bókana, hlýtur frá Frakklandi á árinu. Hin eru Svarta hjartað fyrir Mýrina og hin virtu verðlaun Le Prix Mystère de la Critique fyrir sömu bók. Arnaldur segist glaður yfir þessari velgengni bóka sinna.

242.

Steinunn Inga Óttarsdóttir. (2001, 4. nóvember). Morðingjar og myrkraverur.

Morgunblaðið. Sótt 10. mars 2010 af

<http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?radnr=600521>

Hér er fjallað um bókina Grafarþögn eftir Arnald Indriðason. Greinarhöfundurinn finnst söguþráður bókarinnar trúverðugur og spennandi. Hann fjallar um söguþráð bókarinnar og segir í lokin að Grafarþögn sé vel skrifuð og skemmtileg spennusaga.

243.

Sveinn Haraldsson. (2002, 11. september). Skökk á sálinni. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=687066

Hér er rætt aðeins um Arnald og bækur hans, sagt frá því að hann hafi hlotið Glerlykilinn í fyrravor fyrir bók sína *Mýrina*. Fjallað er um þá gífurlegu vinnu sem felst í því að snúa sögu í bók yfir í leikrænt form. Það takist Arnaldi að gera með Grafarþögn á vandaðan hátt og án þess að spenna bókarinnar hverfi.

Harðskafi

244.

Kormákur Bragason. (2008). Bókmenntaspjall. *Stína*, 3(2). 123-134.

Hér er fjallað um innrás íslenskra reyfarahöfunda frá því um síðustu aldamót og um stærsta bókmenntaviðburð ársins 2008. Byrjað er á að segja frá því að á öldinni sem leið hafi glæpasögur verið eitt vinsælasta afþreyingarefnið á Íslandi. Flestar þessara bóka hafi verið þýddar skáldsögur eða kiljur á ensku, mjög oft breskar og amerískar. Margar hafi verið eftir skáldkonuna Agöthu Christie og Arthur Conan Doyle. Lengi framan af hafi íslenskir rithöfundar verið lítið áberandi, það hafi svo verið í kringum 1997 sem Arnaldur Indriðason kom með sína fyrstu sakamálasögu. Fleiri höfundar hafi svo fylgt í kjölfarið. Skýrt er frá því að það sem aðgreini glæpasöguna frá öðrum bókum sé ekki glæpurinn heldur formið. Fjallað er um bókina *Harðskafa* eftir Arnald Indriðason, sagt að það sem geri hana athyglisverða sé hve vel hefur tekist að skapa aðalpersónurnar. Einnig er sagt frá fleiri bókum.

245.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2007). „Einhver draugalýsulog.” *Bókmenntavefurinn*. Sótt 24.

febrúar 2010 af

http://www.bokmenntir.is/display.asp?cat_id=383#Arnaldur%20Indriðason:%20Harðskafi

Hér fjallar Úlfhildur Dagsdóttir um bókina *Harðskafa* eftir Arnald Indriðason. Byrjað er á að greina frá því að kápan á bókinni sé einstaklega vel heppnuð. Síðan er þess getið að *Harðskafi* sé nafn á fjalli þar sem bróðir Erlends aðalsögupersónunnar týndist í snjóbyl og lík hans fannst aldrei. Sagt er að tók Arnalds á glæpaforminu séu orðin slíkt að að honum takist að flétta svokallaða hefðbundna glæpasagnaþræði fimlega inn í miklu stærri sögu. Greint er frá því að í þessari sögu sé það sorgin eða missirinn sem sé aðalviðfangsefnið.

Kleifarvatn

246.

Eysteinn Þorvaldsson. (2004, 24. nóvember). *Blaðamaður buslar í Kleifarvatni:*

Skáldsögur og veruleiki. *Vísir.is*. Sótt 18. mars 2010 af

<http://www.visir.is/article/2004411240303>

Hér fjallar Eysteinn Þorvaldsson íslenskufraeðingur um vinnslu bókarinnar *Kleifarvatn*. Bókin gerist að hluta til í Leipzig í Þýskalandi, meðal íslenskra stúdenta. Eysteinn undrar sig á því að Arnaldur Indriðason, höfundur bókarinnar skuli ekki hafa kynnt sér heimildir um efnið sem þar eru ræddar. Sjálfur var Eysteinn sá fyrsti sem hóf nám í Leipzig eftir stríð. Hann bendir á að við lestur bókarinnar sé ekkert líkt með því sem raunverulega gerðist þar. Hann talar um að sumir samtímahöfundar leiti sér í auknum mæli heimilda þegar þeir skrifi glæpasögur. Eysteinn bendir á hæpið sé að sjá samsömun á því sem gerðist í bókinni og svo því sem gerðist í raunveruleikanum.

247.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir. (2004). Söknuður. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 22. febrúar 2010 af http://www.bokmenntir.is/default.asp?cat_id=821#Arnaldur%20Indriðason:%20Kleifarvatn

Hér fjallar Gunnþórunn Guðmundsdóttir um bókina Kleifarvatn. Hún talar um að hið dularfulla Kleifarvatn hafi hreinlega beðið eftir Arnaldi til að skapa því viðeigandi andrúmsloft. Hún segir að Arnaldur haldi áfram að þróa persónur bókanna, stíllinn sé góður og samtölin grípanði. Gunnþórunn segir bókina tregafulla en heillandi glæpasögu.

248.

Katrín Jakobsdóttir. (2005). Leyndarmál úr djúpinu. *Tímarit Máls og menningar*, 66(3), 113-116.

Hér ræðir Katrín Jakobsdóttir um bókina Kleifarvatn eftir Arnald Indriðason. Hún bendir á að Kleifarvatn hafi tekið miklum breytingum frá árinu 2000. Við jarðskjálftann sem reið yfir 17. júní það ár hafi myndast sprunga undir vatninu sem hafi valdið því að Kleifarvatn minnkaði að flatarmáli. Fjallað er um söguþráð bókarinnar og persónur. Katrín segir að flétta bókarinnar sé einföld, spenna hennar snúist um persónurnar og örlög þeirra. Hún segir það ekki nýtt að Arnaldur nýti sér sögulegan fróðleik í bókum sínum, sagan sé ekki síður söguleg skáldsaga en glæpasaga.

249.

Katrín Jakobsdóttir. (2004, 12. nóvember). Spenna og sósíalismi. *Múrinn*. Sótt 20. janúar 2010 af http://www.murinn.is/eldra_b.asp?nr=1428&gerd=Frettir&arg=5

Hér er fjallað um bókina Kleifarvatn. Aðeins er rætt um söguþráðinn og fléttuna sem höfundur greinarinnar finnst einföld. Persónusköpun í bókum Arnalds eykst með hverri bók og hér stækkar persóna Elínborgar til muna. Sagt er frá því að eins og oft áður nýti Arnaldur sér sögulegan fróðleik við gerð bóka sinna.

250.

Sigríður Anna Ólafsdóttir. (2005). Sárt að missa sárt að sakna: um Kleifarvatn Arnalds Indriðasonar. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Ísland.

Í þessari BA-ritgerð fjallar Sigríður Anna Ólafsdóttir um bókina Kleifarvatn eftir Arnald Indriðason. Byrjað er á að segja frá höfundum bókanna, hvað hann hefur afrekað, verðlaunum sem hann hefur hlotið og fleiri slíkum hlutum. Síðan er rætt um glæpasöguna og eðli hennar, um þær tvær grundvallarkenningar sem eru uppi um uppruna glæpasagna. Fjallað er um byggingu og tengsl sögunnar við ólíkar gerðir glæpasagna. Skýrt er frá persónusköpun og tengslum sögunnar við raunveruleikann.

251.

Soffía Auður Birgisdóttir. (2004, 13. nóvember). Hvarf–en hverfur aldrei.

Morgunblaðið. Sótt 12. mars 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=828776

Hér ræðir Soffía Auður um að mannhvörf séu gegnumgangandi í bókum Arnalds Indriðasonar enda það eitt af áhugamálum Erlends aðalpersónu bókanna. Bent er á að Arnaldur hafi vaxið og eflst sem höfundur með hverri bók. Það sem helst er talið honum til tekna er: í fyrsta lagi að stíll hans hafi tekið stórum framförum. Í öðru lagi hafi hann ekki staðnað heldur leitast við að fara ótroðnar slóðir. Í þriðja lagi hafi Arnaldi tekist vel að staðsetja sögur sínar í íslenskum veruleika. Að lokum er rætt um bókina Kleifarvatn og hve vel Arnaldi takist að nýta sér þjóðfélagsumræðu, nýlegar náttúruhamfarir, sagnfræði og bókmenntir í sögum sínum.

Konungsbók

252.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2006). Handritin heim. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 22. febrúar 2010 af http://www.bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Arnaldur%20Indriðason:%20Konungsbók

Hér ræðir Úlfhildur Dagsdóttir um Konungsbók eftir Arnald Indriðason, hún segir að þessi bók sé ólík hinum bókum hans. Í fyrstu lagi séu rannsóknarlögreglumennirnir Erlendur, Sigurður Óli og Elínborg víðsfjarri, í öðru lagi þá gerist sagan ekki í samtímanum og í þriðja lagi sé hún ekki vel heppnuð sem spennu- eða glæpasaga. Úlfhildur segir að þessi bók hafi valdið sér vonbrigðum. Fjallað er um söguþráð bókarinnar og að sumir hafi bent á að sagan líkist bókinni Da Vinci lykillinn. Að lokum er rætt um helstu kosti og galla bókarinnar.

Myrká

253.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2008). ...þarna er efinn. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 23. febrúar 2010 af http://www.bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Arnaldur%20Indriðason:%20Myrká

Hér ræðir Úlfhildur Dagsdóttir um bókina Myrká eftir Arnald Indriðason. Hún segir að það sé einhver viðkvæmnisblær yfir sögunni. Ekki að hún sé ljúf eða blíð, heldur sé það hvernig höfundur nálgast efnið og byggingu sögunnar sem gerir hana þannig. Sjálf sagan sé drungaleg og grimm glæpasaga. Í þessari sögu er aðalsögupersónan Erlendur ekki með en rannsókn glæpsins stýrir rannsóknarlögreglukonan Elínborg. Bent er á að það sé táknrænt að þegar glæpurinn fjalli um nauðgun þá sé það kona sem stýri rannsókninni. Í bókinni Myrká takist á grundvallarspurningar um réttlæti og refsingar sem líka séu spurningar sem leiti á lesandann að lestri er loknum.

254.

Þórarinn Þórarinsson. (2008, 5. nóvember). Seigfljótandi Myrká. *DV.is*. Sótt 12. febrúar 2010 af <http://www.dv.is/kritik/2008/11/5/seigfljotandi-myrka/>

Hér fjallar Þórarinn Þórarinsson um bókina Myrká. Hann segir það ekki tilviljun að þjóðin skuli gleypa við öllu sem komi frá höfundi enda Arnaldur höfuðpafi íslenskra bókmennta. Þórarinn finnst Arnaldur samt ekki óskeikull og segir að ekki sé allt snilld sem komi frá honum. Þórarinn ræðir um persónur bókarinnar, um Erlend sem þjóðin hefur tekið upp á arma sína en kemur ekki við sögu hér. Hann er viss um að margir muni sakna þess að aðalpersóna bókanna eftir Arnald sé ekki með í þessari sögu. Hér sé það Elínborg sem fær að njóta sín en Þórarinn er ekki mjög hrifinn af henni og efast hreinlega um hvort hann vilji kynnast persónunni nánar. Hann bendir á að í þessari bók eins og öðrum bókum Arnalds flétti hann inn í sögurnar samfélagsmálum sem séu í brennidepli, hér séu það dómur yfir kynferðisafbrotamönnum sem komi við sögu. Þórarinn gefur Myrká þrjár stjörnur af fimm.

Mýrin

255.

Morð í Norðurmýrinni. (2000, 23. nóvember). *Morgunblaðið*. Sótt 8. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=573253

Hér er fjallað um bókina Mýrina. Skýrt er frá því að á meðal margra skáldverka séu nokkrar íslenskar spennusögur. Þessi bókmenntagrein hafi sótt í sig veðrið undanfarin ár. Fjallað er aðeins um söguþráð bókarinnar. Bent er á að Arnaldur hafi notað íslenskan efnivið í bókum sínum og tengt sögurnar við þjóðfélagsþróunina. Rætt er um persónur bókanna og sagt að þær eigi sér ekki raunverulegar fyrirmyndir.

256.

Mýrin og Grafarþögn til Hollands. (2002, 23. maí). *Morgunblaðið*. Sótt 23. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=669406

Hér er sagt frá því að Réttindastofa Eddu – miðlunar og útgáfu hafi samið um útgáfuréttinn á bókum Arnalds, Mýrinni og Grafarþögn við forlagið Signature. Útgáfurétturinn á Mýrinni hafi áður verið seldur til Finnlands, Danmerkur og Þýskalands. Hún sé tilnefnd til Norrænu glæpasagnaverðlaunanna Glerlykilsins. Mýrin hafi að auki verið tilnefnd til Menningaverðlauna DV. Þá hafi útgáfurétturinn á bókinn Grafarþögn verið seldur til Þýskalands.

257.

Skafti Þ. Halldórsson. (2000, 2. nóvember). Gagnagrunnsglæpir. *Morgunblaðið*. Sótt 10. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=568699

Hér er fjallað um bókina Mýrina eftir Arnald Indriðason. Bent er á að ekki sé auðvelt að skrifa sannfærandi sakamálasögu sem gerist í íslenskum veruleika. Ástæðan sé aðallega smæð samfélagsins og að hér séu tiltölulega fáir stórglæpir. Talið er að sakamálasögur spegli vel ýmsan samfélagslegan vanda, þar sé hægt að sjá hvað helst herji á landið. Rætt er um söguþráð Mýrarinnar, hvernig Arnaldi tekst að byggja upp góða spennu og hvernig persónulýsingar eru. Fjallað er um kosti og galla sögunnar að einhverju leyti.

258.

Þormóður Dagsson. (2006, 25. mars). Hann Erlendur okkar. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1073682

Hér er fjallað um að nýlega hafi tölur hafist á kvikmyndinni Mýrinni eftir samnefndri bók Arnalds Indriðasonar. Höfundur greinarinnar talar um að það sé áhugavert og spennandi að bók sem heillaði hann sé kvikmyndað. Hann spyr hvort það sé kannski æðsta takmark bókarinnar að verða kvikmyndað? Bent er á að það sé nokkuð sérstakt að verið sé að kvikmynda Mýrina því aldrei áður hafi verið búnar til harðkjarna sakamálamyndir.

Napóleonskjölin

259.

Reynt á þanþol íslenskra spennusagna. (1999, 7. desember). *Morgunblaðið*. Sótt 10. febrúar af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=507375

Hér er fjallað um bókina *Napóleonskjölin* eftir Arnald Indriðason. Hann segir að sig hafi langað til að búa til alþjóðlegan spennutrylli. Fjallað er um söguþráðinn í stuttu máli. Rætt er um að spennusagan hafi ekki verið fyrirferðarmikil í íslenskum bókmenntum. Hún eflist hins vegar ár frá ári og telur Arnaldur að pláss sé fyrir slíka tegund skáldskapar í bókmenntaflórunni á Íslandi.

Svörtuloft

260.

Björn Ingi Hrafnsson. (2009, 9. nóvember). Björn Ingi rýnir í *Svörtuloft* Arnaldar: Sigurður Óli stígur fullskipaður út úr skugganum. *Pressan*. Sótt 22. febrúar 2010 af http://www.pressan.is/Menning/Lesa_Gagnryni/bjorn-ingi-rynir-i-svortuloft-arnaldar-indridason--sigurdur-oli-stigur-fullskapadur-ut-ur-skugganum

Hér ræðir Björn Ingi um viðtal sem hann átti fyrir löngu við Arnald Indriðason og fjallaði um bjartsýni íslenskra höfunda að skrifa glæpasögu. Hann fjallar síðan um bókina *Svörtuloft*, hvernig höfundur komist upp með að hafa ekki aðalsögupersónuna með en leyfi frekar öðrum persónum að njóta sín. Björn Ingi talar um að enn og aftur takist höfundi að ná til lesenda og að sanna styrk sinn.

261.

Geir Jón Þórisson. (2009, 4. desember). Geir Jón rýnir í bók Arnalds Indriðasonar. *Miðjan*. Sótt 1. mars 2010 af <http://midjan.is/2009/12/04/geir-jon-rynir-i-bok-arnalds/>

Hér fjallar Geir um bókina Svörtuloft og hvað honum finnst um hana. Hann segist hafa verið spenntur að byrja lesturinn því margir hafi lofað bækur Arnalds. Það sem kom Geir á óvart var að megin uppistaða bókarinnar eru tvær sögur. Honum fannst önnur sagan meira spennandi en hin og hefði viljað hafa þær í sitthvoru lagi. Geir segir það segja sína sögu að hann skyldi ekki leggja bókina frá sér fyrr en hún var búin.

262.

Ingvi Þór Kormáksson. (2009). Þrettánda sagan. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 23. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Arnaldur%20Indriðason:%20Svörtuloft

Hér fjallar Ingvi Þór Kormáksson um bókina Svörtuloft eftir Arnald Indriðason. Hann fjallar um stílinn, söguþráðinn, persónurnar og samskipti þeirra. Ingvi Þór nefnir hér einnig hversu líkir íslenskir glæpasagnahöfundar séu vissum erlendum höfundum.

263.

Páll Baldvin Baldvinsson. (2009, 2. nóvember). Þrettánda sagan. *Fréttablaðið*, bls. 21.

Hér fjallar Páll Baldvin Baldvinsson um bókina Svörtuloft og gefur henni dóm. Páll segir að í þessari bók rætist spá sem hann setti fram í ritdómi um Vetrarborgina. Í þeirri bók hafi verið kimi sem Arnaldur ætti eftir að leiða lesendur sína inn í og það geri hann í Svörtuloftum. Sagan gerist næstum á sama tíma og bókin Myrká og þar, eins og nú, sé Erlendur ekki með. Í þessari bók stjórnir Sigurður Óli rannsókninni, við fáum að kynnst honum og lífi hans nokkuð vel. Greinarhöfundur finnst Arnaldur halda vel utan um skipan frásagnar og stíllinn svipaður og í öðrum bókum hans. Hann segir að hér sé metnaður Arnalds að setja pólitíska lífsskoðun í stærra samhengi. Niðurstaða Páls um bókina er að hún sé meitluð og þaulhugsuð með nýjan og forvitnilegan sjónarhól Sigurðar Óla. Hann gefur bókinni þrjár stjörnur.

264.

Þórarinn Þórarinsson. (2009, 6. nóvember). Í góðum málum án Erlends. *DV.is*. Sótt 10. febrúar 2010 af <http://www.dv.is/kritik/2009/11/6/i-godum-malum-erlends/>

Í greininni byrjar Þórarinn á að fjalla aðeins um vinsældir Arnalds Indriðasonar. Hann ræðir um bókina Svörtuloft, að honum finnist sú bók vera besta og skemmtilegasta bókina sem höfundur hefur sent frá sér. Þórarinn segir að Arnaldur sýni hvers hann er megnugur þegar kemur að glæpasögum. Rætt er um að þó höfundur hafi ekki aðalsögupersónu flestra bóka sinna með í síðustu tveimur bókunum spjari hann sig samt vel og leyfi öðrum sögupersónum að njóta sín.

Vetrarborgin

265.

Freyr Gígja Gunnarsson. (2008, 19. desember). Breskir fjölmiðlar hefja Arnald upp til skýjanna. *Fréttablaðið*, bls. 70. Sótt 9. febrúar 2010 af <http://vefblod.visir.is/index.php?s=2669&p=67435>

Hér er rætt við Arnald Indriðason um dóma um bókina Vetrarborgin. Arnaldur segir að þó hann fái fína dóma fyrir bókina í Bretlandi þá sé hann ekki að fara að kaupa sér glænýjan Land Cruiser. Hann ætli áfram að skrifa fyrir Íslendinga því þeir hafi tekið honum best. Þeir góðu dómar sem Arnaldur fær eiga örugglega eftir að auka enn frekar á sölu bóka hans í Bretlandi. Gagnrýnandi Sunday Times, Joan Smith hrósar Vetrarborginni og segir hana koma til greina sem eftirminnilegasta glæpasaga ársins.

266.

Gunnþórunn Guðmundsdóttir. (2005). Napur vindur sem hvín. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 22. febrúar 2010 af

http://www.bokmenntir.is/display.asp?cat_id=383#Arnaldur%20Indriðason:%20Vetrarborgin.

Hér er fjallað um bókina Vetrarborgin eftir Arnald Indriðason. Gunnþórunni finnst kaldranalegt um að litast í því umhverfi sem sagan gerist í. Í bókinni taki Arnaldur fyrir málefni innflytjenda í Reykjavík og dragi upp sannfærandi mynd af því hvernig þeim málum sé háttað. Fléttan í þessari bók sé þétt og vel unnin, hún haldi lesandanum við efnið. Bent er á að sagan sé í góðu samræmi við andrúmsloftið sem í henni er. Að mati greinarhöfundar sýnir þessi bók örugg tök Arnalds á gerð glæpasagna.

Greinar um og eftir Árna Þórarinsson

Árni Þórarinsson

267.

Árni Þórarinsson. (2005). Frá mínum bæjardyrum. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 20. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=901&module_id=210&element_id=1174&author_id=107&lang=1

Í þessum pistli segir Árni Þórarinsson frá því hvernig sögurnar um Einar blaðamann voru hugsaðar frá hans sjónarhóli. Hann segir að hugmyndin hafi fæðst sumarið 1994 þar sem hann dvaldi í kofa í sænska skerjagarðinum. Árni sat úti á palli og var að lesa bók eftir Ross Macdonalds sem er einn af uppáhaldshöfundum hans. Allt í einu kom hellirigning og bókin sem greinarhöfundur var að lesa varð rennblaut, þá fór hann að hugsa um að skrifa sjálfur glæpasögu. Hann hugsaði sér að aðalsöguhetjan yrði drykkfelldur einfari og töffari með réttlætiskennnd.

268.

Árni Þórarinsson. (1999, 3 desember). Leyndardómar Reykjavíkur og önnur myrkraverk. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=506683

Hér er fjallað um viðtal sem Árni Þórarinsson tók við Kristinn Kristjánsson framhaldsskólakennara og íslenskufræðing. Kristinn er þegar viðtalið var tekið foringi Hins íslenska glæpafélags sem er félag áhugafólks um glæpasögur. Í viðtalinu er rætt um stofnun félagsins og framtíðaráætlanir. Kristinn segir að tegundir glæpasagna séu margar en hér á landi hafi spennusögur, einkaspæjarasögur og lögreglusögur verið vinsælastar. Í dag finnst honum norrænu og spænsku hefðirnar áhugaverðastar. Hann segir að einn af uppáhaldshöfundunum sínum sé hinn sænski Henning Mankell. Staða glæpasögunnar sé sífellt að styrkjast og farið sé að líta á hana sem bókmenntagrein sem skipti máli. Að lokum ræðir Kristinn um fyrstu íslensku glæpasögunnar og segist bjarsýnn um framtíð þeirra.

269.

Freysteinn Jóhannsson. (2006, 18. nóvember). Fantagóður krimmi. *Morgunblaðið*, bls. 16. Sótt 2. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284011&pageId=4118514&lang=is&q=J%F6kull%20Valsson%20%20B%F6rnin%20%ED%20H%FAmd%F6lum

Hér er rætt við þá féлага Árna Þórarinsson og Pál Kristin Pálsson. Spurt er hvernig þeir fari að því að skrifa bók saman. Þeir segjast búa til plottið saman, efnisútdrátt fyrir hvern kafla og persónulýsingar. Þeir skrifi svo söguna í sitt hvoru lagi, skrifi hvor sinn kafla og sendi á milli sín. Bent er á að það sé mikil vinna að samræma stílinn svo bókin verði samfelld eining. Rætt er nánar um hvernig þeir búa til sameiginlega sögu og ákveði hvernig hún á að vera.

270.

Katrín Jakobsdóttir. (e.d.). Ný tegund íslenskra glæpasagna. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 10. febrúar 2010 af http://100.bokmenntir.is/hofundur.asp_cat_id=890&module_id=210&element_id=1162&author_id=107&lang=1

Hér fjallar Katrín Jakobsdóttir um verk Árna Þórarinssonar. Hún segir frá því að Árni hafi gefið út fyrstu skáldsögu sína 1998 en hún ber heitið Nóttin hefur þúsun augu. Þar kynni hann fyrir lesendum söguhetju sína sem líka eigi eftir að leika aðalhlutverk í tveimur næstu sögum hans. Sögupersónan heitir Einar og sé drykkfelldur og kærulaus blaðamaður á Síðdegisblaðinu. Næsta bók Árna sé Hvíta kanínan en hún kom út árið 2000. Hún gerist í sumarfríi Einars á Spáni með dóttur sinni. Árið 2001 hafi svo komið út bókin Blátt tungl. Greinarhöfundur ræðir um persónuna Einar og að ástæða þess að Árni hafi haft hann sem blaðamann sé sú að það umhverfi þekki hann sjálfur vel. Einnig er rætt um hver tilgangurinn sé að hafa Einar eins drykkfelldan og raun ber vitni. Fjallað er um aðrar persónur í bókinni, einkum skoðað hvernig kvenpersónur bókanna eru. Að lokum ræðir Katrín um að algengt sé í samtímaglæpasögum að höfundar noti tvöfalda fléttu. Þá sé framinn glæpur og við rannsókn komi annar glæpur fram jafnvel enn hræðilegri en sá fyrsti.

271.

Þorfinnur Skúlason. (2005). „Glæpamenn með hvíta flibba: um sýnilega glæpi og ósýnilega í bókum Árna Þórarinssonar." *Mímir*, 44, 44-51.

Í þessari grein er fjallað um bækur Árna Þórarinssonar. Sagt er að bækur hans hafi fengið mikla umfjöllun í Morgunblaðinu síðan fyrsta bókin um Einar blaðamann kom út. Árni hafi sagt í skrifum sínum að einn af áhrifavöldum sínum innan bandarísku hefðarinnar sé Ross Macdonald. Bent er á að samsvaranir við bandarísku hefðina hjá Árna komi líka fram í notkun tungumálsins. Kannski megi segja að Árni flytji stíl harðsoðnu glæpasögunnar til landsins. Fjallað er um persónur í bókum Árna og um sýnilega og ósýnilega glæpi.

Blátt tungl

272.

Ragnhildur Sverrisdóttir. (2001, 19. desember). „Verð að geta leikið mér að spennu.”

Morgunblaðið. Sótt 1. mars 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=643553

Hér er sagt frá viðtali sem Ragnhildur Sverrisdóttir tók við Árna Þórarinsson. Hann segir að menn þurfi ekki að vera innréttáðir á sérstakan hátt til að skrifa spennusögur en það sé ekki verra. Árni sendi frá sér bókina *Blátt tungl* en hefur áður sent frá sér tvær spennusögur, þessa segir Árni, vera óhefðbundari en hinar tvær. Hann segist alltaf hafa lesið allar spennusögur sem hann hafi komist yfir. Árni segist hafa farið að skrifa spennusögur alveg óvart þegar hann hafi ekki getað lesið bókina sem hann hafi langað að lesa því hún hafi blotnað í hellidembu. Hann skýrir frá því að gaman sé að skrifa spennusögur þar sem lesendur hafi áhuga á þeim. Hins vegar sé stimpillinn sem sé á spennusögum takmarkandi. Allir titlar á bókum Árna eru sóttir til dægurlaga og segir hann það henta Einari aðalsögupersónu vel.

273.

Skafti Þ. Halldórsson. (2001, 16. nóvember). *Tunglið, tunglið*. *Morgunblaðið*. Sótt 10.

mars 2010 http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=637288

Hér er fjallað um bókina *Blátt tungl* eftir Árna Þórarinsson. Greinarhöfundur bendir á að sagan flokkist varla með hefðbundnum sakamálasögum sem snúist oft um að leysa eitt mál. Í þessari bók sé ekki ein megingáta heldur sé sagan flétta óskyldra atburða. Sagt er frá því að í bókinni komi fram umfjöllun um þunglyndi og að titillinn tengist þeim sjúkdómi og sé fenginn úr þjóðtrú og amerískum slagara. Bent er á að skáldsögur séu ekki heppilegur grundvöllur fyrir slíka fræðilega umræðu. Helsti kostur Árna sem rithöfundar sé að segja sögu, persónur hans séu skýrar, sögufléttan trúverðug og textinn vel skrifaður. Í greininni er það talið há sögunni að hún sé sjálfstætt framhald fyrri bóka Árna en bókin í heild sé vel heppnuð.

Farþeginn

274.

Ingvi Þór Kormáksson. (2005). *Farþeginn. Bókmenntavefurinn*. Sótt 8. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Árni%20Þórarinsson%20og%20Páll%20Kristinn%20Pálsson:%20Farþeginn

Hér er rætt um bókina *Farþeginn*. Fyrst er sagt aðeins frá söguþræðinum, að sagan gerist í Reykjavík og nánasta umhverfi. Þetta sé bók númer tvö sem Árni skrifar í samvinnu við Pál Pálsson. Sagt er að bókinn taki fljótt flugið og haldi lesandanum föstum. Helsti galli bókarinn sé að of mikil áhersla sé lögð á snögga lausn gátunnar.

275.

Sunna Dís Másdóttir. (2006, 3. október). Sumir spila bridds: við skrifum bækur. *Fréttablaðið*, bls 28.

Hér er rætt við Pál Kristin Pálsson um bókina *Farþeginn* sem hann og Árni Þórarinsson sendu frá sér sameiginlega á dögnum. Þetta er önnur bókinn sem þeir skrifa saman, en sú fyrri heitir *Í upphafi var morðið*. Þegar spurt var um bókina vildi Páll lítið tjá sig, sagðist ekki vilja spilla neinu fyrir lesendunum. Hann segir að samvinnan gangi vel og þetta sé þeirra sameiginlega áhugamál.

Dauði trúðsins

276.

Árna hrósað í Frakklandi og Þýskalandi. (2009, 15. apríl). *DV.is*. Sótt 11. mars 2010 af <http://www.dv.is/frettir/2009/4/15/arna-hrosad-i-frakklandi-og-thyskalandi/>

Hér er greint frá því að glæpasagnahöfundurinn Árni Þórarinsson hafi fengið góða dóma í Frakklandi og Þýskalandi. Á vef bókaforglagnsins Metailié, sem gefi bækur Árna út í Frakklandi, sé hægt að lesa brot úr dómum sem birst hafa í dagblöðum og tímaritum þarlendis. Gagnrýnandinn Gérard Meudal lofi bókina *Dauði trúðsins*, Yonel Liegeois hjá NVO sé sammála Gérard. Bent sé á að Þjóðverjar taki bókinni fagnandi og segji að hún hafi til að bera allt sem einkenni góðan krimma.

277.

Þorgerður E. Sigurðardóttir. (2007). „Dauði trúðsins.” *Bókmenntavefurinn*. Sótt 12.

febrúar 2010 af

http://100.bokmenntir.is/default.asp_cat_id=383#Árni%20Þórarinnsson:%20Dauði%20trúðsins

Hér er fyrst rætt um að þó glæpasögunni hafi verið tekið opnum örmum á undanförunum árum séu samt ekki svo margir höfundar sem leggi þetta form fyrir sig. Sagt er frá því að Árni sé einn af þessum höfundum og að þar sé fjallað um Einar sem sé góðkunningi þeirra sem lesa bækur hans. Bent er á að bækur Árna sækji mikið í skandinavískar hefðir í glæpasagnaritun. Þar sé fjallað um samfélagsmál og aðalpersónan glími við hin ýmsu mál í einkalífi sínu. Greinarhöfundur segir að styrkur Árna felist í áreynslulausum stíl sem er laus við tilgerð. Hins vegar sé veiki hlekkurinn framsetning söguþráðar eða „plottið” í bókinni.

Nóttin hefur þúsund augu

278.

Hermann Stefánsson. (1998, 1. desember). Morð með hníf og gaffli. *Morgunblaðið*. Sótt 10. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=434988

Í þessari grein er fjallað um bókina *Nóttin hefur þúsund augu* eftir Árna Þórarinnsson. Byrjað er á að segja aðeins frá aðalsögupersónu bókarinnar, Einari blaðamanni og hans störfum. Sagan gerist á okkar tímum í Reykjavík og þó ekki. Bent er á að þetta sé samsíða veruleiki, hliðstæða við Reykjavík á okkar tíma. Ekki fer á milli mála að höfundur vill staðsetja sig meðal undirmálsbókmennta, sjálfshjálparbóka eða reyfara. Skýrt er frá því að þetta sé kunnáttusamlega matreidd spennusaga, skrifuð af lipurð og kaldhæðni.

Sjöundi sonurinn

279.

Ingvi Þór Kormáksson. (2008). *Sjöundi sonurinn. Bókmenntavefurinn*. Sótt 10. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Árni%20Þórarinsson:%20Sjöundi%20sonurinn

Hér er sagt frá því að tíu ár séu liðin síðan fyrsta bók Árna Þórarinssonar kom út. Á þessum tíma hafi komið út átta bækur eftir hann, tvær af þeim séu skrifaðar með Páli Pálssyni. Greint er frá því að í bókinni *Sjöundi sonurinn* sé Árni með fingurna á þjóðarpúlslinum og góðar lýsingar séu á samtímanum. Sagt er að samtöl séu lifandi og eðlileg. Eins og alltaf hjá Árna sé titill bókarinnar líka titill lags.

Tími nornarinnar

280.

Björn Þór Vilhjálmsson. (2005, 15. nóvember). Nornaveiðar á Akureyri. *Morgunblaðið*. Sótt 10. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1049730

Hér fjallar Björn Þór um bókina *Tími nornarinnar* eftir Árna Þórarinsson. Byrjað er á að ræða um að eitt af því sem sé athyglisvert við sakamálasögur sé sú staðreynd að þær sýni veruleikann í réttu ljósi. Í slíkum sögum sé spillingin allsráðandi og hættuleg. Greinarhöfundur bendir á að í nýjustu sögu Árna Þórarinssonar, *Tími nornarinnar* sé samfélagsmálum gert hátt undir höfði og dægurumræðu komið til skila. Rætt er um að í bókinni fylgjumst við með Einari blaðamanni og lífi hans, ásamt því að sakamál sé leyst. Í lokin er bent á helstu galla og kosti bókarinnar.

281.

Ingvi Þór Kormásson. (2005). Tími Nornarinnar. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 12. febrúar 2010 af

http://www.bokmenntir.is/display.asp?cat_id=383#Árni%20Þórarinsson:%20T%C3%ADmi%20nornarinnar

Hér er greint frá bókinni Tími nornarinnar eftir Árna Þórarinsson. Byrjað er á að segja frá því að stíll Árna sé þægilegur, áreynslulaus og fullur af húmor. Sagt er aðeins frá söguþræði bókarinnar, að Árna takist að skapa rólegt andrúmsloft sem henti þó betur bæ en borg. Bent er á að Tími nornarinnar sverji sig í ætt við harðsoðna einkaspæjarahefð.

Greinar um og eftir Birgittu H. Halldórsdóttur

Birgitta H. Halldórsdóttir

282.

Birgitta H. Halldórsdóttir. (2001). Hugleiðingar um skrif. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 10. mars 2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=156&module_id=210&element_id=336&author_id=13&lang=1

Hér er pistill eftir Birgittu H. Halldórsdóttur. Hún segist hafa haft ríka þörf fyrir að tjá sig allt frá því að hún var barn. Birgitta telur sig lánsama að hafa fengið bækur sínar útgefnar þar sem markaðurinn fyrir afþreyingarbækur sé takmarkaður hér á landi. Hún nefnir að hún hafi skrifað fleira en spennusögur, til dæmis smásögur og ljóð. Birgitta er félagi í Hinu íslenska glæpafélagi og finnst henni það skemmtilegt og gagnlegt félag.

283.

Steinunn Eyjólfsdóttir. (2000). „Bóndakona, spennusagnahöfundur, reikimeistari.”

Vera, 19(5-6), bls. 56-57.

Hér er viðtal við Birgittu H. Halldórsdóttur. Birgitta ræðir um ætt sína og líf sitt og lífsferil. Hún talar um að hún hafi alltaf verið sögukona eins og amma hennar. Birgitta segir það fara ágætlega saman að vera rithöfundur og bóndakona en hún er húsfreyja á Syðri-Löngumýri í Húnavatnssýslu.

284.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2001). Kvenhetjur í háska. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 10. mars

2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=201&module_id=210&element_id=337&author_id=13&lang=1

Hér skrifar Úlfhildur Dagsdóttir um bækur Birgittu H. Halldórsdóttur. Hún segir að bækur Birgittu séu hefðbundar í máli, stíl og byggingu og þær fylgi formúlum afþreyingarsagna. Nefnt er að þær geti flokkast bæði sem ástar- spennu- og glæpasögur. Úlfhildur fjallar hér nánar um nokkrar bækur Birgittu, segir meðal annars að þær gerist oft á einangruðum stað úti á landi og aðalsöguhetjan sé ung og sjálfstæð kona. Í bókunum sé líka oft að finna yfirnáttúrulega hluti til dæmis birtist sögupersónum Birgittu oft á tíðum vitrun sem gagnist þeim við lausn á glæpum. Greint er frá að Birgitta hafi verið okkar helsti útvörður í hefðum glæpa- og ástarsagna.

285.

Þórhildur Guðrún Ólafsdóttir. (2004). *Glæpur, kona, ást: um bækur Birgittu H.*

Halldórsdóttur. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, íslensku-og menningardeild.

Í þessari BA-ritgerð fjallar Þórhildur Guðrún Ólafsdóttir um bækur Birgittu H. Halldórsdóttur. Byrjað er á að fjalla um höfundinn sjálfan og verk hans. Síðan er rætt um frásagnarmynstur bókanna. Farið er í persónusköpun, manngerðir og sviðsetningu þeirra.

Greinar um bækur eftir Birgittu H. Halldórsdóttur

Játning

286.

Jóhanna Helga Halldórsdóttir. (2001, 12. desember). Bækur Birgittu H. Halldórsdóttur.

Morgunblaðið. Sótt 10. febrúar 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=642272

Í þessu bréfi til blaðsins ræðir Jóhanna Helga um tvær bækur Birgittu H. Halldórsdóttur. Önnur heitir Ljósíð að handan, þar er rætt við Valgarð Einarsson. Hin bókin heitir Játning og er ein af skáldsögum Birgittu. Greinarhöfundur segir að Birgitta flétti söguþráðinn af list og kunnáttu og sanni að hún sé í fremstu röð íslenskra spennusagnahöfunda. Hún ræðir um báðar bækurnar og segir að án bóka frá Birgittu væri ekkert gaman á aðventunni.

Renus í hjarta

287.

Erlendur Jónsson. (1998, 19. nóvember). Ástin í skugga háskans. *Morgunblaðið. Sótt 8.*

febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=432348

Hér er fjallað um bók Birgittu H. Halldórsdóttur, Renus í hjarta. Rætt er um að heiti bókarinnar sé óvenjulegt en það sé textinn ekki. Í bókum Birgittu geri hún sér far um að byggja upp sögu, hún hafi gaman af að lýsa fólki og hugrenningum þess. Hún láti persónur sínar hugsa á nútímalegan hátt og kvenpersónur hennar séu sjálfstæðar og sjálfsöruggar. Bent er á að þessi saga sé metinn sem sakamálasaga og sé veikleiki hennar að lesandinn fái að vita alltof mikið í upphafi bókar.

Greinar um bækur eftir Elías Snæland Jónsson

Elías Snæland Jónsson

Rúnagaldur

288.

Bóas Hallgrímsson. (2009, 26. desember). Rúnagaldur „yfirgengileg.” *Miðjan. Sótt 6. febrúar 2010 af* <http://midjan.is/2009/12/26/bokaryni-runagaldur-yfirgengileg/>

Hér ræðir Bóas Hallgrímsson um Rúnagaldur eftir Elías Snæland Jónsson. Nefnt er að Elías sé verðlaunahöfundur sem hafi greinilega mikinn áhuga á sagnfræði. Fyrri verk hans beri vott um það ásamt Rúnagaldri. Farið er yfir söguþráð bókarinnar og sagt að hún fari eftir hefðbundinni spennusagnagerð. Greinarhöfundurinn finnst nokkrir hnökrar vera á sögunni og segir að Elías fari stundum fram úr sjálfum sér. Hann nefnir að vissulega fái unnendur spennusagna eitthvað fyrir sinn snúð en að yfirgengilegheitin spilli fyrir.

289.

Ingvi Þór Kormáksson. (2009). Rúnir og rán. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 18. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#E1%C3%ADas%20Snæland%20Jónsson:%20Rúnagaldur

Hér ræðir Ingvi Þór Kormáksson um bókina Rúnagaldur eftir Elías Snæland Jónsson. Hann segir að hér komi gamalreyndur blaðamaður og rithöfundur með sína fyrstu spennusögu. Ingvi Þór vill frekar kalla þessa bók spennusögu en glæpasögu. Hann segist hafa haft gaman af að lesa bókina og að textinn hafi verið skýr og á góðri íslensku, þannig að lesandinn geti notið ferðalagsins.

290.

Rúnagaldur ryður brautina. (2010, 19. febrúar). *Visir.is*. Sótt 8. febrúar 2010 af <http://www.visir.is/article/20100219/LIFID01/857625639>

Hér er rætt við Elías Snæland Jónsson um bók hans Rúnagaldur. Elías segir að það sé skemmtilegt að Þjóðverjum líki bókina. Rúnagaldur verði gefin út í Þýskalandi á næsta ári. Nágrannalöndin hafi einnig sýnt bókinni áhuga, en Elías segist þó fyrst og fremst vera að skrifa fyrir íslenskan markað.

Greinar um bækur eftir Eyrúnu Tryggvadóttur

Eyrún Tryggvadóttir

Fimmta barnið

291.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2010). Barnalán og mansal. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 28. janúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Eyrún%20Ýr%20Tryggvadóttir:%20Fimmata%20barnið

Hér ræðir Úlfhildur Dagsdóttir um bókina Fimmta barnið eftir Eyrúnu Tryggvadóttur. Bent er á að það gæti norrænna áhrifa í sögu Eyrúnar. Aðalsöguhetja hennar, Andrea, sé blaðakona og minni að nokkru á Anniku Bengtzon sem sé þekkt úr bókum Lizu Marklund. Sagt er frá söguþræðinum og er Eyrún sagður góður arftaki Birgittu. H. Halldórsdóttur. Í bókum sínum nýti Eyrún glæpasöguformið til að fjalla um félagsleg og flókin mál í samfélaginu.

Hvar er systir mín

292

Hafþór Hreiðarsson. (2008, 27. nóvember). Eyrún Ýr Tryggvadóttir með nýja bók.

640.is. Sótt 16. febrúar 2010 af

http://www.640.is/news/viewComments/eyrun_yr_tryggvadottir_med_nyja_bok/

Byrjað er á að segja aðeins frá höfund. Bókin er sögð grípandi glæpasaga, mikil vonska, afbrýði og spenna finnst í frásögninni. Fjallað er stuttlega um söguþráðinn. Nefnt er að Eyrún Ýr segi í viðtali við *640.is* að hún sé ánægð með bókina og vonist til að sem flestir kaupi hana.

Greinar um bækur eftir Gunnar Gunnarsson

Gunnar Gunnarsson

Beta gengur laus

293.

Beta gengur laus. (1973, 24. nóvember). *Tíminn*, bls. 13. Sótt 7. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=264970&pageId=3741852&lang=is&q=beta%20gengur%20laus

Hér er fjallað um bókina *Beta gengur laus* eftir Gunnar Gunnarsson. Fjallað er aðeins um söguþráð bókarinnar. Nefnt er að bókin sé tímamótaverk ungs rithöfundar, blaðamanns og kennara. Sagt er frá því að þetta sé fyrsta bók hans og að hún sé ólík þeirri skáldsagnagerð sem áður hafi komið fram.

294.

Ekkert pukur. (1973, 27. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 12. Sótt 7. febrúar af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=115737&pageId=1448474&lang=is&q=beta%20gengur%20laus

Í þessari grein er fjallað um bókina *Beta gengur laus* eftir Gunnar Gunnarsson. Sagt er frá því að bókin sé óvenjulegt byrjandaverk, í henni lýsi höfundur Reykjavík nútímans á ýktan hátt. Greint er frá því að sagan sé æsisaga og söguþráðurinn reyfaralegur. Fjallað er um að efnistöð séu fjörleg og fyndin, en persónusköpun ekki djúp. Bent er á að það sé skemmtilegt að Gunnar storki flestum bókmenntareglum án þess að verk hans verði lágkúrulegt.

Margeir og spaugarinn

295.

Aðalsteinn Ingólfsson. (1980, 6. nóvember). *Margeir og maður sjóreknu konunnar*. *Dagblaðið*, bls. 20. Sótt 4. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228514&pageId=3097764&lang=is&q=margeir%20og%20spaugarinn

Hér er fjallað um *Margeir og spaugarinn* eftir Gunnar Gunnarsson. Byrjað er á að segja frá því að dauðsföll, morð, líkamsmeiðingar og brot af ýmsu tagi séu orðin alvanaleg. Bent er á að sakamálasögur hafi verið fáséðar og ástæðan kannski minnimáttakennd íslenskra höfunda. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og að næmt auga Gunnars njóti sín í bókinni. Bent er á að samtöl séu eðlileg og leikandi.

296.

Árni Bergmann. (1980, 1. nóvember). Kæruleysi og mannslíf. *Þjóðviljinn*, bls. 11. Sótt 11. febrúar 2010 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2874364

Hér er fjallað um bókina Margeir og spaugarinn eftir Gunnar Gunnarsson. Sagt er frá því að Gunnar ætli að standa við gefin loforð og búa til bókaflokk íslenskra lögreglusagna. Bent er á að erfitt hafi verið fyrir Gunnar að sýna Akureyri í höndum fanta og hann hafi þurft að senda mannskapinn til Spánar til að ná fram raunsæi í sögunni. Í þessari sögu verði til misskilningur, tilviljanir sem hinn skarpskyggni Margeir lögreglumaður leysir. Talað er um að Gunnar eigi sér fyrirmyndir í hinum sænsku Wahlöö og Sjöwall. Sagt er aðeins frá söguþræði bókarinnar og persónum.

Grein um Hrafn Jökulsson

Hrafn Jökulsson

297.

Guðrún Guðlaugsdóttir. (1986, 19. október). Flugufréttir-af bókaútgáfu, ljóðagerð, draugarannsóknur o.fl. *Morgunblaðið*, bls. B 8. Sótt 3. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=120870&pageId=1642410&lang=is&q=Hrafn%20J%F6kulsson%20%20Miklu%20meira%20en%20mest

Hér er viðtal við Hrafn Jökulsson sem skrifaði bókina Miklu meira en mest, sjá færslu 93. Hér er sagt frá því að Hrafn sé að æfa lið Kvennaskólans í Reykjavík fyrir ræðukeppni. Rætt er um það sem Hrafn hefur fyrir stafni, hann hafi meðal annars stofnað bókaútgáfu fyrir stuttu. Fjallað er um heimsmálin og skáldin í dag. Þegar Hrafn er inntur eftir því hver séu áhugamál hans segist hann hafi áhuga á sögu og að tefla.

Greinar um Jóhann Magnús Bjarnason

Jóhann Magnús Bjarnason

298.

Jón Helgason. (1943, 8. apríl). Jóhann Magnús Bjarnason og ritsafn hans. *Tíminn*, bls. 162. Sótt 7. febrúar 2010 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1001038

Hér er fjallað um Jóhann Magnús Bjarnason og ritsafn hans. Sagt er frá því að milli jóla og nýjárs hafi tvær nýjar bækur eftir hann verið komnar í bókabúðir. Fyrri bókin var Í Rauðárdalnum og svo seinni hluti af Ritsafni Jóhanns. Sagt er frá því að þeir sem vissu af útgáfu bókanna hefðu beðið þeirra með eftirvæntingu. Sagt er frá bókum sem áður hafa komið út eftir Jóhann og er Vornætur á Elgsheiðum ein af þeim. Fjallað er um æsku og hagi Jóhanns Magnúsar.

Greinar um bækur eftir Jón Birgi Pétursson

Jón Birgir Pétursson

Einn á móti milljón

299.

Ritstarfið er aðeins „hobbí.“ (1980, 15. nóvember). *Dagblaðið*, bls.13. Sótt 7. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228525&pageId=3098005&lang=is&q=J%F3n%20Birgir%20P%20E9tursson%201938%20Vitni%F0%20sem%20hvarf

Hér er fjallað um bókina *Einn á móti milljón* eftir Jón Birgi Pétursson. Sagt er að aðalsöguhetjan í bókinni sé rannsóknarlögreglumaðurinn Elías. Bent er á að Jón hafi sent frá sér bók í fyrra, eina af örfáum glæpasögum sem ritaðar hafi verið hér á landi og heiti hún *Vitnið sem hvarf*. Höfundur bókanna segist kvíða gagnrýni og sé ekki viss um að hann skrifi fleiri sakamálasögur en útilokar það þó ekki.

Vitnið sem hvarf

300.

Bragi Sigurðsson. (1979, 19. desember). Íslensk sakamálasaga með handbragði æsifréttamanns. *Morgunblaðið*, bls. 15. Sótt 19. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228203&pageId=3090539&lang=is&q=J%F3n%20Birgir%20P%E9tursson%201938%20Vitni%F0%20sem%20hvarf

Hér er sagt frá bókinni *Vitnið sem hvarf* eftir Jón Birgi Pétursson. Sagt er frá því að þetta sé íslensk sakamálasaga en sá bókaflokkur hafi ekki verið til hér á landi. Nema ef talað sé um það sem Ólafur við Faxafen hafi skrifað nokkrum árum áður. Greinarhöfundur segir að honum hafi þótt þessi bók skemmtileg aflestrar. Hann segir að hún sé spennandi og raunsæ, skrifuð til að þóknast hinum almenna lesanda. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og persónum hennar.

301.

Katrín Pálsdóttir. (1979, 12. desember). „Byggð á sannsögulegum atburðum að nokkru leyti: segir Jón Birgir Pétursson um sakamálsögu sína.” *Vísir*, bls. 20. Sótt 10. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249750&pageId=3410614&lang=is&q=J%F3n%20Birgir%20P%E9tursson%201938%20Vitni%F0%20sem%20hvarf

Hér er fjallað um bókina *Vitnið sem hvarf* eftir Jón Birgir Pétursson. Jón segir flesta blaðamenn vilja koma einhverju öðru frá sér en fréttum. Þeir hafi hins vegar alltof lítinn tíma til að skrifa neitt annað. Hann segir tækifærið til að skrifa bókina hafa komið eitt sumarið þegar hann átti frí. Jón segir að hann hafi gengið með hugmynd að bókinni í kollinum í nokkur ár og þegar hann hafi sest niður og byrjað hafi sagan verið nánast fullgerð. Hann segir að þekking sú sem hann hafi hlotið sem blaðamaður komi fram í bókinni og að kannski megi segja að hún sé að nokkru leyti byggð á raunverulegum atburðum. Rætt er við Jón um störf hans við blaðamennsku og annað.

Greinar um Jón Hall Stefánsson

Jón Hallur Stefánsson

302.

Páll Kristinn Pálsson. (2005, 4. desember). Tengsl: Bræðurnir Hermann og Jón Hallur Stefánssynir. *Morgunblaðið*, bls. 24. Sótt 5. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=263095&pageId=3690143&lang=is&q=J%F3n%20Hallur%20Stef%Elsson%201959%20Krosstr%E9

Hér er sagt frá Jóni Halli Stefánssyni og bróður hans Hermanni. Fjallað er um uppvaxtarár þeirra bræðra, tengsl, líf og störf.

Greinar um bækur eftir Jón Hall Stefánsson

Krosstré

303.

Steinunn Inga Óttarsdóttir. (2005, 22. nóvember). Gott í vændum. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1051072

Hér er fjallað um bókina *Krosstré* eftir Jón Hall Stefánsson. Byrjað er á að segja aðeins frá söguþræði bókarinnar. Síðan er sagt frá því að íslenskar spennusögur séu orðnar býsna frambærilegar og njóti sívaxandi vinsælda. Ástæða þess er talin vera sú að íslenskar glæpasögur séu orðnar betri og rithöfundar metnaðarfullri. Sagt er frá því að Jón Hallur sé kunnur útvarpsmaður og þýðandi og sé *Krosstré* fyrsta bókinn sem hann gefi út. Greint er frá því að *Krosstré* sé vel skrifaður sálfræðiþriller með góðri spennu og trúverðugum persónum.

304.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2005). Galdur glæpasögunnar. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 6. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Jón%20Hallur%20Stefánsson:%20Krosstré

Í þessari grein fjallar Úlfhildur Dagsdóttir um tvær bækur, Krosstré eftir Jón Hall Stefánsson og Þriðja táknið eftir Yrsu Sigurðardóttur. Úlfhildur byrjar á að segja að fréttir um flóð af glæpasögum þessa jólavertíð hafi verið settar fram í æsingastíl. Jafnvel sé hægt að greina áhyggjur um að afþreyingarbókmenntir yfirtaki fagurfræðibókmenntirnar. Hún nefnir að í grein í Morgunblaðinu hafi Jóhann Hjálmarsson skáld sagt að gagnrýnendur væri allt of linir í dómum sínum við glæpasagnahöfunda. Úlfhildur segist þurfa að taka þessi ummæli til sín þar sem hún sé sjálf gagnrýnandi, henni finnst þó ummælin koma nokkrum árum of seint. Hún ræðir svo fyrst um bókina Krosstré, segir hana að mörgu leyti vel heppnaða og glæpafléttan sé vel unnin. Síðan ræðir hún bókina Þriðja táknið. Greinarhöfundur segir þessar tvær bækur sína tvö ólík dæmi um nálgunarleiðir á glæpasöguformið.

305.

Þórarinn Þórarinsson. (2005, 21. nóvember). Krosstré sem ekki bregst. *Fréttablaðið*, bls. 72. Sótt 7. febrúar 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271252&pageId=3874476&lang=is&q=J%F3n%20Hallur%20Stef%Elnsson%201959%20Krosstr%E9

Hér er fjallað um bókina Krosstré eftir Jón Hall Stefánsson og Jón sagður koma ferskur inn með bókina. Sagt er að þetta sé skemmtilega skrifaður krimmi og talið að Jón Hallur muni örugglega skipa sér í fremstu víglínu íslenskra reyfarahöfunda í framtíðinni. Sagt er frá því að Jón hafi unnið í glæpasagnakeppni Hins íslenska glæpafélags 2004. Fjallað er um söguþráð bókarinnar og sagt að höfundi takist að gefa skýra mynd af persónum hennar.

Greinar um bækur eftir Jökul Valsson

Jökull Valsson

Börnin í Húmdölum

306.

Sif Sigmarsdóttir. (2004, 27. nóvember). Grípandi hrollvekja-ekki ætluð viðkvæmum.

Morgunblaðið, bls. 27. Sótt 6. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=258861&pageId=3618600&lang=is&q=J%F6kull%20Valsson%20%20B%F6rnin%20%ED%20H%F6md%F6lum

Hér er rætt um bókina *Börnin í Húmdölum* eftir Jökul Valsson. Greinarhöfundur segist hafa verið spenntur að lesa þessa bók. Bent er á að hlutur afþreyingabókmennta hafi ekki verið stór á Íslenskum bókamarkaði. Greint er frá því að nú stígi fram á sjónarsviðið sem alist hafi upp við afþreyingarmenningu og spennandi verði að sjá hvort það auki veg dægurbókmennta. Sagt er að myndræn framsetning sé styrkur þessarar bókar og að höfundur beiti frásagnaraðferð sem fái hárin til að rísa á höfði manns.

307.

Verður ekki íslenskur Stephen King. (2004, 14. nóvember). *Fréttablaðið*, bls. 51. Sótt 15. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=264871&pageId=3738631&lang=is&q=J%F6kull%20Valsson%20%20B%F6rnin%20%ED%20H%F6md%F6lum

Hér er fjallað um bókina *Börnin í Húmdölum* eftir Jökul Valsson. Sagt er frá því að hryllingur sé ekkert nýtt fyrirbæri í til dæmis íslenskum þjóðsögum. Bent er á að lítið hafi sést af hryllingi í íslenskum bókmenntum en í þessari bók sé bætt úr því. Sagt er aðeins frá söguþræðinum og að bókin sé ekki fyrir viðkvæma.

Skuldadagar

308.

Bergsteinn Sigurðsson. (2006, 14. nóvember). Tár, bros og hnúajárn. *Fréttablaðið*, bls. 58. Sótt 5. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=272732&pageId=3924719&lang=is&q=J%F6kull%20Valsson%20%20B%F6rnin%20%ED%20H%FAmd%F6lum

Í þessari grein er fjallað um bókina *Skuldadagar*. Sagt er frá því að höfundurinn hafi vakið athygli með fyrri bók sinni *Börnin í Húmdölum*. Fjallað er um söguþráð bókarinnar og sagt að efniviðurinn bjóði upp á mikinn hraða. Aðalpersónur bókarinnar eru sagðar skýrar og vel heppnaðar. Höfundur noti talmálsstíl í bókinni og sé slangur þar áberandi.

309.

Björn Þór Vilhjálmsson. (2006, 3. nóvember). Vinalegi fikniefnadjöfullinn.

Morgunblaðið, bls. 61. Sótt 6. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284919&pageId=4144650&lang=is&q=J%F6kull%20Valsson%20%20B%F6rnin%20%ED%20H%FAmd%F6lum

Hér er rætt um bókina *Skuldadagar* eftir Jökul Valsson. Sagt er að krimmar hafi ýmsar birtingamyndir. Þær glæpasögur sem hafi verið vinsælastar hér á landi eigi það sameiginlegt að lögreglumenn séu þar í aðalhlutverkum. Greinarhöfundur segir að Jökull sýni fram á það að glæpahugtakið geti verið margskonar og að glæpir séu aldrei alveg afmarkaðir. Fjallað er um söguþráð bókarinnar og persónur.

310.

Hávar Sigurjónsson. (2006, 18. nóvember). Samfélag á kafi í neyslu. *Morgunblaðið*, bls. 18. Sótt 6. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284011&pageId=4118531&lang=is&q=J%F6kull%20Valsson%20%20B%F6rnin%20%ED%20H%FAmd%F6lum

Hér vitnar Hávar Sigurjónsson í Jökul Valson, höfund bókarinnar *Skuldadagar*. Jökull segi að þegar hann hafi gefið út fyrstu bók sína, *Börnin í Húmdölum* hafi hann verið stimplaður hrollvekju-fantasíuhöfundur. Hann segi að með þessari bók hafi hann viljað ná af sér þessum stimpli. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og persónum og bent á að þetta sé skáldsögu fantasía.

Greinar um bækur eftir Kristin R. Ólafsson

Kristinn R. Ólafsson

Pósthólf dauðans

311.

Fréttablaðið. (1998, 6. desember). Íslendingur í Madrid. *Fréttablaðið*. Sótt 5. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=436329

Í þessari grein er rætt við Kristin R. Ólafssonar um bók hans, *Pósthólf dauðans*. Sagt er frá því að þetta sé önnur bók Kristins en hann hafi líka gefið út ljóðabók og séð um þýðingar. Kristinn segir að það sé ekki endilega kappsmál hvort spennan í bókinni haldist eða hver drepri hvern heldur skipti það máli hvað hann vilji segja í ritinu. Kristinn segist byggja bókina sína á þremur atriðum úr veruleikanum. Í fyrsta lagi sé það spænsk grein úr dagblaði, í öðru lagi saga Hallgríms Hallgrímssonar sem barðist í spænsku borgarastyrjöldinni og í þriðja lagi láni hann sögumanni bókarinnar nafnið sitt, stöðu og veruleika.

312.

Kristján Jónsson. (1998, 26. júlí). Af hverju ekki að krydda mál sitt? Frétt.

Morgunblaðið. Sótt 5. febrúar 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=410735

Hér ræðir Kristján við Kristin R. Ólafsson. Sagt er frá því að Kristinn sé fréttaritari og hlustendur Ríkisútvarpsins þekki að öllum líkindum rödd hans. Hann sé líka rithöfundur, þýðandi og leiðsögumaður. Sagt er frá því að Kristinn sé frá Vestmannaeyjum, giftur spænskri konu og eigi eina dóttir. Hann hafi þýtt verk úr spænsku og vakið fyrir það þónokkra athygli. Kristinn hafi sent frá sér ljóðabók sem heitir Inní skóginn og skáldsögu sem heitir Fjölmóðs saga föðurbetrungs. Kristinn segir að í haust komi út ný bók eftir sig, hún eigi að heita Pósthólf dauðans. Hann segir að rætur sínar til Íslands slitni aldrei, hann til dæmis skrifi á íslensku og þýði af og á íslensku.

Greinar um bækur eftir Leó E. Löve

Leó E. Löve

Mannrán

313.

Skafti Þ. Halldórsson. (2000, 19. desember). Brotalamir. *Morgunblaðið*. Sótt 2. mars 2010 af http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=578820

Hér er fjallað um bókina Prinsessur eftir Leó E. Löve. Sagt er að þessi saga taki á viðkvæmum og umdeildum málefnum. Greinarhöfundurinn finnst skáldsagan ekki teljast til stórtíðinda. Hann segir að bókinni sé ekki nógu vel unnin og mikið af brotalömunum sem einkenni verkið. Að endingu er sagt frá söguþræði bókarinnar.

314.

Vona að enginn steli glæpnum segir Leó E Löve lögfræðingur um skáldsögu sína. (1989, 13. desember). *Morgunblaðið*. Sótt 18. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=42138

Hér er fjallað um bókina Mannrán eftir Leó E. Löve og vitnað í hann. Þetta er fyrsta bók höfundar, hún fjalli um aðferð Íslendinga til að losa sig úr peningavandræðum. Það geri hann með því að undirbúa glæp. Sagt er frá því að bókmenntafræðingi hafi þótt sagan jafngóð spennusögum sem séu þýddar. Eftir Leó er haft að sumum þyki undarlegt að maður sem sé lögfræðingur skuli hafa tíma til að skrifa skáldsögu. Leó segir að hann noti tölvu til að skrifa og ef þær væru ekki til hefði þessi bók ekki orðið til. Hann segist skrifa á mjög skipulegan hátt með vísindalegri nákvæmni.

Greinar um bækur eftir Lilju Sigurðardóttur

Lilja Sigurðardóttir

Spor

315.

Ný prinsessa glæpasagnanna. (2009, 17. október). *Fréttablaðið*. Sótt 2. mars 2010 af <http://www.visir.is/article/20091017/LIFID01/82258289>

Hér er fjallað um bókina Spor eftir Lilju Sigurðardóttur. Haft er eftir Lilju að hún voni að þar sem Yrsa Sigurðardóttir sé kölluð drottning íslensku glæpasögunnar geti hún verið prinsessan. Sagt er frá því að Lilja hafi verið uppgötvuð þegar hún sendi handrit bókarinnar í samkeppni sem Bjartur hélt. Þar hafi verið eitað eftir hinum íslenska Dan Brown. Lilja hafi ekki unnið en að vonum verið ánægð með að fá útgáfusamning. Hún segi að bókin sé spennusaga en líka þroskasaga ungs manns.

Greinar um bækur eftir Ólaf Hauk Símonarson

Ólafur Haukur Símonarson

Líkið í rauða bílnum

316.

Guðmundur A. Thorsson. (1986, 21. desember). Engin fjarvistarsönnun. *Þjóðviljinn*, bls. 6. Sótt 3. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=225015&pageId=2907491&lang=is&q=%D3lafur%20Haukur%20S%EDmonarson%20%20L%EDki%F0%20%ED%20rau%F0a%20b%EDlnum

Hér er sagt frá bókinni Líkið í rauða bílnum eftir Ólaf Hauk Símonarson. Sagt er frá hugmynd hans um að búa til íslenskan reyfara sé snjöll. Stíll bókarinnar sé viðkvæmnislegur kaldhæðnistónn eins og þekkt er í amerískum reyfurum. Fjallað er um hvernig bókin er byggð upp og hvernig persónur sögunnar eru og nefnt að þó fólk skrifi reyfara verði það samt að vanda sig við skrifin.

317.

Heilinn er ekki öskuhaugur. (1986, 9. nóvember). *Þjóðviljinn*, bls. 6-7. Sótt 1. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=224968&pageId=2906731&lang=is&q=%D3lafur%20Haukur%20S%EDmonarson%20%20L%EDki%F0%20%ED%20rau%F0a%20b%EDlnum

Hér er viðtal við Ólaf Hauk Símonarson. Tilefni þessa viðtals er meðal annars það að ný sakamálasaga eftir hann sé væntanleg, sú saga heitir Líkið í rauða bílnum. Talað er um að Ólafur Haukur sé mjög fjölhæfur og afkastamikill penni, hann hafi gefið út ljóðabók, smásögur, skáldsögur og leikrit. Ólafur segir að Líkið í rauða bílnum sé afþreyingar- og spennusaga. Hann telur að staða bókarinnar sé í góðum málum og segir að Íslendingar skrifi ekki verri bækur en aðrar þjóðir.

318.

Súsanna Svavarsdóttir. (1986, 19. desember). Íslenskir þorparar. *Morgunblaðið*, bls. 27.

Sótt 10. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=120965&pageId=1646509&lang=is&q=%D3lafur%20Haukur%20S%EDmonarson%20%20L%EDki%F0%20%ED%20rau%F0a%20b%EDlnum

Hér er rætt um bókina Líkið í rauða bílnum eftir Ólaf Hauk Símonarson. Sagt er að íslenskar sakamálasögur séu fremur sjaldgæfar og þeir sem hafi gaman af slíkum sögum þurfi að lesa þær á öðrum tungumálum. Greinarhöfundur segir að vel hafi tekist hjá Ólafi Hauki að skrifa slíka bók. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og persónum .

Greinar um bækur eftir Óttar Martin Norðfjörð

Óttar Martin Norðfjörð

Hnífur Abrahams

319.

Jakob Bjarnar Grétarsson. (2007, 24. desember). Óttar á pari við þennan Dan Brown.

Fréttablaðið, bls. 53. Sótt 2. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=277812&pageId=3982893&lang=is&q=%D3ttar%20Martin%20Nor%F0fj%F6r%F0%20%20Hn%EDfur%20Abrahams

Hér er fjallað um bókina Hnífur Abrahams eftir Óttar M. Norðfjörð. Rætt er um söguþráð hennar sem sé um margt líkur mörgum erlendum spennusögum. Sagt er að bókin sé fræðandi og að Hnífur Abrahams sýni hve klár rithöfundur Óttar er. Mikill hraði sé í sögunni, fléttan snjöll og þælingar um trúabrögð séu skemmtilegar.

320.

Kolbrún Bergþórsdóttir. (2007, 4. desember). Vinn úr þeim hugmyndum sem koma. *24 stundir*, bls. 18. Sótt 2. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=258965&pageId=3621695&lang=is&q=%D3ttar%20Martin%20Nor%F0fj%F6r%F0%20%20Hn%EDfur%20Abrahams

Hér er rætt við Óttar M. Norðfjörð sem hefur sent frá sér spennusöguna Hnífur Abrahams. Óttar segist hafa lagst í mikla heimildaöflun áður en hann skrifaði Hnífur Abrahams. Sagt er að í bókinni sé greinilega að finna áhrif frá höfundinum Dan Brown. Óttar segir að hver einasti rithöfundur eigi að prófa að skrifa spennusögu, það sé hið ríkjandi bókmenntaform samtímans. Rætt er um hina bók Óttars, ævisögu Hannesar Hólmsteins.

321.

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir. (2007, 10. september). Íslenskur Dan Brown fundinn.

Fréttablaðið, bls. 46. Sótt 3. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=277571&pageId=3972849&lang=is&q=%D3ttar%20Martin%20Nor%F0fj%F6r%F0%20%20Hn%EDfur%20Abrahams

Hér er sagt frá því að bókaútgáfan Bjartur sé að leita að nýjum íslenskum Dan Brown. Útgáfustjóri bókaútgáfunnar Sögu segir að sú leit sé óþörf því bókinn sé þegar fundin. Bókinni Hnífur Abrahams eftir Óttar M. Norðfjörð er líkt við rit Dan Browns. Óttar er sagður viðurkenna fúslega að hann sé undir áhrifum frá þeim höfundi.

322.

Þingað um átök og frið. (2007, 27. nóvember). *Fréttablaðið*, bls. 24. Sótt 2. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=277781&pageId=3980389&lang=is&q=%D3ttar%20Martin%20Nor%F0fj%F6r%F0%20%20Hn%EDfur%20Abrahams

Hér er rætt um bókina *Hnífur Abrahams* eftir Óttar M. Norðfjörð og málþing sem efnt var til vegna útgáfu hennar. Vitnað er í Óttar sem segi að hugmyndin að bókinni hafi orðið til þegar hann vann mastersritgerð sína í heimspeki við Háskóla Íslands. Bókin er sögð spennusaga með sagnfræðilegu ívafi og fjallar að hluta til um átök íslams og kristni. Við útgáfu bókarinnar hafi útgefendur ákveðið að halda málþing sem hét „Er möguleiki á friði.“ Bók Óttars er sögð hafa fengið glæsilega dóma og er líkt við bækur Dan Brown.

Greinar um bækur eftir Rögnu Sigurðardóttur

Ragna Sigurðardóttir

Skot

323.

Í hjartastað. (1997, 16. desember). *Morgunblaðið*. Sótt 3. mars 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=372481

Hér er sagt frá bókinni *Skot* sem gerist í Rotterdam. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og að hún hafi á sér svipmót spennusögu, sé vel byggð og athyglisverð.

324.

Tvö skot. (1997, 2. desember). *Morgunblaðið*. Sótt 3. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=369477

Hér er fjallað um bókina Skot eftir Rögnu Sigurðardóttur. Þetta sé önnur bók hennar og hún gerist í Rotterdam. Sagt er frá því að sagan sé spennusaga, ástarsaga og ævintýri. Haft er eftir Rögnu að hún hafi fengið hugmyndina að sögunni þegar hún hafi séð látinn liggja á götunni við heimili sitt í Rotterdam. Ragna ræðir um persónur og byggingu sögunnar. Hún segir að síðast en ekki síst hafi hún viljað skrifa spennusögu.

Greinar um bækur eftir Ragnar Jónasarson

Ragnar Jónasson

Fölsk nóta

325.

Erla Hlynsdóttir. (2009, 7. nóvember). Of margar feilnótur. *Dv.is*. Sótt 4. mars 2010 af <http://www.dv.is/kritik/2009/11/7/margar-feilnotur/>

Hér er sagt að lesendur bókarinnar Fölsk nóta þurfi ekki að bíða lengi eftir að sagan hefjist. En sá hraði haldist ekki og snúist í raun upp í andhverfu sína þegar líður á. Þurft hefði að vinna betur úr efni og hugmyndum bókarinnar. Rætt er um að þetta sé fyrsta bók höfundar en hann starfi sem lögfræðingur. Greinarhöfundur segir Ragnar fíman með pennann og textann vera góðan. Það hafi þó valdið vonbrigðum vegna þess að ekki hafi verið unnið nógu vel með efni sögunnar, fullt sé af lausum endum og bókin í raun bara unnin að hluta.

326.

Jón Yngvi Jóhannsson. (2009, 22. október). Jón Yngvi rýnir Falska nótu Ragnars Jónassonar: Guðfræðingur í föðurleit. *Pressan*. Sótt 3. mars 2010 af http://www.pressan.is/Menning/Lesa_Gagnryni/jon-yngrir-rynir-falska-notu-ragnars-jonassonar-gudfraedingur-i-fodurleit?page=2&offset=20

Sagt er frá því að bókin Fölsk nóta sé glæpasaga en hafi ekki hefðbundnar persónur slíkra sagna. Enginn miðaldra lögreglufoingi haldi utan um rannsókn mála heldur þurfi söguhetjan að leysa þau sjálfur. Sagt er frá söguþræðinum, að hann sé vel byggður og spennandi. Greinarhöfundur segir að Ragnar hefði getað byggt miklu meira efni í söguna. Honum finnst sagan vera eins og beinagrind að góðri glæpasögu, höfundur kunni að byggja upp söguþráð en það dugi ekki eitt og sér til að fanga lesandann.

327.

Ungur lögfræðingur gefur út sína fyrstu glæpasögu. (2009, 9. október). *Fréttablaðið*, bls. 62. Sótt 5. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=295947&pageId=4390531&lang=is&q=Ragnar%20J%F3nasson%20F%F6lsk%20n%F3ta

Hér er sagt frá bókinni Fölsk nóta eftir Ragnar Jónasson og haft eftir honum að hann voni að pláss sé fyrir bæði hann og bókina á markaðnum. Hann hafi þýtt bækur Agöthu Christie en vilji ekki líkja sér við hana en bæði hafi óvæntan endi í bókum sínum. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og að Ragnar segist hafa fengið hugmyndina að bókinni fyrir þremur árum er hann var staddur í flugvél.

Greinar um bækur eftir Snjólaugu Bragadóttur

Snjólaug Bragadóttir

Setið á svikráðum

328.

Hildur Hermóðsdóttir. (1987, 16. febrúar). Magnea fellur flöt. *Dagblaðið Vísir-DV*, bls. 18. Sótt 2. mars. 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=191000&pageId=2526037&lang=is&q=Snj%F3laug%20Bragad%F3ttir%20%20Seti%F0%20%20E1%20svikr%E1%F0um

Hér er sagt frá því að æ algengara sé að höfundar íslenskra afþreyingabóka velji að láta sögur sínar gerast erlendis, eins og Snjólaug geri í þessari bók. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og greint frá því að hann sé frekar flókinn og langsóttur. Persónur séu staðlaðar, þær séu annað hvort góðar eða vondar.

329.

Jóhanna Kristjónsdóttir. (1986, 14. desember). Undir áhrifum af spennusögum, eins og Kristbjörg. *Morgunblaðið*, bls. 36. Sótt 5. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=120958&pageId=1646126&lang=is&q=Snj%F3laug%20Bragad%F3ttir%20%20Seti%F0%20%20E1%20svikr%E1%F0um

Hér er fjallað um bókina *Setið á svikráðum* eftir Snjólaugu Bragadóttur. Sagt er frá því að með hverri bók sem Snjólaug skrifi verði söguþráðurinn æsilegri. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og finnst greinarhöfundi að Snjólaug hefði mátt vanda sig aðeins betur með þessa bók.

Greinar um Stefán Mána

Stefán Máni

330.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2002). Verkamaður í víngarði Drottins: eða hæfileikinn til að geta komið auga á hið ómerkilega og smáa. Um verk Stefáns Mána. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 12. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=353&module_id=210&element_id=523&author_id=84&lang=1

Hér fjallar Úlfhildur Dagsdóttir ítarlega um nokkur verk Stefáns Mána.

Greinar um bækur eftir Stefán Mána

Hyldýpi

331.

Björn Halldórsson. (2009, 9. desember). Bókaryni-Hyldýpi „Spennandi lesning.”

Miðjan. Sótt 11. mars 2010 af <http://midjan.is/2009/12/09/bokaryni-hyldypi-spennandi-lesning/>

Hér er sagt frá því að Hyldýpi sé níunda skáldsaga Stefáns Mána. Hann hafi hlotið glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann fyrir bókina Skipið. Svartur á leik var tilnefnd til sömu verðlauna árið 2006. Björn segir að í bókinni Hyldýpi beiti höfundur ýmsum hliðum draumaraunsæis og skapi með því myrka og drungalega stemmingu. Hann segir að persónusköpun sé misjöfn, sumar persónurnar séu vandaðar en aðrar ófullgerðar. Greinarhöfundur segir að Stefán Máni hefði mátt eyða meiri tíma í persónusköpun og samantekt söguþráðar.

332.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2009). Atburðir við vatn. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 7. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Stefán%20Máni:%20Hyldýpi

Hér er rætt um bókina Hyldýpi eftir Stefán Mána. Byrjað er að segja frá söguþræði bókarinnar. Síðan er sagt frá því að bókin sé áhugaverð og öflug en að það sé eins og höfundur hafi stytst sér leið hér og þar. Rætt er um að bókin sé að hluta til spennusaga og að hluta til könnun á persónu ungs manns.

Ódáðahraun

333.

Ingvi Þór Kormáksson. (2008). Eiturlyfjabarón gerist businessmaður.

Bókmenntavefurinn. Sótt 7. febrúar 2010 af

http://www.bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Stefá%20Máni:%20Ódáðahraun

Í þessum pistli er rætt um bókina Ódáðahraun eftir Stefán Mána. Greint er frá söguþræði bókarinnar í stuttu máli. Rætt er um vísun bókarinnar í goðafræðina en í byrjun sögunnar missi aðalpersónan, Óðinn úr sér augað og sé því eineygður eins og Óðinn í goðafræðinni. Frásögn bókarinnar er sögð vera hröð og svolítið villt. Greinarhöfundur segir að bókin sé harðsoðinn og líflegur „thriller.“

334.

Stefán Máni. (2002). Að skrifa eða ekki skrifa: Aftur til fortíðar 1 & 2.

Bókmenntavefurinn. Sótt 12. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=352&module_id=210&element_id=522&author_id=84&lang=1

Hér er pistill frá Stefáni Mána. Hann segir frá sjálfum sér, hvar hann hafi unnið og hvað hafi orðið til þess að hann fór að skrifa.

Skipið

335.

Árni Þórarinnsson. (2006, 5. nóvember). Allt eða ekkert. *Morgunblaðið*. Sótt 12. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1112479

Hér ræðir Árni Þórarinnsson við Stefán Mána, höfund skáldsögunnar *Skipið*. Byrjað er á að segja aðeins frá Stefáni Mána og að bókin hans, *Skipið*, hafi verið að koma út. Dómar og viðbrögð fólks séu ekki öll komin í hús en það sem hafi verið sagt lofi góðu. Greint er frá því að áður en Stefán Máni byrjaði að skrifa bókina hafi hann kynnt sér lífið um borð í fragtskipi. Stefán Máni segist hafa verið þunglyndur sem barn og rótlaus unglingur sem flosnaði upp úr skóla. Hann hafi unnið við ýmis störf áður en hann hóf að skrifa og segir að skrifin séu líf sitt. Hann leigi húsnæði undir skrifstofu og þangað fari hann til að skrifa. Hann segir það nauðsynlegt að mæta í vinnuna á hverjum virkum degi.

336.

Davíð Stefánsson. (2007). „Að ferðast án meðvitundar.” *Tímarit máls og menningar*, 68(4), bls. 128-133.

Hér fjallar Davíð Stefánsson um bókina *Skipið* eftir Stefán Mána. Sagt er að bókin hafi vakið athygli um leið og hún kom út. Hún er talin aðgengilegasta bók höfundar, Farið er yfir söguþráð hennar og texta, hvað sé jákvætt og hvað er neikvætt. Davíð segir að skipið sverji sig í ætt við kvikmyndir á borð við til dæmis *Pulp Fiction*. Hann segir bókina skemmtilega aflestrar og hafa ljóðræna dýpt.

337.

Skipið slær í gegn í DK. (2009, 13. júní). *Fréttablaðið*. Sótt 12. febrúar 2010 af <http://www.visir.is/article/20090613/LIFID01/907050688>

Hér er sagt frá því að bókin Skipið eftir Stefán Mána hafi slegið í gegn í Danmörku. Bókin er að fá góða dóma þar í landi. Birst hafi opnuumfjöllun og viðtal við Stefán Mána í blaðinu Politiken. Í Jyllands-Posten fái Skipið fimm stjörnur af sex. Stefán Máni sé að vonum ánægður með dómana og segi þetta hjálpa til því svo komi bókin út í Svíþjóð í haust.

338.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2006). Sjómannslíf-ástir og ævintýri? *Bókmenntavefurinn*. Sótt 11. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Stefán%20Máni:%20Skipið

Hér fjallar Úlfhildur Dagsdóttir um bókina Skipið eftir Stefán Mána. Hún segir að það sem einkenni skáldskap Stefáns Mána sé ofgnótt í tungumáli sem birtist í alltof nákvæmum lýsingum á umhverfinu. Úlfhildur segir að aftur bjóði höfundur upp á ofgnótt með bókinni Skipinu. Fjallað er aðeins um söguþráð bókarinnar og persónur. Greinarhöfundur segir að persónur, stíll og myndmál skapi rafmagnað andrúmsloft sem auðvelt sé að sogast í.

339.

Þórarinn Þórarinsson. (2006, 29. október). Mögnuð sjóferð fordæmdra sála. *Fréttablaðið*, bls 26.

Hér er umfjöllun um bókina Skipið eftir Stefán Mána. Sagt er frá því að bókin sé sjöunda skáldsaga höfundar og að hún einkennist af tilraunum og leit. Greinarhöfundi finnst Stefán Máni sýna að hann hafi spennusagnaformið í höndum sér. Að lokum er sagt frá söguþræði bókarinnar og að höfundi takist vel að fanga stemmninguna sem er um borð í skipinu.

Svartur á leik

340.

Björn Þór Vilhjálmsson. (2004, 3. desember). Undirheimar Reykjavíkur. *Morgunblaðið*, bls. 29. Sótt 12. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=258880&pageId=3619142&lang=is&q=Stef%20M%20ni%20Svartur%20leik

Hér er fjallað um bókina *Svartur á leik* eftir Stefán Mána. Markmið hans með bókinni er sagt vera það að fanga veruleika sem sé sjaldséður og óhugnanlegur. Sagt er frá söguþræði og persónum bókarinnar og því að þó formgerðin sé ekki ný þá sé ýmislegt annað nýstárlegt, líkt og efnistökin. Rætt er um að þrátt fyrir metnað höfundar þá séu margir lausir endar í sögunni en hún samt kröftug og frumstæð.

341.

Dýfði sér í undirheimana. (2004, 11. september). *Fréttablaðið*, bls. 20. Sótt 10. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=264822&pageId=3735878&lang=is&q=Stef%20M%20ni%20Svartur%20leik

Hér er sagt frá því að Stefán Máni hafi lagst í mikla rannsóknar- og heimildavinnu áður en hann skrifaði bókina *Svartur á leik*. Hann hafi farið og kynnst undirheimum Reykjavíkur og séð ýmislegt hrottalegt. Sagt er frá söguþræði bókarinnar í stuttu máli. Haft er eftir Stefáni Mána segir að honum finnist glæpir frekar heillandi og meðan á rannsókninni hafi staðið hafi hann verið farinn að hugsa svolítið eins og glæpamenn hugsa. Hann segist sjá þjóðfélagið öðrum augum eftir kynnin af undirheimunum og að hann hafi ekki gert sér grein fyrir stærð þeirra.

342.

Erna Erlingsdóttir. (2005). „Bissness og blóðhefnd.” *Tímarit Máls og menningar*, 66(3), bls. 97-102.

Í þessari grein fjallar Erna Erlingsdóttir um bókina Svartur á leik eftir Stefán Mána og bókina Dauðans óvissu tími eftir Þráin Bertelsson. Hún segir að góð leið til að vekja athygli á bókum á Íslandi sé að hafa einhver tengsl við raunveruleikann. Greint er frá því Stefán Máni hafi unnið rannsóknarvinnu fyrir bókina í undirheimum Reykjavíkur og Þráinn látið lögfræðinga lesa yfir handritið svo ekki væri hægt að hefja lögsókn á hann. Mikið veður hafi verið gert út af því í fjölmiðlum. Fjallað er nokkuð ítarlega um söguþráð bókanna, hliðstæður þeirra við raunveruleikann og þær bornar saman.

343.

Freysteinn Jóhannsson. (2004, 4. desember). Glæpamenn eru bara fólkið í næsta húsi. *Morgunblaðið*, bls. 11. Sótt 10. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=257943&pageId=3602337&lang=is&q=Stef%20M%20ni%20Svartur%20leik

Hér er rætt við Stefán Mána um bók hans Svartur á leik. Stefán Máni segir að þetta sé fyrst og fremst spennusaga og að hún sé töluvert undir áhrifum frá íþróttahæminum fléttuðum inn í undirheimana. Hann segist hafa kynnt sér starf lögreglu og hvernig undirheimar Reykjavíkur starfa. Farið er yfir persónur og byggingu bókarinnar. Stefán Máni segist vera með næstu þrjár bækur sem hann ætli að skrifa á hreinu.

344.

Stefán Máni. (2004). Glæpasaga Íslands: í þremur stökkum án atrennu. *Tímarit Máls og menningar*, 65(3), 18-24.

Hér byrjar Stefán Máni á að fjalla um Kambránið sem sagt er frá í ritinu Öldinni sem leið 1801-1860. Hann segir að það hafi verið nútímalegur glæpur með nútímalegri rannsókn. Stefán Máni dregur þá ályktun út frá þessu að hugur glæpamanns sé sálrænt fyrirbæri sem ekki hafi breyst neitt í tímans rás, þrátt fyrir þjófélagslegar breytingar og annað slíkt. Með þetta í huga segist hann hafa byrjað að skrifa Svartur á leik sem fjallar að hluta um huga glæpamannsins. Hugur hans og illskan sé það sem drífi bókina Svartur á leik áfram. Hann segist kjósa að kalla söguna fagurfræðilega glæpasögu.

345.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2004). Sveitapiltsins draumur. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 7. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/default.asp?cat_id=821#Svartur%20á%20leik%20eftir%20Stefán%20Mána

Í þessari grein fjallar Úlfhildur Dagsdóttir um bókina Svartur á leik eftir Stefán Mána. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og að stíll Stefáns sé smart, svalur og laus við tilgerð. Greinarhöfundurinn finnst þessi bók vera í einu orði sagt töff.

Stella Blómkvist

346.

Dulúð létt af Stellu í lokin. (2004, 4. maí). *Fréttablaðið*, bls. 38. Sótt 2. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=264408&pageId=3723682&lang=is&q=Stella%20Bl%F3mkvist

Hér er viðtal við Stellu Blómkvist. Byrjað er á segja frá því að búið sé að selja allar bækur hennar til Þýskalands. Stella Blómkvist er dulnefni höfundar sem eingöngu fáir einstaklingar vita hver er. Stella segist ekki skrifa undir dulnefni af því að hún skammist sín fyrir bækur sínar. Fjallað er um aðalpersónu bókarinnar Stellu Blómkvist, hvernig hún hugsar og talar í bókunum. Greint er frá því að eiginlegur höfundur verði áfram leyndardómur þar til hann hætti að skrifa um Stellu. Fyrstu hugmyndir að bókunum hafi orðið til þegar höfundur varð ljóst að flestar söguhetjur í vinsælum spennusögum væru karlmenn. Kveikjan í efni bókana sé það sem höfundur heyrir og sér í kringum sig, ásamt því að þekkja vel til ýmissa samfélagsmála.

347.

Hávar Sigurjónsson. (2001, 31. janúar). „Fullt af krimmum og klámköllum.” *Morgunblaðið*. Sótt 10. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=586467

Hér er birt viðtal sem Hávar Sigurjónsson átti við Stellu Blómkvist þar sem hún er kölluð Drottning spennusagnanna. Í viðtalinu kemur fram að tvær af bókum Stellu muni verða þýddar á þýsku. Stella er spurð hvort hún sé að semja núna og hún segist vera að skrifa þriðju bókina en að efnið sé ennþá leyndarmál. Stellu finnst spennusagan í dag vera á hraðferð upp vinsældarlistann. Hún segir að staðan hafi breyst 1997 þegar fyrsta bók hennar kom út og fyrsta bók Arnaldar Indriðasonar. Hún vonast til að Stella Blómkvist verði sem lengst í banastuði.

348.

Sigurbjörg Þrastardóttir. (2006, 7. október). Ég er Stella Blómkvist. *Morgunblaðið*, bls. 11. Sótt 13. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284005&pageId=4118424&lang=is&q=Stella%20Bl%F3mkvist

Hér er rætt um hver Stella Blómkvist er eða gæti verið. Byrjað er á að segja frá því að þarna hafi greinarhöfundur náð lesandanum með fyrirsögninni því auðvitað sé hún ekki Stella. En hver er þá Stella? Rætt er um hvort að það séu Halli og Laddi, Auður Haralds, Halldór Guðmundsson, Gerður Kristný eða Davíð Oddson. Fjallað er um hver nenni að skrifa án þess að fá persónulega krítik fyrir verk sín en kannski sé það einmitt það sem geri Stellu áhugaverða. Sagt er að það sé furðulegt að hægt sé að halda höfundi leyndum svo lengi. Bent er á að allavega tveir menn viti sannleikann en þeir séu útgáfustjórar Máls og menningar síðustu ár og kannski prófarkalesarinn.

Greinar um bækur eftir Stellu Blómkvist

Morðið í Alþingishúsinu

349.

Silja Björk Huldudóttir. (2002, 11. desember). „Forvitnin er fundvís.” *Morgunblaðið*, bls. 10. Sótt 12. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=251090&pageId=3459486&lang=is&q=Stella%20Bl%F3mkvist

Hér er fjallað um bókina *Morðið í Alþingishúsinu* eftir Stellu Blómkvist og sagt að spennusagnagerð blómstri um þessar mundir. Bent er á að Stella Blómkvist hafi vakið athygli sem höfundur sérstaklega vegna þess að enginn veit hver hún sé. Imprað er á söguþræðinum og persónum, sagt að sagan sé listilega vel sett saman og aldrei dauður punktur í henni. Greint er frá því að bókin skilji lítið eftir sig og sé það einkum tvennt sem valdi því. Í fyrsta lagi sé það hvernig samfélagsspeglunin sé og í öðru lagi vegna þess að Stella sé „ósýmpatísk” sögupersóna. Bókin er hins vegar talin vera ágætis afþreyingarefni.

Morðið í Drekkingshyl

350.

Þórarinn Þórarinsson. (2005, 7. nóvember). Stella í stuði. *Fréttablaðið*, bls. 75. Sótt 27. febrúar 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271014&pageId=3868336&lang=is&q=Stella%20Bl%F3mkvist

Hér er fjallað um Stellu Blómkvist og bókina hennar *Morðið í Drekkingshyl*. Þórarinn segir að hann hafi aldrei þolað Stellu Blómkvist og eingöngu lesið bækur hennar af skyldurækni. Hann lýsir bókunum sem sjoppufæði og segir stíl þeirra sýna að höfundur eyði ekki miklum tíma í skriftirnar. Greinarhöfundur segir að miðað við hvað honum finnst Stella Blómkvist og bækur hennar leiðinlegar sé hann eiginlega vanhæfur til að fjalla um *Morðið í Drekkingshyl*. Hann segir þó að sagan sé skemmtileg og plottið gott. Sú spurning hafi brunnið á fólki hver Stella sé og nokkrir séu nefndir sem mögulegir höfundar. Til dæmis hafi Stefán Jón Hafstein og Davíð Oddson hafa verið nefndir.

Morðið í Hæstarétti

351.

Morð í Hæstarétti. (2001, 31. október). *Dagblaðið Vísir-DV*, bls. 15. Sótt 20. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=200642&pageId=3022324&lang=is&q=Stella%20Bl%F3mkvist

Hér er viðtal við huldukonuna Stellu Blómkvist. Sagt er frá því að hún sé að gefa út nýja bók og að fyrri bækur hennar hafi notið mikilla vinsælda. Stella segir að sagan gerist á nokkrum vikum í Reykjavík. Hún vill ekki segja of mikið um bókina en gefur smá upplýsingar um söguþráðinn og persónur. Stella segir að á síðustu árum hafi spennusagan öðlast nýtt líf og sé það löngu tímabært.

352.

Steinunn Inga Óttarsdóttir. (2001, 12. desember). Réttta formúlan. *Morgunblaðið*, bls. 2.

Sótt 12. mars 2010 af

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=250066&pageId=3429051&lang=is&q=steinunn%20inga%20%F3ttarsd%F3ttir%20%20ekki%20r%20E9tta%20form%FAlan

Hér er rætt um bókina *Morðið í Hæstarétti*. Sagt er að lesendur glæpasagna sækist eftir góðri spennu, dularfullum málum, söguhetju sem hægt sé að dást að, hóflegu ofbeldu og maklegum málagjöldum. Bent er á að sagan sé harðsoðinn reyfari, spennandi og endirinn óvæntur. Persónan Stella sé kaldrifjuð og mikið hörkutól, hún sé sjálfstæð og hagi sér eins og henni sýnist. Greint er frá því að stillinn sé kaldhæðinn, snaggaralegur og húmorinn svartur. Persónurnar séu einhæfar og staðlaðar. Áður hafi glæpasögur verið ótrúverðugar en í dag þegar allt geti gerst eigi það ekki lengur við.

Morðið í Rockville

353.

Þórarinn Þórarinsson. (2006, 7. desember). Skassið verður ekki tamið. *Fréttablaðið*, bls.

99. Sótt 13. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=272778&pageId=3927216&lang=is&q=Stella%20Bl%F3mkvist

Hér er sagt frá því að þetta sé sjötta bók *Stellu Blómkvist*. Bent er á að bækur hennar hafi notið mikilla vinsælda. Þórarinn bendir á að Stella sé svo leiðinleg persóna að hún hljóti að komast á topp tíu listann yfir leiðinlegustu persónur íslenskra bókmennta. Hann segir að þessi bók hafi valdið vonbrigðum, sagan sé klisjukennd. Fjallað er um söguþráðinn, byggingu bókarinnar og persónur. Greinarhöfundur segir að Stella megi fara í fæðingarorlof sín vegna og bókin sé hraðlesið sjoppurit sem standi nokkurn veginn fyrir sínu en persónan Stella sé ópolandi. Bókin fær tvær stjörnur.

Morðið í sjónvarpinu

354.

Hávar Sigurjónsson. (2000, 5. desember). Morð í beinni útsendingu. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=575625

Hér fjallar Hávar Sigurjónsson um bókina *Morðið í sjónvarpinu* eftir Stellu Blómkvist. Hann segir að Stella sé einn af fáum höfundum sem hafi tekist að leyna sínu rétta nafni. Stella Blómkvist sé aðalsögupersóna bókanna, hún sé vel stæður lögfræðingur sem harður sé í horn að taka. Nefnt er að bókin sé einföld í sniðum en samt ágætis bók til yndislesturs.

Morðið í Stjórnarráðinu

355.

Vigdís Grímsdóttir. (1997, 20. nóvember). Það sofnar enginn á Stellu. *Dagblaðið Visir-DV*, bls. 11. Sótt 13. mars 2010 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=197757&pageId=2961888&lang=is&q=%DEa%F0%20sofnar%20enginn%20%E1%20Stellu

Hér er rætt um bókina *Morðið í Stjórnarráðinu* eftir Stellu Blómkvist. Bent er á að þegar bókin sé lesin finni lesandi fljótt til þess öryggis sem klisjan skapar. Sagan er sögð skemmtileg og að enginn sofni yfir henni. Stíllinn sé rennilegur, fjörlegur og með gálgahúmor.

Greinar um og eftir Steinar Braga

Steinar Bragi

356.

Kannski erum við fífl. (2002, 23. nóvember). *Dagblaðið Vísir-DV*, bls. 44-45. Sótt 12. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=201303&pageId=3039066&lang=is&q=Steinar%20Bragi%20%20Hi%F0%20st%F3rfenglega%20leyndarm%E11

Hér er ítarlegt viðtal við Steinar Braga, rithöfund og skáld. Rætt er við hann um lífið, tilveruna, dauðann, skrifin og ljóðagerðina.

357.

Steinar Bragi. (2003). Manifestó um upphaf nýs árpúsunds. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 2. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=360&module_id=210&element_id=538&author_id=85&lang=1

Hér er pistill eftir Steinar Braga þar sem hann fjallar um lífið, heiminn og tilveruna.

Greinar um bækur eftir Steinar Braga
Hið stórfenglega leyndarmál heimsins

358.

Bergsteinn Sigurðsson. (2006, 21. desember). Heimurinn kominn á flot. *Fréttablaðið*, bls. 94. Sótt 2. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=272794&pageId=3928714&lang=is&q=Steinar%20Bragi%20%20Hi%F0%20st%F3rfenglega%20leyndarm%E11

Hér er sagt að Steinar Bragi hafi markað sér braut sem einn áhugaverðasti rithöfundur og ljóðskáld sinnar kynslóðar. Hann skrifi margræðinn og krefjandi texta. Sagt er að bókina *Hið stórfenglega leyndarmál heimsins* sé klassísk glæpasaga að forminu til. Fjallað er um söguþráð og persónur bókarinnar, sagt að Steinar kynni til sögunnar úrval persóna. Bent er á að Steinar Bragi hafi sérstakan stíl og heimssýn hans leggur áherslu á það sem sé ógeðslegt og rotið. Bókin fær fjórar stjörnur og er hún sögð vera krefjandi, myrk og áleitinn.

359.

Kári Páll Óskarsson. (2007). „Heimur án samliðunar.” *Tímarit Máls og menningar*, 68(3), 108-112.

Hér er fjallað um bókina *Hið stórfenglega leyndarmál heimsins*. Farið er í uppbyggingu sögunnar, persónusköpun og velt upp hvers kyns saga þetta er.

360.

Þormóður Dagsson. (2006, 16. desember). Listin á bak við morðgátu. *Morgunblaðið*, bls. 12. Sótt 12. mars 2010 af http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284015&pageId=4118621&lang=is&q=Steinar%20Bragi%20%20Hi%F0%20st%F3rfenglega%20leyndarm%E11

Hér er rætt um bókina *Hið stórfenglega leyndarmál heimsins* eftir Steinar Braga. Sagt er frá söguþræði og persónum sögunnar. Einnig því að Steinar Bragi segist aldrei hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að skrifa glæpasögu. Bent er á morðgáta Steinars Braga sé þéttofin, margslungin og með fjölda persóna innanborðs.

361.

Þórdís Gísladóttir. (2006, 25. nóvember). „Við höfum skapað heim sem hentar okkur.”

Morgunblaðið, bls. 17. Sótt 20. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284012&pageId=4118554&lang=is&q=Steinar%20Bragi%20%20Hi%F0%20st%F3rfenglega%20leyndarm%E11

Hér er sagt frá bók Steinars Braga, *Hið stórfenglega leyndarmál heimsins*. Sagt er að upphaf bókarinnar minni mjög mikið á sögurnar um Sherlock Holmes. Persónur séu margar hverjar þekktar og komnar úr raunveruleikanum okkar. Steinar Bragi er sagður vandvirkur höfundur og lesandinn hnjóti varla um nokkra misfelli.

Greinar um bækur eftir Súsönnu Svavarsdóttur

Súsanna Svavarsdóttir

Dætur hafsins

362.

Katrín Jakobsdóttir. (2005, 25. nóvember). Blóðhiti í hráslaga. *Fréttablaðið*, bls. 76.

Sótt 28. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271282&pageId=3875329&lang=is&q=S%FAsanna%20Svavarsd%F3ttir%201953%20D%E6tur%20hafsins

Hér er fjallað um bókina *Dætur hafsins* og er hún sögð vera eldheit spennusaga. Sagt er frá söguþræði bókarinnar og bent á að hún sé í raun tvær sögur, sagan af rannsókn morðsins og af innri rannsókn Ragnhildar sem var föðursystir hinnar myrtu. Sagt er að spennusagan sjálf nái aldrei miklu flugi en að áhugaverðasti hluti sögunnar sé fjölskyldulíf Ragnhildar.

363.

Steinunn Inga Óttarsdóttir. (2005, 29. nóvember). Engin ögrun, engin glíma.

Morgunblaðið, bls. 4. Sótt 20. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=263007&pageId=3688327&lang=is&q=S%FAsanna%20Svavarsd%F3ttir%201953%20D%E6tur%20hafsins

Hér er fjallað um bókina *Dætur hafsins* eftir Súsönnu Svavarsdóttur. Sagt er frá því að enn fjölgi í spennusöguhópnum. Sagt er frá söguþræðinum, nefnt að bókin sé alltof langdregin þar til í lokin. Greint er frá því að hvorki sé glímt við kynhegðun né kynfrelsi, bæði þessi atriði séu sýnd í klisjulegu og karllægu ljósi.

364.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir. (2005, 12. nóvember). Erótískt morð og klárar konur.

Fréttablaðið, bls. 28. Sótt 22. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271035&pageId=3869031&lang=is&q=S%FAsanna%20Svavarsd%F3ttir%201953%20D%E6tur%20hafsins

Hér er viðtal við Súsönnu Svavarsdóttur um lífið og tilveruna, álit hennar á ýmsum málum og um bókina *Dætur hafsins*.

Viktor Arnar Ingólfsson

365.

Viktor Arnar Ingólfsson. (2002). Af hverju skrifa ég bækur, 5 ástæður.

Bókmenntavefurinn. Sótt 12. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=386&module_id=210&element_id=565&auth_or_id=98&lang=1

Hér fjallar Viktor Arnar um ástæður þess að hann skrifar bækur. Hann segir að fyrsta bókin hans hafi verið svo léleg að hann reyni að skrifa skárri bækur til að moka yfir þá fyrstu. Í öðru lagi ætlaði hann að skrifa kvikmyndahandrit en það var svo dýrt að hann lét sér nægja að myndgera bækur sínar í texta. Í þriðja lagi þá segir hann það forréttindi að fá að skrifa bækur en þurfa ekki að lifa af því. Í fjórða lagi segist hann skrifa til að honum leiðist ekki þegar hann hefur dauða stund. Í fimmta lagi finnst honum gaman að kynnast nýju fólki og það gerir hann með því að skapa nýjar persónur.

366.

Rithöfundur á leiðinni. (2002, 16. nóvember). *Dagblaðið Vísir-DV*, bls. 20. Sótt 24.

mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=201291&pageId=3038757&lang=is&q=Viktor%20Arnar%20Ing%F3lfsson

Hér er ítarlegt viðtal við Viktor Arnar Ingólfsson um lífið, tilveruna, áhrifavalda í lífi hans, uppeldið og ritdóma.

367.

Viktor Arnar Ingólfsson. (2001). Þrír dagar í Mariefred: Norrænar glæpasögur og höfundar þeirra. *Timm: Tímarit um menningu og mannlíf*, 62(3) bls. 55-63

Hér fjallar Viktor Arnar Ingólfsson um norrænar glæpasögur og höfundana sem skrifa þær. Hann byrjar á að segja frá því að honum hafi borist tölvupóstur frá Anders Hammarqvist sem sé einn af varaforsetum SKS: Skandinaviska Kriminalsällskapet. Þar sé honum boðið að koma til Svíþjóðar þar sem bók hans hafi verið tilnefnd til Glerlykilsins. En það eru verðlaun sem veitt eru fyrir bestu skandinavisku bókina. Hann ræðir síðan um hvað sé glæpasaga og hvert sé upphaf glæpasagnaritunar. Greinahöfundur fjallar líka um hverjir hafi hlotið Glerlykilinn í þessari ferð til Svíþjóðar.

Greinar um bækur eftir Viktor Arnar Ingólfsson

Afturelding

368.

Bergsteinn Sigurðsson. (2005, 23. nóvember). Viktor sleppir ekki. *Fréttablaðið*, bls. 72. Sótt 13. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=271279&pageId=3875124&lang=is&q=Viktor%20Arnar%20Ing%F3lfsson

Hér er fjallað um bókina Aftureldingu eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Sagt er frá því að hann ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Bent er á að hugmyndin um morðingja á Íslandi sé djörf og ekki auðvelt að gera hana sannfærandi. Fjallað er um söguþráð og aðalpersónur bókarinnar, sagt að erfitt sé að átta sig á þeim. Bókin er talin vera finn reyfari en samt ekki óskeikul.

369.

Björn Þór Vilhjálmsson. (2005, 15. nóvember). Þegar veiðimaðurinn verður bráðin.

Morgunblaðið. Sótt 10. mars 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1049686

Í þessari grein fjallar Björn Þór um bókina *Aftureldingu* eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Björn segir að *Afturelding* bregði upp mynd af glæpamáli sem sé sérstakt þegar litið er til íslensks veruleika. Sagt er frá því að *Afturelding* sé vel skrifuð skáldsaga, nákvæmar lýsingar og persónusköpun fari vel við framvindu atburðarásarinnar. Nefnt er að söguþráðurinn eigi sér stað á stuttum tíma og að persónusköpun sé nokkuð góð. Greinarhöfundur segir að Viktor Arnar beiti fyrir sig orðalagi sem smellpassi við atburðarásina. Helstu gallar sögunnar eru taldir vera í úrvinnslu fléttunnar.

370.

Ingvi Þór Kormáksson. (2005). *Afturelding*. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 3. mars 2010 af

http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Viktor%20Arnar%20Ingolfsson:%20Afturelding

Í þessum pistli er sagt frá bókinni *Aftureldingu* eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Ingvi Þór veltir því fyrir sér hvað það sé sem orsaki það að hann trúi að raðmorðingi gangi laus hérlendis. Svarið sé að öllu megi trúna nú til dags og allt sé mögulegt. Fjallað er um söguþráð bókarinnar og nefnt að Viktori Arnari finnst gaman að leikjum og gátum. Þessi bók er sögð fyrirtaks skemmtun.

371.

Kristrún Heiða Hauksdóttir. (2006, 2. júní). Afturelding gerir það gott. *Fréttablaðið*, bls. 74. Sótt 22. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=272084&pageId=3900670&lang=is&q=Viktor%20Arnar%20Ing%F3lfsson

Hér er sagt frá því að spennusögur Viktors Arnars njóti mikilla vinsælda og vegur hans fari vaxandi erlendis. Bækurnar Flateyjargáta og Afturelding séu báðar ofarlega á vinsældalista í Þýskalandi. Skýrt er frá því að spennusögur hafi alltaf heillað Viktor Arnar. Hann vilji helst ekki ræða fyrstu bækur sínar, finnst þær ekki vera þesslegar að það þurfi að ræða þær.

Dauðarósir

372.

Komin meiri fylling. (1998, 25. nóvember). *Morgunblaðið*. Sótt 2. febrúar 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=433582

Hér er fjallað um bókina *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason. Sagt er frá því að bókin sé önnur bók höfundar og hún sé spennusaga úr íslenskum samtíma. Fjallað er aðeins um söguþráð bókarinnar. Nefnt er að lítið hafi verið skrifað af íslenskum spennusögum hérlendis miðað við í öðrum löndum.

Flateyjargáta

373.

Aðalbjörg Bragadóttir. (2006). *Blóðörn í Flatey: um Flateyjargátu eftir Viktor Arnar Ingólfsson*. Óbirt BA-ritgerð. Íslensku- og menningardeild.

Í þessari BA-ritgerð er fjallað um bókina Flateyjargátu eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Byrjað er á að ræða þá gífurlegu aukningu sem orðið hefur á vinsældum glæpasagna. Síðan er rætt um hvernig saga Flateyjargáta er og einkenni hennar. Að endingu er greint frá því um hvað hún fjallar, hvernig fléttan sé og fleira slíkt.

374.

Dagfarsprúður hlaupagikkur. (2008, 12. apríl). *Fréttablaðið*, bls. 22.

Hér er sagt frá Viktori Arnari Ingólfssyni í pistlinum „Maður vikunnar“. Fjallað er um æviágrip Viktors og hvað hann hefur unnið sér til frægðar. Talað er við vini Viktors og heyrt hvað þeir hafa um hann að segja, bæði um kosti hans og galla.

Sólstjakar

375.

Hefur selt 150 þúsund bækur í Þýskalandi. (2009, 28. september). *Fréttablaðið*, bls. 30.

Hér segir frá því að bók Viktors Arnars Ingólfssonar, Sólstjakar komi í verslanir 1. október og verði gefin út í Þýskalandi næsta vor. Þýskaland sé annar eða þriðji stærsti bókamarkaður heims og því afrek að fá bók útgefna þar. Sagt er frá því að bókin Sólstjakar hafi upphaflega bara átt að gerast í Þýskalandi. En svo hafi það æxlast þannig að hún gerist mestmegnis á Íslandi og hafi útgefandi Viktors verið ánægður með það. Fólki sem sjái um útgáfuna í Þýskalandi sé aðallega að fiska eftir glæpasögum sem gerast hérlandis.

376.

Hermann Stefánsson. (1998, 10. nóvember). Einstæðingar. *Morgunblaðið*. Sótt 11. mars 2010 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=430432

Hér er fjallað um bókina Engin spor eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Sagt er á bókarkápunni að bókina sé hefðbundin sakamálasaga en greinarhöfundur segir það ekki alveg rétt, hún sé líka fjölskyldusaga. Rætt er um að Viktor Arnar hafi greinilega unnið heimavinnuna sína þegar hann skrifaði þessa sögu.

377.

Illugi Jökulsson. (2009, 13. nóvember). Fulltrúi ráðgátunnar. *DV.is*. Sótt 12. febrúar 2010 af <http://www.dv.is/kritik/2009/11/13/fulltrui-radgatunnar/>

Hér fjallar Illugi Jökulsson um bókina Sólstjarkar eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Hann segir að ef Arnaldur Indriðason sé fulltrúi sósíalraunsæis í íslenskri glæpasagnagerð og Árni Þórarinsson skrifi eins og amerískir töffarahöfundar þá sé Viktor Arnar fulltrúi ráðgátunnar. Greinarhöfundur segir að sagan haldi lesanda vel við efnið og bókina sé fín glæpasaga.

378.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2009). Blóð í Berlín. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 12. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Viktor%20Arnar%20Ingolfsson:%20Sólstjarkar

Í þessum pistli er rætt um bókina Sólstjarkar eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Úlfhildur bendir hér á að það sem geri bækur Viktors skemmtilegar sé hversu vel hann hugar að smáatriðum. Hún segir að hann sé einn þeirra sem hafi komið hinni svokölluðu glæpasagnabylgju af stað. Í þessari bók sýni hann og sanni að hann er meðal þeirra bestu í greininni. Hér er aðeins sagt frá söguþræði, hvar sagan gerist og frá persónum bókunarinnar.

379.

Úlfhildur Dagsdóttir. (2002). Viktor-Arnar-Ingólfssonargátan, eða það er gaman að glíma við gátur Viktors. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 12. febrúar 2010 af http://bokmenntir.is/hofundur.asp?cat_id=387&module_id=210&element_id=566&auth_or_id=98&lang=1

Hér ræðir Úlfhildur Dagsdóttir um verk Viktors Arnars Ingólfssonar. Hún segir að rithöfundarferill Viktors skiptist í tvo hluta. Fyrst hafi hann gefið út tvær bækur 1978 og 1982 og síðan Engin spor 1998 og Flateyjargátu 2002. Fjallað er frekar ítarlega um þessar bækur í greininni.

380.

Þórhildur Ólafsdóttir. (2009, 6. desember). Bókaryni-Sólstjaka eftir Viktor Arnar. *Miðjan.is*. Sótt 7. febrúar 2010 af <http://midjan.is/2009/12/06/bokaryni-solstjaka-efir-viktor-arnar/>

Þessi grein fjallar um bókina Sólstjaka eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Þórhildur segir að byrjun bókarinnar minni hana svolítið á Agöthu Christie. Sagt er að Viktor Arnar hafi getið sér gott orð sem spennusagnahöfundur. Hann hafi dottið niður á góða formúlu og fylgi henni vel í þessari bók. Viktor Arnar sækir innblástur meðal annars til glæpasagnahefða frá Bandaríkjunum, Norðurlöndunum og Bretlandi. Greinarhöfundur segir Viktori takast vel upp við að flétta margar sögur saman og að allt gangi upp hjá honum í þessari bók.

Yrsa Sigurðardóttir

381.

Diljá Mist Einarsdóttir. (2008, 13. nóvember). „Ný glæpasagnadrottning.” *Deiglan-vefrit um þjóðmál*. Sótt 28. mars 2010 af <http://www.deiglan.com/index.php?itemid=12305>

Hér fjallar Diljá Mist Einarsdóttir um bækur Yrsu Sigurðardóttur. Hún byrjar á að segja að á meðan efnahagsástand þjóðarinnar er eins og það er þá sé gott að minnst þess að Íslendingar eru ríkir bókmenntalega séð. Nefnt er að fyrsta sagan sem hafi komið út eftir Yrsu sem ekki er barna- eða unglingabók sé Þriðja táknið. Sagt er frá því að bókin hafi verið gefin út á yfir 30 tungumálum í um 100 löndum. Rætt er um söguþráð bókarinnar og sagt frá því að hún hafi hlotið góða dóma allstaðar. Sænskir gagnrýnendur hafa kallað Yrsu „nýju glæpasagnadrottninguna”. Næsta bók, Sér grefur gröf hafi komið út árið 2006 og þá hafi verið búið að selja útgáfurétt bókarinnar út um allan heim. Greint er frá því að sú bók hafi einnig fengið góða dóma.

382.

Freyr Gígja Gunnarsson. (2009, 17.apríl). Yrsu hrósað í Independent. *Fréttablaðið*, bls. 32. Sótt 12. mars 2010 af <http://www.visir.is/article/2009694537449>

Hér er sagt frá því að bók Yrsu Sigurðardóttur, Sér grefur gröf hafi verið hrósað mikið í stórblaðinu The Independent. Í blaðinu sé nefnt að á Íslandi hafi ekki allt hrúnið og sagt að glæpasagnalistin lifi góðu lífi eins og bók Yrsu sanni.

383.

Helga Kristín Einarsdóttir. (2005, 20. nóvember). Auðveldara að skrifa en lifa.

Morgunblaðið. Sótt 10. mars 2010 af

http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1050727

Hér ræðir Helga Kristín Einarsdóttir við Yrsu Sigurðardóttur. Byrjað er á að segja frá því að Yrsa sé ekki auðveldur viðmælandi. Hún geti talað um allt milli himins og jarðar en þegar komi að henni sjálfri sé hún hlédræg. Sagt er frá því að fyrsta bókin sem Yrsa hafi sent frá sér hafi verið barnabókin Þar lágu Danir í því sem kom út 1998. Hún hafi fengið verðlaun fyrir tvær barnabækur sem hún hafi skrifað. Sagt er að áður en Yrsa byrji að skrifa þá hugsji hún „um eitthvað ógeðslegt.“ Hún ákveði oftast upphafið og endinn áður en hún byrji að skrifa. Greint er frá því að útgáfuréttur á síðustu bók Yrsu hafi verið seldur út um allan heim og sé það frekar óvenjulegt með fyrstu bók. Greinarhöfundur spyr því Yrsu hvort hún sé Stella Blómkvist, því neitar hún staðfastlega. Sagt er frá því að Yrsa sé verkfræðingur að mennt en að hún segist hafa stefnt á læknisfræði eftir stúdentspróf. Greint er frá hverra manna Yrsa er, í hvaða skóla hún hefur farið og hvaða vinnu hún hefur stundað. Hún segir frá fjölskyldu sinni og fyrirkomulaginu þeirra. Rætt er um áhuga erlendra útgefanda á bókum Yrsu og að hún haldi að hann sé vegna þess að hún vilji skrifa um hrylling og spennu. Einnig megi þakka því að Arnaldur sé búinn að ryðja brautina. Að lokum segir Yrsa að það sé miklu auðveldara að skrifa en lifa lífinu.

384.

Yrsa og Carter á bókamessu. (2008, 4. júní). *Fréttablaðið*, bls. 30.

Hér er rætt við Yrsu Sigurðardóttur um bókmenntahátíð sem hún er nýkomin heim af. Hún segir að hún hafi ekki gert sér grein fyrir hvað festivalið væri flott fyrr en hún hafi komið á staðinn. Meðal gesta sem fram hafi komið á hátíðinni ásamt Yrsu hafi verið Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna. Á hátíðinni hafi Yrsa setið fyrir svörum og rætt vítt og breitt um glæpasögur.

Aska

385.

Ingibjörg Rögnvaldsdóttir. (2007). Fjöldamorð í Eyjum. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 6. febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Yrsa%20Sigurðardóttir:%20Aska

Hér fjallar Ingibjörg Rögnvaldsdóttir um bókina Ösku eftir Yrsu Sigurðardóttur. Skýrt er frá því að þessi bók eins og hin fyrri, hefjist á morði og síðan færast sjónarhornið yfir til aðalsögupersónunnar Þóru. Farið er yfir söguþráð bókarinnar og sagt frá því að hún sé samtímasaga sem gerist á nokkrum vikum sumarið 2007. Nefnt er að stíllinn hér sé liprari en í fyrri sögum Yrsu. Greint er frá því að í bókinni séu sterkar kvenpersónur en karlmenn standi í skugga þeirra.

Auðnin

386.

Páll Baldvin Baldvinsson. (2008, 18. nóvember). Yrsa mætt með hörkutrylli.

Fréttablaðið, bls. 39. Sótt 22. mars 2010 af

http://www.timarit.is/view_page_init.jsp?issId=278477&pageId=4010581&lang=is&q=Yrsa%20Sigur%F0ard%F3ttir

Hér er sagt frá bókinni Auðninni eftir Yrsu Sigurðardóttur. Sagt er frá því að þessi krimmi sé vel heppnaður. Greint er frá því að Yrsa hafi liðið fyrir að vera ekki ein af rithöfundarslektinu. Rætt er um söguþráð bókarinnar og persónur.

Horfðu á mig

387.

Brynhildur Heiðarsdóttir. (2009, 21. desember). Horfðu á mig „skemmtilega yfirdriffin spennusaga.” *Miðjan.is*. Sótt 20 mars 2010 af <http://midjan.is/2009/12/21/bokaryni-horfdu-a-mig-skemmtilega-yfirdriffin-spennusaga/>

Hér fjallar Brynhildur Heiðars/Ómarsdóttir um Horfðu á mig eftir Yrsu Sigurðardóttur. Hún segir frá söguþræðinum í stuttu máli og nefnir að sagan sé vel skrifuð og hrollvekjandi. Brynhildi finnst fjöldi söguþráða í bókinni það helsta sem dragi úr ánægju við lesturinn. Hún segir að Yrsa nái ekki að tengja öll málin nógu vel saman.

388.

Katrín Jakobsdóttir. (2009). Hryllingur í Úlfarsárdal. *Eyjan.is*. Sótt 8. febrúar 2010 af <http://bokaormurinn.eyjan.is/>

Hér rýnir Katrín Jakobsdóttir í bók Yrsu Sigurðardóttur, Horfðu á mig. Hún segir Yrsu hafa sannað sig sem glæpasagnahöfund með bókunum um lögfræðinginn Þóru Guðmundsdóttur. Rakinn er söguþráður bókarinnar og sagt að hér þurfi lesandi að fara í Hans- og Grétuleik því höfundur dreifi vísbendingum líkt og brauðmolum alla söguna. Greinarhöfundur segir bókina vera vel fléttaða og spennandi.

Sér grefur gröf

389.

Ingibjörg Rögnvaldsdóttir. (2006). Morð undir Jökli. *Bókmenntavefurinn*. Sótt 6.

febrúar 2010 af

http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Yrsa%20Sigurðardóttir:%20Aska

Í þessari grein fjallar Ingibjörg Rögnvaldsdóttir um bókina *Sér grefur gröf* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Skýrt er frá því að glæpasögum eftir konur hafi ekki fjölgað þó að framboð á íslenskum glæpasögum hafi aukist. Sagt er frá því að þó að aðalpersóna bókanna sé lögfræðingur sé ekki hægt að flokka þær sem lögfræðidrama eins og til dæmis bækur Grishams og Lisu Scottoline. Farið er yfir söguþráð bókarinnar og sagt að Yrsa sé flinkur höfundur sem kunnir að skapa spennu og gera flókinn söguþráð. Greinarhöfundur segir að veikleiki sögunnar liggja í stílnum sem sé stírdur, sérstaklega í samtölum.

390.

Þórarinn Þórarinnsson. (2006, 25. nóvember). Þóra gefur ekkert eftir. *Fréttablaðið*, bls.

108. Sótt 29. mars 2010 af

